



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skaftafellssýsla. Landamerkjabók 1884-1958



1.

Landamerki Eskeyjar eru þessi:

Af fjörunni þar sem kletturinn austast á Hreiðarshól ber austan í Flateyjarstöðulinn, þaðan sjónhending í klett vestast í Höfðanum við jökulinn. Land á jörðin inn að þvermörkum Heinabergs, sem eru þar sem Hestgerðishnútan ber í nyrðsta hólinn á Gerfisholti og í bleika skriðu í Setbergsheiðinni. Eystri mörkin þar sem Hesthóll austan megin og Mjaðmarkletturinn bera saman þegar staðið er á fjörunni; síðan sjónhending af Mjöðm í klöpp vestan við Bjarndýrshól, og þaðan beina línu að þvermörkum Heinabergs. Ítaks-skóg og hagbeit á jörðin á Heinabergsdal að helmingi móti Heinbergseiganda, sem kemur fyrir hálfu Skinneyjarfjöru, sem tekin er úr Eskeyjarlandi.

Eskey 12. maí 1884.

Landamörk þessi samþykkjum við undirskrifaðir:

Eiríkur Guðmundsson

Ísleifur Runólfsson

Jón Jónsson

Jón Hálfðánarson yngri

Sigurður Benidiktsson

Jón Jónsson

Eiríkur Guðmundsson (fyrir hönd Bjarna Hálfðánssonar)

Magnús Mensaldursson

Jón Ófeigsson

Lesið á manntalsþingi að Holtþingstað í Mýrahreppi 19. maímán. 1884 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 1

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið:

a, fyrir þinglýsingu 0.75,

b, fyrir bókun 0.25

– ein króna – Sigurður Ólafsson



2.

Landamerki Heinabergs eru þessi:

Úr kletti þar sem Höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum; þaðan sjónhending út þangað, sem Hestgerðishnútan fremst ber í nyrsta hólinn á Gerfisholti, og í bleika skriðu í Setbergsheiðinni. Eystri mörkin eru úr vörðu í eystra Sandskeri, sjónhending í vörðu, sem stenst á við áður nefnd þvermörk; jörðin á hálfu Skinneyjarfjöru, sem tekin er úr Eskeyjarlandi móti skógi og hagbeit á Heinabergsdal að helmingi móti Heinabergi. Þriggja hrossa beit á jörðin í Flateyjarlandi móti skógi á Heinabergsdal; einnig torfristu í Bakkalandi móti skógi í Bakkatindi í Heinabergsdal.

Ofanskriðu landamörk samþykkjum við undirskrifaðir.

Eskey, 12. maí 1884

Eiríkur Guðmundsson

Jón Ófeigsson

Ísleifur Runólfsson

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Jón Hálfðánarson yngri

Sigurður Benidiktsson

Lesið á manntalsþingi að Holtapíngstað í Mýrahreppi ^{19. maím. 1884} og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 2
vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0.75
b, fyrir bókun	<u>0.25</u>
	kr. 1.00

Ein króna. Sigurður Ólafsson



3.

Landamerki jarðarinnar Hlíðar í Skaptártungu:

1. Milli Ása og Hlíðar ræður hinn forni merkigarður, er liggur frá Grófará að austan og að Tungufljóti að vestan.
2. milli Svínadals og Hlíðar, frá eystri endanum á merkigarðinum ræður Grófará upp að upptökum hennar, í svo kallað Marksker, sem þar er; úr Markskeri í Berjafellsvörðu.
3. milli Grafar og Hlíðar; úr Berjafellsvörðu á vörðu í Grafarhólmi, útundir Tungufljóti;
4. Að vestan ræður Tungufljót takmörkun Hlíðar allt að vörðu austanvert við Tungufljót, nokkru fyrir norðan Jarðbrúargilsminni.

Hlíð 10. júní 1884

Brandur Tómasson

Valgerður Ólafsdóttir

Sigríður Sveinsdóttir

Kristín Símonardóttir

Lesið upp á manntalsþingi að Leiðvelli 17. júní 1884, og ritað í landmerkjabók Skaptafellssýslu N^o 3.
vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a) fyrir þinglýsingu 0,75
b) fyrir bókun 0,25
kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



4.

Mark milli Fagradals og Bólstaðar:

Þvermark að framan bólgilið upp og niður, og svo eftir brúnunum inn að Þuragilshaus fremri í vörðu sem hlaðin er þar. Samþykkt af okkar undirskriftuðum

Fagradal 10. júní 1883

M. Björnsson

Jón Gunnsteinsson

Í samengi af ofan nefndum mörkum er milli Fagradals og Víkur úr fyrnefndri vörðu á Þuragilshaus sjónhending vestur á Kjósnaþrýr allt vestur á Uxafótalæk, ræður svo lækurinn suður af heiðinni allt suður undir sjó. – Fjörumark: 3 vörður hlaðnar bera hver í aðra beint í sjó frá neðsta fossi Uxafótalækjar.

Elsa Dorothea Þórðardóttir

H. Jónsson

M. Björnsson

Fjörumark milli Fagradals og Kerlingardals: Bernivarða á að bera í upphlaðna vörðu á hryggnum framan á Hviltarhólnum, samþykkt af okkur undirskriftuðum

E. Gunnsteinsson

A. Andrés�on

M. Björnsson

Sömuieiðis á Fagradalurinn skógarítak í Hrafnshól í Hrífunesheiði.

M. Björnsson

Lesið á manntalsþingi að Loftsalahelli 21. júní 1884, og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu N^o 4 vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a) fyrir þinglýsingu 0,75
b) fyrir bókun 0,25
kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



5.

Víkur landamörk

Þórshafnarklakkur stendur í sjó austan undir Reynisdraungum, og er vesturbrún hans og egginn þar uppaf, og uppá brún mark milli Víkur og Reynishverfis, ræður svo brúnninn á Reynisfjalli norður í fjallsenda tinda, þaðan beina stefnu í vesturenda á mokuðu keldunni, ræður svo keldan austur að gili, þaðan beina stefnu í gilbotninn sunnan í Götuskál, og þaðan sjónhending ofantil sunnan í Kennarafelli nyrðra, og ræður sú stefna austur á móts við Uxafótarlæk, sem ræður suðurundir sjó að austan milli Fagradals og Víkur, og er fjörumarkið að austan 3 vörður, er bera hver í aðra, og allar svo vestan við neðsta fossinn í Uxafótagili, en að vestan er Þórshafnarklakkur markið. Vík á slægjustykki á Hvammsárbökkum, vestan við Fossmýri, sem kallað er Víkurteigur, að sögn manna lagt frá Fossi fyrir hagbeit í Víkurlandi fyrir kyr í 8 vikur í annað mál. Ennfremur á Vík Skógaritak í Hrísnesi í Skaptártungu.

Vík 21. júní 1883

G. Halldórsdóttir, E. Þórðardóttir (ábúendurnir í Vík)

Samþykkir hinsvegar skrifuðum landamerkjum

G. Gíslason

Finnbogi Einarsson

Lesið á manntalsþingi að Loftsalahelli 21. júní 1884. og ritað i landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 5. vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a) fyrir þinglýsingu 0,75
b) fyrir bókun 0,25
kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá Dilksness.

Milli Hafnanes og Dilksness eru þessi mörk: Þúfan í Dilksnesskjóli, og sjónhending í þúfunu á Slitru, þaðan og í mitt sund milli Lúrnaskjers og Hríseyjar, og svo út í miðjan ál. Milli Þinganess og Dilksness: úr miðjum ál og í Hríseyjarkamb (sem er mitt á milli Hríseyjanna) þaðan sjónhending í há Lúrna^{ness}skershólinn og í Grámerarpoll, þar sem flóð gengur efst í Míganda. Milli Hóla og Dilksness: úr Grámerarpoll og sjónhending í þúfunu nyrst á Holtinu þaðan og í utanverðan Hólahöfða og svo í Kálfaklöpp í austanverðu Lækjarnesi. Milli Arnanes og Dilksness eru mörk austan úr Kálfaklöpp og eptir miðjum ál og út fyrir Dilksness-skjól. Eyjar á Dilksness í sínu landi. Meira partinn af Slitru, Slitruskjer, Hrísey, Mígandaness-hólma, Mígandaness-höfða, Þúfuhólma og Stöðlaskjer. Ítök í Hafnaneslandi: Krossey og Kjeseishöfða. Skógarítak á jörðin í Þórisdalslandi (í Lóni) frá Þinganesshöfða og innað Gráugilpum; að norðan ræður Laxá, að ofanverðu brýr.

Í Dilksnesslandi á Hafnanes: beit fyrir gældneiti á vetrardag, og skógarhögg á 5 hesta í Dilksnesskógi.

Dilksnessi 8. dag mai mánaðar 1885

Einar Steffánsson

Guðrún Einarsdóttir

Eymundur Jónsson

Páll Þorarinsson

Jón Guðmundsson

Jón Jónsson (fyrir mína hönd og síra Markúsar Gíslasonar)

Jón Einarsson

Jón Ólafsson

Þorunn Þorleifsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 6, vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a) fyrir þinglýsingu	0,75
b) fyrir bókun	<u>0,25</u>
	kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá Hafnanes.

Austanmegin milli Hafnanes og Dilksness ræður sjónhending úr þúfu á Dilksness-skjóli í þúfu á Slitru þaðan í mitt sund milli Hríseyjar og Lúrnaskers og út í miðjan ál, þaðan í Vitaðsgjafa og svo ræður állinn suður.

Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: Hrafnasker, partr úr Slitru, Lynghólmi, Lúrnasker, hálf Kellingarey, Tréhólmi, Krókalátrsey, Ægissíðuhólmi, Lyngey, Standeyjarþúfa, Standey, Álaugarey.

Vestanmegin ræður sjónhending úr Akrey í Arfaskersnagg, þaðan í Vendejarhöfða, þaðan í miðjan Kaplahólma-ál, þaðan bein lína inn ál.

Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: Arfasker, Sandbakkasker ytra og innra, Háey, Vendej, Langhólmanessker ytra og innra, Kaplhólmi, Króarhólmi.

Ítök sem Hafnanes á í annarra lönd:

Skógarítak í Dalslandi, þar sem heitir Hafnarnesskógur.

Hagbeit handa geldnautum um vetr í Dilksness-landi, skógarhögg á 5 hesta árlega í Dilksness-skógi.

Ítök sem aðrar jarðir eiga í Hafnarness-landi: Krossey og Kexishöfði tilheyra Dilksnesi.

Jón Jónsson (einnig fyrir hönd síra Markúsar Gíslasonar)

Einar Steffánsson (umboðsmaður)

Jón Einarsson

Jón Ólafsson

Jón Guðmundsson

Guðrún Einarsd.

Eymundur Jónsson

Páll Þórarinsson.

Lesið á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 7 vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



8.

Skrá yfir mörk fyrir Haukafellslandi,

á milli Raufarbergs og Haukafells: Hornmark, Hellusker sem er í aurnum suður af jarðföllum í hálsdalsár fossinn efra, þaðan í Haukafells-heiðarhnúkinn; þaðan beint í hlíðarrotið þaðan í sandmerkis-heiðarhnúkinn og svo beint í jökul; aptur á milli Holta og Haukafells úr áðurgreindu Helluskeri í klett á Sörkushólum, og svo í þúfu vestast á Sinuhjöllum.

Ítök:

1. Fjöru á jörðin fyrir Borgarlandi, að austan skal vera akhlíð milli borgeyjar og staðareyjar (milli Borgarfjöru og Haukafellsfjöru), að vestan milli Raufarbergsfjöru og Haukafellsfjöru, Kíðaklettur skal bera í þúfunu á Hellirsholti,
2. Skógarítak á Borg í Haukafellslandi milli stóru-skriðu og Borgarskógsness á Kolgrafardal.
3. Upprestur fyrir 40 fjár á Einholt á flánum.

Haukafelli 2. maí 1884

Jón Jónsson umráðarmaður Þorarins Erlendssonar

G. Jónsson (umboðsmaður)

Jón Guðmundsson

Jón Ófeigsson

Jón Jónsson

Þessa landamerkjaskrá samþykkir vegna Einhólts og Borgar

Jón Jónsson

Jóhann Steffánsson umráðamaður Sv. Eiríkssonar

Lesið á manntalsþingi að Holtum 11. maím. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 8. vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



Landamerki jarðarinnar Holts á Síðu eru eptir því sem jeg veit vissast, sem síðar greinir.

Landamerki milli Holts og Skálar; fyrir vesturkanti Holtsins er úr markhelli við Hraunamela bein lína í vörðu framm af miðju Holtslóni og úr sömu vörðu yfir mitt lónið í Holtsá vestanundir staðarholtstanganum og úr því ræður Holtsá að Hamarsnefi, og frá Hamarsnefi lina mitt á milli hánorðurs og útnorðurs til afrjettar. Landamerki milli afrjettar og Holtsins að norðan úr hrauninu norðan við Leiðólfsfell: lína í Lauffetshorn fyrir suður og austur kanti Holtsins úr fyrnefndri markhelli, nýja hraunbrúnin að útmælingu lækjarbakkans. Fyrir austur kanti Holtsins og Heiðar samkvæmt ómunatíðar brúkun, úr Fjað[ur]ár mynni, lína mitt á milli hásuðurs og landsuðurs að dalsbæarlandi, svo ræður Fjaðurá norður að efstu upptökum og þaðan lína á milli hánorðurs útnorðurs til afrjettar.

Jörðinni fylgir ítak, hálfur reki af Ásafjöru

Holti 9. mai 1885

R. Jónsson

Ofanritaðri landamerkjalyngu, erum við undirskrifaðir ábúendur kringumliggjandi jarða, samþykkir.

Br. Tómasson

Kjartan Ólafsson Skál

Einar Sigurðsson Hólmi

Einar Bjarnason Heiði

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Erasmus Árnason eigandi jarðarinnar Odda

Ásgrímur Pálsson Heiðarseli

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 17. júnim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssyslu nr. 9. vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



10.
Markalýsing.

Mark milli afrjettanna, ytri Skóga hverra afrjettir kallaður er Skógafjall og ytri Sólheima, sem kallaður er Hvítmaga, er Jökulsárgil, sem Jökulsá rennur nú framúr, og hefur runnið svo lengi sem elstu menn muna til.

Ytri Skógum og Ytri Sólheimum 14. júní 1885.

K. Jónsson, fyrir handsal Oddur Sveinsson

Vigfús Þorarinsson

Einar Guðmundsson

Þorleifur Jónsson

Sæmundur Árnason

Sverrir Magnússon

Jón Ólafsson nafnið handsalað

handsalsvottar

Arni Jónsson

Friðrik Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Loptsalahelli 22. júnim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skapafellssýslu nr. 10.

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum landeign þjóðjarðarinnar Hemru í Leiðvallahreppi.

Tungufljót ræður landamörkum að austan suður í Eldvatn, svo ræður Eldvatnið suður á móts við efstufit, svo sjónhending úr Eldvatninu í Kálfá, þannig að efstafyt, vatnshóll og syðri Skógarhólmur eru aðeins innan Hemrulandamerkja svo ræður Kálfá vestur að Lambagljúfri, svo Lambagljúfur vestur að gildrusteini, þaðan sjónhending í Steingil sem fellur í Hólmsá, landamörkum að vestan ræður Hólmsá, frá Steingilsmynni norður að Villingaskógármynni, þaðan sjónhending austur í Skóganípu, frá Skóganípu sjónhending austur í Illagil, sem fellur í Tungufljót.

Svo á Hemran slægjuítak, Flögumýri, innan Grafar landamerkja, svo á Gröfin aptur á móti vetrarbeitar ítak á mörk innan Hemru Landamerkja.

Hemru 20. apríl 1885

Jón Einarsson

Samþykkur: Gunnar Vigfússon á Flögu

[Samþykkur:] Árni Sigurðsson á Snæbýli

[Samþykkur:] Kristín Símonardóttir Gröf

[Samþykkur:] Sæmundur Jónsson Borgarfelli

[Samþykkur:] Sigríður Sveinsdóttir Hlíð

[Samþykkur:] Brandur Tómasson Ásum

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni í Leiðvallahreppi 25. júním. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 11
vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Borgarfells í Skaptartungu:

Að austan og norðan: – að austan ræður Grafará frá því hún fellur í Tungufljót upp undir svo kallað Raunkulækjarmynni; úr Raunkulækjarmynni beina línu í markvörðu á svokölluðum Búlandsgötum við Grafará; síðan ræður Grafará upp undir Þrætugilsmyggi; úr Þrætugilsmyggi beina línu í Varðagilsmyggi við Tungufljót. – Að vestan og sunnan: - Að vestan og sunnan ræður Tungufljót þar til áður nefnd Grafará fellur í það.

Borgarfelli 23. maí 1885

Sæmundur Jónsson (ábúandi Borgarfells)

Ólafur Pálsson

Samþikk: Kristín Símonardóttir Gröf

[Samþykkur:] Jón Einarsson Hemru

[Samþykkur:] Arni Sigurðsson Snæbýli

[Samþykkur:] Gestur Bárðarson Ljótastöðum

[Samþykkur:] Sigurður Sigurðsson Ljótastöðum

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni í Leiðarvallahreppi 25. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 12.

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hvams í Skaptártungu.

Að norðan og austan: – að norðan er markið úr Selárminni í Marsker, úr Markskeri yfir Blesamýri í Leiningaá og ræður Leiningaá og svo Búlandsá æg í Lónið og svo fram úr miðju Lóninu í vörðu fyrir sunnan landvatnið og svo beina línu í landsuður í brunanum suður í gjádal. – Að sunnan: að sunnan beina línu í Hvamsárminni, síðan ræður Hvamsá að Markvörðu sunnan megin við ána; úr Markvörðunni beina línu í berjafellsvörðu. Úr berjafellsvörðu beina línu í vörðu á Grafar-hraunfelli; sömu línu í Marksker á Engidalsbrunnum; úr Markskeri niður í svo kallaðan Engidalsskurð, sem síðan ræður niður í Tungufljót. – Að vestan: – að vestan ræður Tungufljót upp undir áður nefnt Selárminni.

Hvammi 11. júní 1885

Árni Gunnsteinsson ábúandi Hvams

Samþykkur: Vigfús Runólfsson Búlandi

[Samþykkur:] Valgerður Ólafsdóttir Svínadal

[Samþykkur:] Kristín Símonardóttir Gröf

[Samþykkur:] Gestur Bárðarson Ljótastöðum

[Samþykkur:] Sigurður Sigurðsson Ljótastöðum

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni í Leiðarvallahreppi 25. júním. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 13.

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum landeign bónda eignarjarðarinnar Snæbýlis í Leiðvallarhrepp.

Að austan ræður Tungufljótið landamörkum, suður að Illagilsminni, þaðan sjónhending vestur í Skóganípu, þaðan sjónhending vestur í Skógarminni, sem fellur í Hólmsá. Svo ræður Hólmsá landamörkum að vestan, norður að Bleykjalingsgilsminni, þaðan sjónhending austur í Katta-hriggsá; svo ræður Kattahriggsá austur í Seljadalsá, svo ræður Seljadalsá austur fyrir Grashól, þaðan beina sjónhending austur í Tungufljót.

Snæbýli dag 17. febrúar 1885.

Árni Sigurðsson

Jón Einarsson á Hemru

Gestur Bárðarson Ljótastöðum

Sigurður Sigurðsson Ljótastöðum

Sæmundur Jónsson Borgarfelli

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni í Leiðvallahreppi 25. júnim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 14
vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –
Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum landeign þjóðeignarjarðarinnar Ljótastaða í Leiðvallahreppi.

Tungufljót ræður landamörkum að austan, norður að þvergljúframinni, svo ræður þvergljúframinni landamörkum vestur svo langt sem það nær; þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá, svo ræður Hólmsá landamörkum að vestan suður að Bleikjalingsgilsminni, þaðan sjónhending austur í Kattahriggsá, svo ræður Kattahriggsá austur í Seljadalsá, svo ræður Seljadalsá austur fyrir Grashól. Þaðan beina sjónhending austur í Tungufljót.

Ljótastöðum 24. janúar 1885

Gestur Bárðarson, Sigurður Sigurðsson

Br. Tómasson, fyrir hönd hreppsnefndarinnar

Sæmundur Jónsson Borgarfelli

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Samþikkur: Arni Sigurðsson Snæbýli.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 25. júnimán. 1885 og ritað í landamerkjabók Skapta-fellssýslu nr. 15

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum landeign þjóðjarðarinnar Flögu í Leiðvallahreppi.

Landamörkum að vestan ræður Hólmsá frá Steingilsminni suður að Björgilsminni, þaðan sjónhending austur í Valasetur, þaðan sjónhending í Fauskalækjargljúfursbotn, svo ræður Fauskalækjargljúfur austur að Skerhóli, svo sjónhending úr Fauskalækjargljúfurskjapti austur í Fauskalækjarminni sem fellur í Eldvatnið, hjá markvörðu sem þar er reist; svo ræður eldvatnið landamörkum að austan norður að Efstufit, þaðan sjónhending í Kálfá að eins vestan við Efstufit, vatnshól, og siðri Skógarhólm; svo ræður Kálfá vestur að Lambagljúfri, svo Lambagljúfur vestur að Gildrusteini, þaðan sjónhending í Steingil, sem fellur í Hólmsá.

Flögu 3. júní 1885

Gunnar Vigfússon

Samþikkur: Jón Einarsson Hemru

[Samþykkur:] Einar Bjarnason Hrínesi

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni í Leiðvallahreppi 25. júní mán. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 16

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki þjóðjarðarinnar Gröf í Skaptartungu.

Að vestan: að vestan ræður Grafará frá því hún fellur í Tungufljót uppundir svo kallað Raunkulækjarminni, úr Raunkulækjarminni beina línu í Markvörðu á svokölluðum Búlandsgötum við Grafará, síðan ræður Grafará upp undir þrætugilsminni, úr þrætugilsminni beina línu í Varðagilsminni við Tungufljót, síðan ræður Tungufljót upp að svo kölluðum Engidalsskurði. – Að norðan: að norðan ræður Engidalsskurður úr honum í marksker á Engidalssbrúnum, úr markskeri beina línu í vörðu á Grafarhraunfelli, sömu línu í Berjafellsvörðu. – Að austan og sunnan. – að austan úr Berjafellsvörðu í Markvörðu í Grafarhólmi við Tungufljót, síðan ræður Tungufljót upp undir aður nefnda Grafará.

Gröf 22. júní 1885

Kristín Símonardóttir ábúandi Grafar

Samþykkur: Sæmundur Jónsson Borgarfelli

[Samþykkur:] Árni Gunnsteinsson Hvammi

[Samþykk:] Sigríður Sveinsdóttir

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 25. júnim. 1885 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 17.

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið: a, fyrir þinglýsingu	0,75
b, fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Reiðará í Lóni innan Austur-Skaptafellssýslu.

Að austan; á móts við jörðina Svínhóla: úr Háskiphólahrauni sjónhending og í skriðumót í Reiðarártindi, svo norður eptir eggjunum á tindinum og í Skammártind, úr norðurbrún Skammártinds sjónhending ofan Kollafellsvarps, þann sama röðul norður Hrannagilstind, svo inn eptir egginni, og í Svartagilstind ~~norðan~~^{austan} verðan, þaðan beint ofan og í upptök Reiðarár. Að vestanverðu við jörðina Bæ, ræður fyrst Reiðaráin fram í Grjótárgljúfur, þaðan bein lína og í svo kallað Grundarhraun; úr Grundarhrauni og í þúfuna á Þinghrauni, úr þeirri sömu þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Kallteigsbakka, úr þúfunni sjónhending út í ~~Lónið, sem~~ Lónið, sem verður við svokallað Markkílsmynni. Skógareign á jörðin Reiðará, Koltungu á Bæjardal að kaupi

Reiðará 7. janúar, ár 1886
Sigurður Sigurðsson.

Að jeg sje ásáttur með þessa landamerkjaskrá að mínu leiti, fyrir jörðina Bæ, votta jeg hjer með.

Hlíð 8. januar 1886
Eiríkur Jónsson eigandi

Að þessi landamerki sjeu rjett, vottast hjer með
Sigmundur Sigmundsson eigandi

Að þessi landamerki sjeu rjett, vottar
Guðmundur Guðmundsson á Bæ.

Ofanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur.
Jón Ófeigsson eigandi.

Ofanskriafaða landamerkjaskrá samþykki jeg fyrir jörðina Svínhóla.
Jón Þorsteinsson (eigandi) Bragðavöllum í Alptafirði.

Ofanskriafaða landamerkjaskrá samþykki jeg fyrir jörðina Bæ.
Sigurður Guðmundsson (eigandi)

Þessum landamerkjum samþykkur
Jón Þorsteinsson á Sævarhólum

Ofanskriafaða landamerkjaskrá samþykki jeg fyrir jörðina Bæ.
Guðmundur Finnbogason (eigandi) (handsalað)

Þessa landamerkjaskrá samþykki jeg fyrir jörðina Svínhóla
Sveinn Bjarnason (eigandi)

Lesið á manntalsþingi að Bæ 3. maim. 1886, og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 18.
vottar Sigurður Ólafsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald:

a. fyrir þinglýsingu	0,75
b. fyrir bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki Holta eru þessi:

Að sunnanverðu Lamboddasker við Hornafjarðarfljót, og þúfan á bringunum fyrir neðan Holtahraun, þaðan sjónhending í þúfuna upp á hamrana vestur, þaðan í þúfuna upp á Digurholti þaðan í vestanverða hamrana á Háfjalli. Að norðanverðu eru mörkin úr þúfu á Sinuhjöllum, og í klett á Sörkushólum, þaðan í Hellissker, þaðan í brimganginn, þaðan í þúfu á Tjarnarhrauni, þaðan í Tarfshól, þaðan í þúfu á Arnarbæli fyrir vestan Viðborðssel þaðan í þúfu hjá Merkikeldu á Stórhólssvæðubökkum, þaðan í Skúmsker þaðan sjónhending út í Hornafjarðarfljótum, þaðan í Kríusker, þaðan sjónhending út fljótin miðja vegu milli Lamboddaskers og Skógeyjarhöfða.

Ítök jarðarinnar eru:

Þessi skógarítök í Viðborðslandi: hálfar Maríutungur, hálfur Litli-holmi, Viðarhálsar, Holtatorfa, Holtahöfði, half litla díma.

Skógarítök í Svínafellslandi; hálf Stóra-Díma.

Ítök annarra jarða í Holtalandi

Viðborð á 9 hrossa beit og nokkurra sauðkinda. Raufarberg á engjaitak, sem kallað er Raufarbergsdæld.

Landamörk þessi samþykkjum við undirskrifaðir.

Holtum 4. maí 1884.

Jón Jónsson

Jón Ófeigsson

Jón Guðmundsson.

Þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur vegna Einholts og Bjarnarness.

Bjarnanesi 15/5, 84

Jón Jónsson

Fyrir hönd sr. Sveins Eiríkssonar, G. Jónsson

Magnús Ófeigsson

Jón Jónsson í umboði síra P. Erlendssonar.

Lesið á mantalsþingi að Holtum 6 maim. 1886, og ritað í afsals- og veðbrjefabók landamerkjabók Skaptafellssýslu nr 19.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

a. fyrir þinglýsingu 0,75

b. fyrir bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá um landamerki jarðanna Vindborðs og Vindborðssels. (það er allt sama jörð)

Fyrst hornmark að vestan gagnvart Raufarbergi, varða á Arnarbæli, vestan við Vindborðssel, þaðan bein lína í landamótsgjótahelluna, þaðan beint ~~beint í beint~~ í Miðfellshnúkinn í Grjótárdölum, þaðan beint í Grænafellshnúkinn, þaðan beint austan í hamrana ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri, þaðan beint í jökul. A milli Holta og Vindborðs, að sunnan: úr áðurgreindri Arnarbælisvörðu í þúfu á Merkikeldubakka á Vindborðshólmum, og beint í Skúmsker í Hornafjarðarfliótum milli Mýrahrepps og Nesjahrepps, úr skúmskeri og inn úr fljótum sjónhendingu milli Vindborðs og Gildruskers, síðan milli Litlu-Dímu og Stóru-Dímu, og svo í jökul milli Vindborðshálsa og Jökulfells. Vindborðshálsar eru allir á Vindborðslandi.

Ítök jarðarinnar:

Fjörumörk að vestan, milli Einholtsfjöru og Vindborðs: Skógeyjarhöfðinn beri í há Svínafells-göltinn hæstan; að austan milli Hvanneyjarkróks og Vindborðsfjöru, þar sem Einholtsklettar bera svo jafnt að austan, að hinn innri nær ekki fram fyrir hinn ytri. Beit fyrir 9 hross á jörðin í Holtalandi og nokkrar sauðkindur. Einholt á skógarítak á Viðborðsdal, einnig eiga jarðirnar Raufarberg og Holtar skógarítök þar.

Vindborðseli 12. maí 1884

G. Jónsson

Jón Jónsson

Benidikt Kristjánsson

Magnús Ófeigsson

Jóhann Steffánsson

Eiríkur Guðmundsson

Jón Ófeigsson

Hallur Bergsson

Benidikt Bergsson

Jón Jónsson (umboðsmaður Þórarins Erlendss.)

Jón Guðmundsson

Þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem umráðamaður Einholts

Bjarnanesi 5. d maím 1886

Jón Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Holtum 6. maím 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 20
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurður Ólafsson



Landamerki Flateyjar eru þessi:

Af fjörunni austan í svonefndan Hreiðurshól og svo sjón sjónhendingu austan í Flateyjarstöðulinn og í syðsta klettinn í Heiðnubergshöfðum. Þessi landamörk eru að austan: milli Flateyjar og Sævarhóla: úr syðstu melþúfunni sem er fyrir austan Sævarhólaklettinn á fjörunni, og svo sjónhendingu í vörðu uppi í aurnum, sem á að bera austan í Hanýpu, sem er austast í Skálafellslandi. Jörðin á fjöru fyrir sínu landi, og eru hin sömu fjörumörk og, landmörk. Jörðin á beit inn að jökli. Ítaksskóg á jörðin í Heiðnabergsdal, aptur á Heiðnaberg þriggja hrossa beit í Flateyjarlandi.

Þessa landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir.

Jón Jónsson,

Ísleifur Runólfsson

Sigurður Benidiktsson

Jón Þorsteinsson

Páll Benidiktsson

Jón Jónsson

Jón Hálfðánarson

Jón Hálfðánarson (yngri)

Páll Bjarnason

Ari Hálfðánarson

Páll Þórarinsson

Jón Benidiktsson

Eiríkur Guðmundsson, Jón Ófeigsson, Jón Jónsson, (eigendur Eskeyjar)

Ingunn Sigurðardóttir

Jón Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Holtum þann 6 maim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 21 vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



22.

Dalshöfða 11. júní 1886

Þetta eru landamörk jarðarinnar Dalshöfða í Fljótshverfi:

~~Brunna~~ Eystramark: Brunná kemur úr jökli, hún ræður að austan fram að kletti austan megin við ána, sem er einstakur skammt fyrir norðan skerhnúk vestan megin við ána, sem þúfa heitir. Úr klettinum liggur markið og vestur í Þúfu, sem er norðaustan undir Dalsfjalli; nú ræður Dalsfjall fram úr á þann hátt, að Seljaland á að austan allt, svo langt vestur, sem steinn veltur austur af, fram í hábrún; eptir það liggur markið niður úr svonefndri Marktorfu, beina leið í klöpp á Selá á milli bæjanna Dals og Seljalands, úr þeirri klöpp og beint í Orustuhól út á móts við svokallaðan Háaklett

Vestramark: Úr Háakletti liggur markið norður úr hrauni, mitt á milli Grenhálsa og Bæjarskers, norður í þvermark það sem skiptir heiðalandi og afrjetti. Þá ræður þvermarkið austur að fljóti, en fljótið ræður eptir það norður í jökul.

Þórarinn Þórarinsson á Seljalandi

Anes Jónasson á Hruna

Jón Jónsson á Teigingalæk

Guðlaugur Guðmundsson á Þverá

Páll Einarsson á Brattalandi.

Lesið á manntalsþingi að Kleyfum 19. júním. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 22 vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalýsing Skaptárdalsins innan Vestur-Skaptafellssýslu árið 1886.

Úr vörðu vestan til á Miðselfellinu beina línu í fossinn fyrir norðan Myrartorfuna, og svo beina línu úr Mýrartorfu-fossinum að Búlandsmarki, og svo beina línu úr vörðunni á Miðselfellinu í Eystri-Leirumýrarhólinn, og í þann vestri, og beina línu úr Vestri-Leirumýrarhól í toppinn á Leiðólfsfelli og norður að eldhrauni, og svo beina línu til vesturs út að Miðvatni að Búlandslandi, og svo ræður Miðvatnið fram úr, fyrir vestan Heljarkamb, en fyrir austan Búlandshóla og í Markhólma austan til í Miðvatninu, og svo línu úr nefndum Markhólma til suðurs að Árlandi.

Samkvæmt máldaga Búlandskirkju á hún ítak í landareigninni, svo nefnt Leynivíðarhraun.

Framskrifað landamerkjaskjal, er af mjer, eiganda Skaptárdalsins, samið eptir því sem jeg veit fyllst og rjettast.

Magnús Magnússon.

Framanskriafaða landamerkjalýsingu, antökum við eigendur og ábúendur kringum liggjandi jarða.

Runólfur Þórisson í Holti á Síðu.

Þorleifur Guðmundsson á Á

Vigfús Runólfsson á Búlandi

Sæmundur Jónsson á Borgarfelli (hrepptjóri)

Kjartan Ólafsson á Skál

Ólafur Pálsson eigandi Skálar og umráðamaður Árinnar

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júnim 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 23.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum eignalönd Þykkvabæjarklaustursjarðarinnar Grímstaða, eru þessi:

a. Að austan verðu og að sunnan:

Úr vörðu, sem er á milli svo nefndra Klepurhöfða; varðan stendur fyrir ofan tjörnina, sem er á milli þeirra, úr henni beina sjónhendingu í vörðu með stiku í, á Þorvarðartóttum, Úr henni ræður Skarðsfjörugatan beina leið til sjávar, sem er nú vel stikuð; þá kemur að austanverðu fyrir Grímstaðalandi, Lyngafjara, svo Búlandsfjara og Grímstaðafjara vestast.

b. Að austan og norðan:

Úr Vestra-Grímstaða-fjörumarki í Árfjallsöxl, svo í vörðu, sem stendur í Andrjesartanga, og þaðan í stiku fyrir austan Ós, úr henni og í vörðu, sem ber í Staðarholt, uppi undir Skurðinum, úr því ræður Skurðurinn landamörkum, þangað til að varða kemur út við skurðinn að austan.

Að ofangreindum landamörkum liggja lönd jarða þeirra er hjer skal greina:

Að austan, Oddaland, að vestan, Klaufarland syðst, svo Ósland og Bakkakotsland efst, að norðan Lyngaland fyrir ofan Skurðinn.

Grímsstöðum 21. júní 1886

Guðmundur Eyjólfsson

Ormur Sverrisson

Jón Jónsson

Ólafur Sveinsson

Markús Jónsson

Margrjet Jónsdóttir

Friðfinnur Sigurðsson

Erasmus Árnason

Jón Ásmundsson

Sigurður Sigvaldsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr 24.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – Sigurður Ólafsson



Landamörk umhverfis jörðina Odda í Leiðvallahreppi eru þessi:

- a. Norðausturhornmark lands þessa er varða milli svonefndra Klepurhöfða, þaðan liggur marklínán sjónhendingu fyrir austan hádegisstað suður í Þovarðartóttir, þaðan áfram í Skarðsfjörugötu, og ræður hún úr því til sjávar.
- b. Úr nefndri vörðu liggur marklínán til austnorðurs í stiku þá, sem stendur við norðausturenda Lyngalands, í gömlum kvíslarfarveg; úr því ræður nefndur kvíslarfarvegur beina stefnu austur úr melum í stiku þá, sem er austur í Oddatöglum, og svo beint í fjörumarkið milli Svínadals- og Slíafjörü að rekamáli. Vestan að landinu liggur Grímstaðaland; að norðan, Eystri-Lynga- og Slíaland.

Oddum, hinn 24. júní 1886.

Erasmus Árnason

Ofanskriafaðri lýsingu erum við samþykkir, og ritum því nöfn okkar hjer undir til staðfestu.

Sveinn Sveinsson

Einar Ólafsson

Ólafur Sveinsson

Markús Jónsson

Guðmundur Eyjólfsson

Ormur Sverrisson

Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr 25.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk umhverfis eignarlönd jarðarinnar Undirhrauns eru þessi:

Að norð-vestan er hornmark Fagurhóll, þaðan liggur marklínan beina leið ^{austur} í Barnkerlingu, sem er norð-austur-hornmark; úr Barnkerlingu sjónhendingu í Kerlingu, sem er klettur framan í hraunbrúninni; úr síðarnefndri Kerlingu, beina sjónhendingu að sjó í þverrima, fram að stiku ~~nni~~, sem stendur í leirunni fyrir ofan Efrieyjaregg, sem er suð-austur-hornmark; úr þeirri stiku liggur markið sjónhendingu í vörðu á vesturbakka Sandodda; er stefnan úr stikunni að sjá í fremra horn á Hafursey; úr vörðunni heldur merkjalínan sömu stefnu áfram, út í Landárfarveg, sem liggur fyrir austan Leiðvallarhólma, svo eptir nefndum Landárfarveg, alla leið upp að botni hennar; úr honum upp í Fagurhól.

Að sunnan liggur Rofabæjar og Sandaland, að vestan Leiðvallarland, ^{að norðan Ásaland} og að austan Botna og Skarðsland og Efrieyjarland.

Undirhrauni, hinn 12. dag júnimán. 1886

Árni Árnason

Bjarni Sverrisson

Þorsteinn Þorgerðarson

Ofanskráðum landamörkum erum við samþykkir

Karitas Brynjólfsdóttir

Jón Jónsson

Ingim. Eiríksson

Páll Ingimundsson

Helga Jónsdóttir

Ingibergur Ólafsson

Sv. Magnússon

Bjarni Jónsson

Filippus Jónsson

Sveinn Ingimundsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í Landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr.

34

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum eignarlönd Þykkvabæjarklaustursjarðarinnar Sanda
– þar með er Rofabæjarland – eru þessi:

Að norðaustan er stika sett í leirunni fyrir ~~æg~~^{ofan} Eggina, á hún að standa í beinni stefnu ~~stefnu~~ úr þverrima á Kerlingu; úr stiku þessari liggur markið fram í þverrimaenda nyrðri, síðan eptir honum og úr syðri enda hans beina leið til sjávar í hádegisstað, – það er hið gamla búmannshádegi – ; úr fyrst nefndri stiku liggur marklína beina leið út í hinn forna fljótsfarveg, og er stefnulína sú að sjá í fremra hornið á Hafursey, og eru vörður settar á línu þeirri, önnur á Sandoddbakka vestanverðum, hin á Hólmabakka, úti undir þverál; þaðan ræður hinn forni fljótsfarvegur, fram eptir fyrir austan hólma, sem stendur fyrir austan Mýrahöfða, og þaðan fram að vestra fjörumarki, sem að sögn er: „Grjóteyri beri í Hlíðarmýri.“ Fjara þessi er talin tólf hundruð faðmar tólfræð. Af þessu landi ber Rofabæ, sem talinn er þriðjungur úr Söndum, Norðausturhornið, og þriðjungur af öllu öðru landi og sandauðnum, samt vötnum, fyrir utan mýrina fyrir austan kvíslar fyrir framan Beinistött, Bæjarhólm og Sandodda og því, er þar liggur á milli, og er í merkjaskrá fyrir Rofabæ nákvæmlega skýrt frá, hvað Rofabæ nú tilheyrir.

Söndum og Rofabæ, hinn 19. dag junimán. 1886

Guðmundur Loptsson

Guðmundur Ísleifsson

Ingim. Eiríksson

E. Einarsson

Ofanskrifuðum landamörkum erum við samþykkir

Sv. Magnússon

Bjarni Jónsson

Sveinn Ingimundsson

Filippus Jónsson

Runólfur Runólfsson

Bjarni Sverrisson

Þorsteinn Þorgerðarson

Arni Arnason

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Páll Símonarson

Páll Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnimán. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 35

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurður Ólafsson



Landamörk fyrir landi umboðsjarðarinnar Efríeyjar í Leiðvallarhreppi eru, sem nú skal greina:

Að sunnanverðu milli Koteyjar og Efríeyjar, varða hornmark, í útnorður af svokallaðri Lambatjörn, við línu þá, sem tekin er úr Þverrima í Kerlingu; úr nefndri vörðu í vörðu í Miðflóðarás, og það áfram austur í vörðu á Strimpurima, sem er hornmark milli Efríeyjar og Bakkakots, og úr henni beina línu í þúfu á Bakkakotsrima, sem ræður úr því að austanverðu upp á Efríeyjaregg, en allt fyrir norðan hana á Efríeyjum austur að skurði, sem er landamark milli Efríeyjar og Langholts, og ræður hann að norðan vestur eptir þar til Höfðakvísl tekur við, sem þá er landamark milli Efríeyjar og Skarðsjarða, og svo úr vesturenda hennar beint í vestur að línu þeirri, sem áður er nefnd úr Þverrima í Kerlingu, og er hún mark milli Efríeyjar og Undirhrauns. Fjöru á Efríey, sem liggur milli Klaufarfjöru og Koteyjar tólfhundrað faðmar að lengd, og er mark til beggja enda stika, sem bera skal í Árfjallsæxl-horn.

Efríey 5. júní 1886

Sv. Magnússon

Bjarni Jónsson

Filippus Jónsson

Sveinn Ingimundsson

Markús Jónsson

Hinsvegar skrifuðum landamörkum erum við samþykkir.

E. Einarsson

Ingim. Eiríksson

Árni Árnason

Þorsteinn Þorgerðarson

Bjarni Sverrisson

Páll Ingimundsson

Ingibergur Ólafsson

Runólfur Runólfsson

Sigurður Sigvaldsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 36. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Leiðvallar í Vestur-Skaptafellssýslu:

Að norðaustan: Fagurhóll, og úr honum beina línu í Geitluhóla, og þaðan beina línu vestur í Kúðafljótsfarveg.

Að vestan ræður sá gamli Kúðafljótsfarvegur fram í þvermarkið milli Sanda og Leiðvallar

Að austan. Fagurhóll og þaðan í botninn á Landárfarveginum; þaðan ræður sá gamli Landárfarvegur suður í þvermarkið milli Sanda og Leiðvallar.

Leiðvelli 16. júní 1886

Jón Jónsson

Br. Tómasson

Bjarni Sverrisson

Þ. Þorgerðarson

Árni Arnason

Ingim. Eiríksson

G. Loptsson

Guðmundur Ísleifsson

E. Einarsson

Jón Jónsson

Páll Símonarson

Runólfur Gunnsteinsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr.

37

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum landareign þjóðjarðarinnar Hrísness í Skaptártunguhreppi:

Landamörkum að austan ræður Eldvatnið frá Fauskalækjarminni suður að Holmsármynni, svo ræður Hólmsá að sunnan vestur að Baugadæld, svo ræður Baugadæld vestur í Leirá, svo ræður Leirá vestur að Hvítanesstorfu, sem er við Hólmsá, svo ræður Hólmsá landamörkum að vestan, norður að Björgilsmynni, úr Björgilsmynni sjónhending austur í Valasetur, úr Valasetri sjónhendingu í Fauskalækjar-gljúfurs-botna, svo ræður Fauskalækjargljúfur austur að Skerhól, þaðan sjónhendingu í Fauskalækjarmynni, sem fellur í Eldvatnið milli tveggja varða.

Ennfremur skal þess getið að Kirkjubæjarklausturs-jarða-leiguliðar í Dyrhólahreppi, taka árlega skóg í Hrísnesslandi, en hvernig sá brúkunarrjettur er undir sig kominn, veit jeg ekki.

Hrísnesi 8. júní 1886.

Einar Bjarnason (ábúandi)

Gunnar Vigfússon á Flögu

Runólfur Gunnsteinsson á Skálmarbæ

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 38. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalysing Búlandstorfunnar innan Vestur Skaptafellssýslu árið 1886.

Að norðan, úr Hánypugili sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna til vesturs. Að vestan ræður Tungufljótið fram að Selármynni; úr Selármynni sjónhendingu til austurs í Marksker. Úr Markskeri í Leiningaá, sem ræður þar til hún fellur í Búlandslón; þaðan stefnu í vörðu fram af miðju lóninu, úr nefndri vörðu línu yfir Brunan, beint til dagmálaátta, að Árlandi; þaðan ræður áttinn til norðurs, sem rennur til landsuðurs, austan megin við Gjádalinn; frá honum lína við Árlandið í hólma á veginum, með vörðu, austarlega í Miðvatnið við Skaptárdalsland; þaðan ræður Miðvatnið austan við Búlandshóla, en vestan við Heljarkamb; þaðan ræður miðvatnið norður á móti áðurnefndu Hánypugili til vesturs. Jörðunni fylgja, samkvæmt máldögum kirkjunnar, kirkjuítök Hertíðarholt í Skálarlandi, Búlandsnes í Árlandi, og Leiniviðarhraun í Skaptárdalslandi og Búlandsfjara fyrir Grímstaðalandi.

Framanskrifað landamerkjaskjal, er af okkur, eigendum Búlandstorfunnar, samið eptir því, sem við vitum fyllst og rjettast. Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Runólfur Jónsson bóndi á Holti á Síðu
Eyjólfur Guðmundsson bóndi á Á á Síðu
Vigfús Runólfsson á Búlandi
Sæmundur Jónsson, Borgarfelli (hrepstjóri)

Ofanskriafaða landamerkjalyssingu antökum við undirskrifaðir.

Þorleifur Guðmundsson á Á (handsalað)
Magnús Magnússon bóndi á Skaptárdal á Síðu eigandi og ábúandi
Árni Gunnsteinsson bóndi á Hvammi
Valgerður Ólafsdóttir ábúandi Svínadals
Jón Jónsson á Grímstöðum vegna Skaptártungu afrjettarins
Jón Einarsson samþykkur, hreppsnefndarmaður.
Ólafur Pálsson, sem eigandi Skálar
Markús Jónsson á Grímstöðum.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21 júnimán. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 39.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing	0,75
Bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalysing jarðarinnar Svínadals í Vestur-Skaptafellssýslu 1886.

Að norðan, úr Berjafellsvörðu í vörðu við Hvammsá, svo ræður Hvammsá, þar til hún fellur í Eldvatnið, þaðan austur yfir Gjádal, þaðan á Gráhól, þaðan beina línu til landsuðuráttar í markvörðu, þaðan beina línu í suðurátt að Ásalandi, í vörðu, er þar er; úr henni beina stefnu til vestur útnorðuráttar, að Grófarárlónsmynni, svo ræður Grófará að Markskeri, úr því í Berjafellsvörðu. Jörðin á fjöruítak fyrir Oddalandi.

Valgerður Ólafsdóttir ábúandi Svínadals

Framanskriafaðri landamerkjalytingu erum við, eigendur og umráðamenn, samþykkir.

Porleifur Guðmundsson bóndi á Á
Runólfur Jónsson bóndi á Holti
Vigfús Runólfsson á Búlandi
Kjartan Ólafsson bóndi á Skál
Karitas Brynjólfsdóttir ábúandi á Botnum
Br. Tómasson
Árni Gunnsteinsson bóndi á Hvammi
Sigríður Sveinsdóttir á Hlíð
Kristín Símonardóttir á Gröf

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnímán. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr 40.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing	0,75
Bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Herjófsstöðum.

Að austan, milli Holts og tjeðrar jarðar, úr Grænhól á hala í mjósundstanga; að sunnan, við stöðuvatnið, þar merkigarður byrjar í Staðarþúfu, sem er hornmark; úr því hornmarki að sunnan í Langanef og Einbúa í Hraunbæjarhæð, og svo í Hniðbjörg í Kerlingardalshögum; en að vestan er mark, þar sem sýslunefnd álitur hreppaskil á Mýrdalsandi. Hagar allir sem Holt og Herjófsstaðir eiga, sambeitarland, sambeitarland norður að Leirá. Fjara fylgir Herjófsstöðum, sem liggur milli Bólhrauna og Kerlingardalsfjöru; sömuleiðis afrjettur eptir jarðarmegni, Einhyrningsfjöll og Atlæy, sem liggur milli Hólmsár og jökuls og norður fyrir Brytjalæki.

H. Bjarnson

P. Bjarnason

Bjarni Jónsson

Bjarni Þorsteinsson

Runolfur Árnason

Jón Símonarson

Steinunn Helgadóttir

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21 júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 41. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Skálmarbæ:

Úr Fljótsmarki í Smalaskála, þaðan í hornmark; svo ræður Holtslækur; frá honum í Markholt, svo í Einiberjahól, svo í Grænhæðarmark, þaðan í Ljósavatnalækshól; svo bein lína norður þangað, sem Baugadeild myndast úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eptir Hólmsá austur í Flögulón, svo úr Flögulóni suður eptir fljótsfarveg hinum forna, fyrir austan Jórvíkursanda, fram að hinu að ofan greindu Fljótsmarki, sem er suður-hornmark

Skálmarbæ hinn 18 júnímán 1886

Runólfur Gunnsteinsson, Jón Sigurðsson

Jórvíkurhryggjum Jón Jónsson, Páll Símonarson

Hrísnesi Runólfur Árnason, Einar Bjarnason

Leiðvelli Jón Jónsson

Holti Steinun Helgadóttir, Jón Símonarson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr 42. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá um landamerki þjóðjarðarinnar Jórvíkur.

Frá Mýrum, til austurs og vesturs: fyrst, Grjóteyrartangamark, úr því vestur í Merkigarð, sem liggur í landsuðurhorn á Mjóásvatni, og það vestur í útnorðurhorn á vatninu, norður í mark, sem stendur í heygarðshliði á vesturbæ á á Hryggjunum, og upp í hornmark við Holtslæk, þaðan austur í Smalaskála og austur í Fljótspark

Samþykkt í Jórvík þann 20. júní, anno 1886

Jón Jónsson, Páll Símonarson

Skálmarbæ, Runólfur Gunnsteinsson, Jón Sigurðsson, Runólfur Árnason

Holti, Steinunn Helgadóttir, Jón Símonarson

Mýrum, Páll Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landmerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 43. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Holti.

Efstamark, að austan milli Holts og Skálmarbæjar; úr Baugadeildargili í Hrísneshólmi, sem er hornmark í Ljósavatnalækshól, þaðan í Grænhól, svo í Einberjahól, svo í Markholt; síðan ræður Holtslækur í hornmark, úr því í rúst á túni á vesturjörð Jórvíkurhryggja, þaðan í Staðarþúfu; úr Staðarþúfu í Merkigarðsenda, að sunnan við stöðuvatnið; að norðan við Holts- og Herjólfstaðavatn; úr Mjósundstanga í Grænhól á Hala. Hagar allir, sem Holt og Herjólfstaðir eiga, sambeitarland norður að Leirá. Afrjettir eptir jarðarmegni, Einhyrningsfjöll og Atlaey, sem liggur milli Hólmsár og jökuls norður fyrir Brytjalæki.

Runólfur Árnason

Jón Símonarson

Steinunn Helgadóttir

Þorsteinn Bjarnason

Jón Andrjesson

Hjörtur Bjarnason

Páll Símonarson

Jón Jónsson

Jón Sigurðsson

Runólfur Gunnsteinsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 44. vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk umhverfis eignarlönd Þykkvabæjarklaustursjarðarinnar Bakkakots eru þessi:

Útsuðurhornmark er varða, sem stendur fyrir norðan tótt á rímanum fyrir ofan fjárhúsin frá Fjósakoti; þaðan beina stefnu í markþúfu á Bakkakotsríma, og beina leið upp í Skurðsfoss, síðan austan með Skurðfossi, svo austan með skurðinum, austur á móts við mark á Krókmel, sem er á leiðinni beina sjónhendingu í stiku á milli Óss og Möngutótta, sem stendur í leirunni; úr þeirri stiku í Kýmaki; úr Kýmaki í fyrstnefnda vörðu; er nú stefnulína að sjá í framanvert Höttufjall.

Bakkakoti hinn 18. júnimán. 1886

Markús Jónsson

Einar Magnússon

Runólfur Runólfsson

Sigurður Sigvaldason,

Guðmundur Einarsson

Halldór Sveinsson,

Bjarni Jónsson

Sveinn Ingimundsson,

Filippus Jónsson

Sverrir Magnússon,

Ormur Sveinsson

Jón Jónsson,

Guðmundur Eyjólfsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júnim. 1886 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 45.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki Hóla.

Að vestanverðu eru þessi landamerki: Úr nyrstu þúfunni á Hestshól uppí Arnarhamar austast, þaðan yfir Miðfell uppá brýr. Þetta eru mörkin til fjalls. En til Fjarðarins eru mörkin, úr syðri þúfunni á Hestshól í Kálfaklöpp, sem er austan í Lækjarnesi.

Á austursíðu eru landamerki þessi: Úr þúfu á neðri Skarðshól, beina sjónhending uppá Miðhlaupstjörn, og þaðan beint í brýr upp.

Á suðursíðu eru landamerki þessi: Úr Steinboga í Míganda beina sjónhending í nyrstu þúfuna á Dilksnesholti, þaðan beina sjónhending sunnan í Hólahöfða, þaðan í Kálfaklöpp í Lækjarnesi.

Ítök sem Hólar eiga í annara löndum eru: skógarítak það í Hvammslandi er Hólaskógar kallast og uppresetur fyrir geldfé í Reyfsdal í Hoffellslandareign. Hoffell á næturekstur fyrir búsmala, mánaðartíma í Hólalandi.

Hólum, 8. maí 1885.

Þórunn Þorleifsdóttir

Eymundur Jónsson (eigandi Dilksness)

Páll Þórarinsson, Einar Stefánsson, Guðrún Einarsdóttir, eigendur Árnanes.

Jón Guðmundsson (eigandi Hoffells)

Sem umráðamaður Hvamms og Volasels er jeg þessari landamerkjaskra samþykkur.

Sveinn Bjarnason.

Jón Guðmundsson eigandi Þinganes.

Lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 31. maím. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 46; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalýsing Skálarinnar innan Vestur-Skaptafellssýslu ár 1886:

Austurmark úr Markhelli við Hraunamela í vörðu fram af miðju Holtslóni, þaðan í Holtsá vestan undir Staðar-hólsnefi; svo ræður nefnd á uppí Hamarsnef, svo lína til afrjettar milli norðurs og útnorðurs. Svo vesturmark, úr afrjettarlínu fyrir norðan Leiðólfsfell línu milli hásuðurs og landsuðurs í toppinn á nefndu felli; þaðan í Leirumýrarhólinn eystri, þaðan í Valdasonarhól, þaðan í Hliðskjálkshornið, þaðan stefnu í ytri kambinn í Lokinhömrum; svo í Markhelli, svo í Markvörðu, svo línu til austuráttar í Markhelli við Hraunamela. Þar-að auki á jörðin ítak, fjöru fyrir Oddalandi í Meðallandi. Samkvæmt máldögum kirkjunnar: kirkjuítak Hertíðarholt í Skálarlandi, sem Búlandskirkju tilheyir.

Kjartan Ólafsson, ábúandi á Skál

Ólafur Pálsson.

Undirskrifaðir eigendur og ábúendur eru samþykkir framanskrifaðri landamerkjalýsingu.

R. Jónsson, bóndi á Holti

Þorleifur Guðmundsson, bóndi á Á.

Magnús Magnússon bóndi á Skaptárdal.

Valgerður Ólafsdóttir ábúandi Svínadals.

Páll Pálsson ábuandi á Arnardrangi.

Guðrún Magnúsdóttir ábúandi á ~~Hrauni~~ Eystra-Hrauni.

Karítas Brynjúlfsdóttir ábúandi á Botnum

Ólafur Þórðarson ábúandi á Ytra-Hrauni.

Erasmus Árnason, landeigandi Odda.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júním. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 47; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum Seglbúðaland:

Marsker utasta: Úr Marskeri beina línu í skerkletti í Hróksgrjótum, sem Hrókur nefnist; úr Hrók í tvær vörður við Fitarlæksminni við Skaptárvötn og sömu línu ^{beina} að Þykkvabæjarlandi. Þetta ofanritaða eru mörk milli Seglbúðar og Hraunajarða.

Milli Seglbúða og Þykkvabæjar: Úr Marskeri beina línu í þúfu í á Þúfuskeri; Úr þeirri þúfu í þúfu hjá Tröllshyl, úr þeirri þúfu í Klofakletti í Fljótsbotni; úr þeim Klofakletti í klett austan við jarðbrú á fljótinu, úr þeim kletti í þúfu á fljótsbakkanum og sömu beinu línu úr Klofakletti í Fljótsbotni yfir Skaptárvötn að Hraunalandi.

Jón Jónsson á Seglbúðum.

Ólafur Þórðarson.

Páll Pálsson.

Guðríður Magnúsdóttir

Sigurður Ingimundarson.

Sigurður Sigurðsson.

Þórarinn Magnússon.

Guðríður Guðmundsdóttir.

Hreiðar Bjarnason.

Ingveldur Gísladóttir

~~Hreiðar~~ Ásgrímur Ásgrímsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleyfum 15. júnímán. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr: 48, vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalyking jarðarinnar Mördtungu á Síðu samin 1886.

- a) Milli Mördtungu og Prestsbakka ræður þverá norður til afrjettar á Kaldbak.
- b) Milli Mördt: og Geirlands ræður Geirlandsá þangað til Geirlandslandareign endar. Síðan ræður landamerkjum milli Mördtungu og Eintúnahálss Geirlandsá norður til Lauffells og svo lækur, er rennur niður í Geirlandsá fyrir vestan Lauffell allt norður að upptökum hans, síðan beina línu þaðan (c: frá upptökum læksins) og norður til Hellisár.

Oddur Oddsson og Eiríkur Bjarnason búendur á Mördtungu.

Bjarni Þórarinsson ábúandi á Prestsbakka.

Ásgeir Blöndal ábúandi á Geirlandi

Ketill Einarsson ábúandi á Eintúnahálsi

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júním. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 49, vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk Brattlands:

Að vestan: úr vörðu á Krókaskeri eptir beinni línu norður á Upsatanga. Að norðan: Úr Upsatanga miðja vega austur í Eldhraunið milli Upsatanga og Hnútu, að markinu milli Dalshöfða og Brattlands. Þar skerst Brattlandsland afrið úr; ^{og} austur marki og verður þá bein lína fram úr Hrauninu austan við Grenháls, – þar til að kemur að markinu milli Brattlands og Þverár, þar skerst Brattlandsland úr. Suður mark: Úr áður nefndri vörðu á Krókaskeri eptir beinni línu í Skálatind, þaðan austur í Hraunið, þar til Brattlandsland skerst úr, þegar það kemur að markinu milli Dalshöfða og Brattlands.

Brattalandi, 18. júní 1886.

Páll Einarsson handsalað.

Jón Magnússon.

Guðlaugur Guðmundsson.

Magnús Þorláksson.

Páll Stefánsson.

Runólfur Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júnímán. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 50, vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Hraunbæ og Herjólfstaða:

Að norðan: Hniðbjörg í Kerlingardalshögum í Einbúa í Hraunbæjarhæð og Langanef. Úr Langanefi í Hraungerðisrás, sem er slægjumark að að austan milli Hraunbæjar og Hraungerðis suður í Landbrotsá. Úr Hraungerðisrásarminni beina línu í miðja Arfabót; þaðan í syðra Fjörusker, og svo beint í vestur að hreppaskilum.

Hraunbæ þann 27. maí 1887.

Þorsteinn Bjarnason, Hjörtur Bjarnason ábúendur Þykkvabæjarklausturs:

Sigurður Nikulásson.

Jón Andrésson

Brynjólfur Eiríksson.

Ólafur Pálsson samþykkur.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 23. júním. 1887 og ritað í Landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 51;

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



52.

Landamörk umhverfis eignarlönd Þykkvabæjarklaustursturs jarðarinnar Ytri-Linga eru,
sem nú skal greina:

Suðausturhornmark er varða á Lingakvíslarbakka norðan megin úr henni beint suður í kvíslina. Síðan liggur marklínan eptir kvíslinni út á móts við tröðina sem er fyrir austan túngarðinn á Langholti og kvíslin þar kölluð Skurður og þar suðvestur hornmark. Þaðan liggur línan sjónhending í tröðina, úr henni í keldu, sem er norður af henni, sem er útnorður hornmark. Síðan liggur Marklínan eptir Keldu þessari þangað til hún endar við Stórastöðuvatnsberu, svo áfram eptir Berunni niðri austur á móts við hina fyrrráðu vörðu; er því norðausturhornmark í Berunni og þaðan sjónhending suður á vörðuna og síðan í vörðunni suður í Lingakvísl.

Austan og sunnan að landinu liggur Eystri-Lingaland og Efri-Eyjar – eður Bakkakotsland; að vestanverðu liggur Skarðsland.

Ytri-lingum 23. júní 1886.

Jón Ásmundsson.

Framanskráðum landamörkum erum við undirritaðir samþykkir.

Páll Ingimundarson

Ingibergur Ólafsson

Ólafur Sveinsson

Markús Jónsson

Helga Jónsdóttir

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 23. júním. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr: 52;
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk umhverfis eignalönd Þykkvabæjarklausturs jarðanna Staðarholts og Langholts (sem almennt er nefnt Skarðsland því það heyrði áður til Skarði, er var prestsetursjörð hjer í Meðallandi).

Einnig hefur jörðin Hnausar, sem er sama klaustureign fengið nokkurn hluta af landinu til afnota.

Landamörkin eru sem nú skal greina:

Suðaustur hornmark er stika sett niður, þar sem áður er sagt að hafi verið Skarðsárhylur. Þaðan liggur marklínán útí keldu fyrir norðan Ytri-Linga; svo eptir keldunni útá móts við tröðina fyrir austan túngarðinn á Langholti; svo fram úr fyrir austan túngarðinn suður í Skurðinn; síðan eptir Skurðinum útað Aðalhöfðakvíslinni, sem er fyrir framan kirkjugötuna frá Melhól Undirhrauni. Svo eptir kvíslinni og úr vesturenda kvíslarinnar í fullt vestur útað Hraunslandi og er þar sett suðvesturhornmark á línu þeirri, sem úr Kerlingu er bein sjónhending í Þverrima. Liggur því marklínán úr nefndu hornmarki uppí Kellingu, er það klettur framan í hraunsbrún. Úr kerlingu liggur marklínán sjónhending í Landbrotssker, sem er útnorðurhornmark. Þaðan liggur marklínán beina sjónhending í sker austur í eldhrauni og er á skeri því settar þrjár vörður, sem eru norðausturhornmark. Úr skeri því liggur marklínán sjónhending suður í Fitarlæk; heldur línán svo sömu stefnu áfram suður í Eldvatn. Fyrir sunnan Eldvatn liggur merkjarlínán úr skeri norðar við vatnið suður í vörðu á bæjarstæði, sem nefnt var Sandholt. Úr þeirri vörðu liggur línán beina sjónhending í stykuna í Skarðsárhyl.

Þar eð jarðir þessar hafa hlutað ofanefnt land á milli sín í smá stykki, sem hvert fyrir sig liggur innan um hin önnur, verður ekki komið við að tilgreina sjerstaklega hvað hverri jörðu tilheyrir, en sagt er að sinn þriðjungur af landinu beri hverri jörðinni og eptir því hefur farið verið hjertil. Langholt og Staðarholt eiga fjöru í sameiningu sem nefnd er Skarðsfjara. Liggur hún fyrir Oddalandi, standa stikur úr trje við hvorn enda fjörunnar, sem eiga að bera í Ásfjalls-enda. Sagt er að fjaran eigi að vera átján hundruð faðmar tólfræðir að lengd.

Sunnan að landinu liggur Eystri-Linga og Efri Eyjarland, að vestanverðu liggur Undirhraunsland og að norðan Botnaland. Að vestan: Efri Fljótaland, Hnausaland og Slýjaland.

Staðarholti, Langholti og Hnausum, hinn 19. júní 1886.

Páll Ingimundarson,

Ingibergur Ólafsson

Helga Jónsdóttir

Framanskráðum landamörkum erum við undirritaðir samþykkir.

Jón Steingrímsson.

Karítas Brynjúlfsdóttir.

Sv. Magnússon.

Bjarni Jónsson.

Filippus Jónsson.

Sveinn Ingimundarson.

Bjarni Sveinsson.

Árni Árnason.

Þorsteinn Þorgerðarson.

Sveinn Sveinsson.

Einar Ólafsson.

Jón Ásmundsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 23. júním. 1887, og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 53;

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Í áframhaldi af skjali merktu No. 1. um landamerki jarðarinnar Pjeturseyjar, og er hjer lýst einungis markalínu á milli Pjeturseyjar og Ytri-Sólheima, sem er úr eystra fjörumarki Ytri-Sólheimafjöru bein sjónhending í jarðfastan klett með vörðu á og er sú stefna á Nónnes. Frá sama steini sjest Háfaskjól í Búrfelli að vestan að bera framar en miðjavega á milli Eyjarhóls og Pjeturseyjar. Úr nefndum kletti sjónhending í grjótvörðu á Merkiaur, sem er mark á milli Pjeturseyjar og Eystri-Sólheima.

Pjetursey 13. júní 1884.

Sverrir Magnússon

Þorl. Jónsson

Einar Guðmundsson

Sæmundr Árnason

Jón Ólafsson

Guðmundur Ólafsson

Þórunn Þorsteinsdóttir

Sigurður Sigurðsson

Grímur Sigurðsson

Vilborg Jónsdóttir (handsalað)

Jón Árnason

Vigfús Þórarinsson

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 15. júlím. 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 54; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



55.

Skrásetning.

Um landamerki jarðanna Pjeturseyjar og Fells, sem eru:

Varða framan við Klifandiárgilkjapt og sjáist hesteyra af Máfadrang vestur undan Skeiðflatar-hlíðinni, sama varðan, sem er mark á milli Fells og Eystri-Sólheima. Úr nefndri vörðu beina sjónhending í vörðu þá sem er landamerki milli Hvals og Pjeturseyjar, og sjáist hesteyra af Máfadrang vestan undir Skeiðflatarhlíðinni.

Pjetursey, þann 24. marz 1886.

Grímur Sigurðsson húsbóndans vegna

Jón Árnason,

Þórunn Þorsteinsdóttir,

Árni Jónsson.

Sigurður Sigurðarson.

Jón Ólafsson.

Ólafur M. Stephensen.

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 15. júlím 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 55, vottar Sigurður Ólafsson

Gjöld:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki fyrir Rauðabergslandi:

Milli Viðborðs og Rauðabergs skal vera varðan á Arnarbæli fyrir vestan Viðborðsel beint í Landamótsgjótarhellana. Þaðan beint í Miðfellshnjúkinn í Grjótárdölum, þaðan í Grænafellshnjúkinn, þaðan í hamrana austan ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri, þaðan beint á jökul. Að sunnan móti Holtum, úr áður greindri Arnarbælisvörðu, beina línu í Tarfshól; úr Tarfshól í Brúngang, úr Brúngang í Hellusker. Áptur að vestan móti Haukafelli: úr Helluskeri í Hálsdalsárfossinn efra, þaðan í Haukafellsheiðarhnjúkinn, úr Heiðarhnjúkunum í Hlíðarratið, úr Hlíðarrati í Sandmerkisheiðarhnjúkinn og svo beint í jökul.

Ítök:

Skógarítak á jörðin Rauðaberg í Viðborðsdal frá Merkikambi inn að Rauagili. Annað skógarítak frá Þórhallagili inn að Sandmerkisá. Engja-ítak jarðarinnar er Rauðabergsdæld, liggjandi í Holtalandi. Fjöru á jörðin fyrir Bakkalandi. Bakki á 40. sauða göngu í Rauðabergslandi frá því 7 vikur eru af sumri til þess í miðlögsafni.

Rauðabergi 4. maí 1885.

Gísli Jónsson fyrir hönd sjera Sveins Eiríkssonar og Halls Pálssonar.

Jón Jónsson.

Jón Guðmundsson meðeigandi Rauðabergs.

Magnús Ófeigsson.

Lesið á manntalsþingi að Holtum 9. júním. 1888 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 56; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



57.

Landamörk Bakka eru þessi:

Þar sem hesthóll austanmeginn og Mjaðmarkletturinn bera saman, þegar staðið er á fjörunni; þaðan sjónhending við í Klöpp vestan við Bjarndýrshól. Eystri mörkin eru þegar staðið er á fjörunni, þar sem Kyðaklettur ber í þúfuna á Hellisholti og nær þangað Bakkaland. Ítaksskóg á jörðin í Baskatindi á Heinabergsdal og 40 sauðagöngu í Rauðabergslandi frá því 7 vikur af sumri til þess í miðlögsafni, sem á að vera móti Rauðabergsfjöru sem tekin er úr Bakkalandi. –

Þessi landamörk samþykkjum við undirskrifaðir:

Eiríkur Guðmundsson.

Bjarni Hálfðánarson.

Magnús Mensaldursson,

Eiríkur Guðmundsson fyrir hönd Bjarna Hálfðánarsonar.

Jón Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Holtum 9. júním. 1888 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 57; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir jörðinni Hörgsdal á Síðu gjörð árið 1888
og samþykkt af undirskrifuðum ábúendum:

1. Milli Hörgsdals og Hörklandstorfunnar: Úr vörðunni neðst á Merkigarði í Merkilág beint í mitt Hörgsárgljúfur fremst, svo ræður Hörgsárgljúfur norður þangað sem innri Hörgsá kemur að vestan; á brúninni norðan við þar sem Hörgsárgljúfur endar, er varða hlaðin; úr henni er markið í Hallsteinsvörðu austast. Úr Hallsteinsvörðu beint í vestur að Prestsbakkalandi er markið milli heimalands og afrjettar.
2. Milli Hörgsdals og Keldunúps: Úr vörðunni neðst á Merkigarði í Merkilág í neðsta hófa hamarsnefið upp yfir Svartkollusteinum, svo úr því nefi innað fjallsbrúnunum í vörðu þá sem hlaðin er í brúninni á Langadal; úr þeirri vörðu beint vestur í Tvíþúfu.
3. Milli Hörgsdals og Prestsbakka: Úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæzta hnúknum á Kaldbak, þaðan sömu línu til afrjettar.
Jörðinni fylgir fjara milli Hörgslandi- og Keldunúpsfjöru, að stærð 400 tólfræð og 80-faðmar.

Hörgsdal 19. júním. 1888.

Bjarni Bjarnason ábúandi.

Bjarni Þórarinsson ábúandi Prestsbakka.

Magnús Þorsteinsson, Páll Stefánsson, Bergur Bergsson, Egill Guðmundsson, Runólfur Sigurðsson –
ábúendur á Hörklandstorfunni.

Jón Pálsson, Jón Jónasson – ábúendur á Keldunúpi.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 23. júním. 1888 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 58;
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamerki á Þjóðjörðinni Hraunbæ:

Að norðan: Hniðbjörg í Kerlingardalshögum í Einbúa í Hraunbæjarhæð og Langanef. Úr Langanefi í Hraungerðisrás, sem er slægjumark að austan milli Hraunbæjar og Hraungerðis, suður í Landbrotsá úr Hraungerðisrás suður yfir Landbrotsá og í miðja arfabót.

Staddur að Þykkvabæjarklaustri 13. maí 1888.

Ólafur Pálsson umboðsmaður.

Sigurður Nikulásson

Árni Runólfsson

Jón Steingrímsson

Brynjólfur Eiríksson

Jón Andrésson

Þorsteinn Bjarnason.

Elín Jónsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Langholti 25. júním. 1888 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 59; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson

Mjer sýnt 6./8. '88

Magnús Stephensen.



Landamerkjalysing jarðarinnar Áar í Vesturskaptafellssýslu 1886.

Úr Leirumýrarhól að norðan í vörðu vestan til á Mið-Selfelli, þaðan í fossinn fyrir norðan mýrartorfu, þaðan sömu línu að Búlands-landi, þaðan beina línu til suðuráttar í Gráhól við Svínadalssand, þaðan beina línu til landsuðuráttar í markvörðu, þaðan til norðurs í Markhelli, úr Markhelli í ytri kambinn á Lokinhemru, þaðan í Hliðskjálk, þaðan í Valdasonarhól, þaðan í fyrst nefnan Leirumýrarhól.

Samkvæmt máldaga Búlandskirkju á hún ítak í landi jarðarinnar, svo kallað Búlandsnes.
Þorleifur Guðmundsson, bóndi á Á.

Framanskriafaðri landamerkjalytingu erum við undirskrifaðir samþykkir.

Kjartan Ólafsson, bóndi á Skál.

Ólafur Pálsson sem eigandi Skálar og umráðamaður Svínadals

Runólfur Jónsson bóndi á Holti

Magnús Magnússon bóndi í Skaptárdal

Vigfús Runólfsson bóndi á Búlandi

Valgerður Ólafsdóttir, ábúandi í Svínadal

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 29. júní 1889 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 60, bls. 68;

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Skaptafells í Hofshreppi.

Að austan: Milli Skaptafells og Svínafells eru landamerki á Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn og þaðan í vörðu fram í Nesinu. Móti jörðunni Núpstað á Skaptafell land svo langt vestur að Súlnatindar beri hver í annan.

Fjörumörk að austan: Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækjarfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan í skriðu niður af Skarðatindi.

Fjörumörk að vestan: Básarákanef beri í hæsta sker á Austurskorabrún.

Jörðin á land allt milli fjalls og fjöru.

Jón Einarsson, Einar Jónsson, Magnús Sigurðsson eigendur og umráðamenn jarðarinnar Skaptafells.

Jón Jónsson, umráðamaður Núpstaðar.

Jón Pálsson, Sigurður Jónsson, eigendur Svínafells.

Magnús Pálsson, Jón Jónsson, eigendur Svínafells.

Lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 61, bls. 69; vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerki jarðarinnar Svínafells.

Jörð þessari tilheyrir allt Svínafellsfjall og Hvannadalurinn. Landmerki milli Sandfells og Svínafells eru lækjarfarvegur í miðjum Markhól (Rjettarfalljökul), þaðan sjónhending í vörðu milli Hrakdeildahóla; svo er stefnan vestan við Eyrartagl.

Milli Svínafells og Skaptafells eru landamerki í Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn, og þaðan í vörðu fram í Nesinu.

Fjörumörk jarðarinnar milli Tangafjöru og Svínafellsfjöru eru, að Fremrimenn í Hafrafelli beri í klettinn, sem er næstur við Skarðið að norðan, nefnil. austanundir Skaptafellskörðunum.

Fjörumörk milli Svínafells- og Skaptafellsfjöru eru, að Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækjarfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan í skriðu neðan af Skarðatindi.

Svínafelli 2. maí 1890.

Jón Pálsson

Magnús Pálsson

J. Jónsson

Sigurður Jónsson

Ofanskriðuð landamerki Svínafells og Sandfells samþykki eg undirritaður.

Sandfelli 5. maí 1890

Ólafur Magnússon núverandi ábúandi og umráðamaður Sandfells.

Jón Einarsson, Einar Jónsson, Magnús Sigurðsson, ábúendur Skaptafells.

Að því er snertir fjörumörk milli Svínafellsfjöru og Tangafjöru, erum vjer undirritaðir ábúendur Hofs þessu framanskriðuðu samþykkir.

Hofi 5. maí 1890.

Jón Jónsson

Jón Guðmundsson, Eyjólfur Danielsson

Oddur Sigurðsson

Karolina Oddsdóttir

Sigurður Vigfússon

Bjarni Jónsson

Magnús Sigurðsson

Jón Þorláksson.

Lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellsýslu nr. 62 bls. 70 vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir Hofsnæs.

Landamerki milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs eru frá upptökum Gljúfursár; svo ræður gljúfrið að Gljúfursminni, þaðan í Hamarenda, þaðan í næstu fit austan við fastalandstaglið.

Að vestan eru landamerkin milli Hofsnæs og Hofis: úr Hólagili og í grjótvörðu, sem er á Kúadalsöldu; svo þaðan og út fyrir alla grasnyt í merki, sem upp er sett í hólma innan við Vatnamela. Þaðan beina línu í Markmel, sem er skamt fyrir ofan fjörur.

Fjörumerkin að austan eru: Mýrarmelur á að bera í þúfu á Fátækramannahól. Að vestan eru fjörumerkin: Mýrarmelur á að bera í nefið á Blesakletti.

Líka í Hofsnæs Kongsvíkurfjöru.

Merkin að vestan milli Kongavíkur og Staðarfjöru eru: Markmelur á að bera í Víkuröldu upp af Kúadalsöldu.

Svo á jörðin fjöru allt austur að Ingólfshöfða.

Hofsnæs 2. maí 1890.

Páll Jónsson

Magnús Jónsson

Þorvarður Gíslason, Jón Guðmundsson, E. Danielsson, Jón Þorláksson, Bjarni Jónsson, Oddur Sigurðsson, Sigurður Vigfússon, Jón Jónsson, Magnús Sigurðsson, Karólína Oddsdóttir, ábúendur Hofis.

Að því er snertir fjörumerkin milli Kongavíkur og Staðarfjöru er ég undirritaður þessu samþykku.

Sandfelli 5. maí 1890

Ólafur Magnússon núv. umráðam. Sandfells.

Að því er snertir land- og fjörumerk milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs, erum vjer undirritaðir ábúendur Fagurhólsmýrar þessu samþykkir.

Fagurhólsmýri 5. maí 1890.

Sigurður Ingimundarson, Ari Hálfðánarson.

Lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 63, bls. 71.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Tvískerja í Hofshreppi:

Að austan milli Fjalslands í Breiðumörk og Fjallsfjöru, og Tvískerjalands og Tvískerjafjöru eru í sömu línu landamerki og fjörumörk, nefnil., að hæsta nef á Miðaptanstindi í Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli.

Að vestan milli Hnappavalla- og Tvískerja-lands eru landamerki í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar beint til sjávar.

Fjörumörk milli Tvískerjafjöru að vestan og Bakkafjöru eru að lítil varða neðst á öldunni fyrir austan Eystri-Kvíá á að bera í aðra vörðu fyrir sunnan Stóralæk og svo í hvítan blett í Nónhamrahólasklettinum.

Jörðin á fjöru og allan reka fyrir sínu landi nema af Bakkafjöru. Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landinu.

Fagurhólsmýri 28. apríl 1890.

Sigurður Ingimundarson.

Að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Bakkafjöru er ég undirskrifaður þessu samþykku.

Sandfelli 5. maí 1890

Ólafur Magnússon núverandi umráðam. Sandfells.

Að því er snertir landamerki milli Tvískerja og Hnappavalla, erum vjer undirritaðir ábúendur á Hnappavöllum þessu framanskriðu samþykkir.

Hnappavöllum 5. maí 1890.

Páll Bjarnason, Þorsteinn Pálsson, Gísli Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson, Jón Guðmundsson, Bjarni Vigfússon, Þorsteinn Vigfússon.

Að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Fjallsfjöru erum vjer undirritaðir ábúendur Hofis þessu samþykkir.

Hofi 5. maí 1890.

Jón Guðmundsson, Bjarni Jónsson, Karólína Oddsdóttir, Jón Þorláksson, Eyjólfur Daníelsson, Magnús Sigurðsson, Oddur Sigurðsson, Sigurður Vigfússon, Eyjólfur Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 64, bls 73.
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir Sljettaleitlandi í Borgarhafnarhreppi.

1. Landamerki:

- a) milli Sljettaleitis og Breiðabólstaðar að vestan er steinn við þjóðveginn í markaleiti, er beri í hnjúk í miðju markagili af fjörunni að sjá; að norðan og norðaustan ræðr Klifá.
- b) milli Sljettaleitis og Kálfafells er: Varða í Markhólma beri í Fiskikeldu þá staðið er á fjörunni.

2. Fjörumörk:

- a) að vestan eru ofanskráð landamörk einnig fjörumörk.
- b) að austan: Klifatangi beri í Rauða af fjörunni að sjá.

Kálfafellsstað í apríl 1890
Sveinn Eiríksson (prestr)

Að því er snertir mörk milli Sljettaleitis og Breiðabólstaðar, erum vjer samþykkir þessari skrá.
Steinn Þórðarson, Benedikt Þorleifsson, Þórarinn Steinsson, Brynjólfur Jónsson.

Að því er skrá þessi snertir Kálfafell, erum við henni samþykkir.

Sigurður Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir, Bjarni Runólfsson, Ingibjörg Bjarnardóttir

Lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 7. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 65, bls 75
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borguð

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir Kálfafellslandi.

1. að austan milli Kálfafells og Kálfafellsstaðar: Grásteinn beri í þúfu eð ɔ: Kálfleiði í Kálfagróf og beina línu í sjó, er verða þá um leið fjörumörk, milli Kálfafellsfjöru og Staðarfjöru.
2. að vestan milli Kálfafells og Steina: Varða í Markhólma beri í Lúputind og verður sú beina lína einnig fjörumark milli Kálfafellsfjöru og Vindásfjöru.
3. milli Kálfafells og Breiðbólstaðar: Varðan í Markhólma beri í Fiskikeldu, úr Fiskikeldu í miðjan Brókarjökul.
4. Reka á jörðin fyrir sínu landi ɔ: Kálfafellsfjöru, sömuleiðis beitum mánuð á sumar öllum búsmala í Kálfafellsstaðarlandi og beit um vetur fyrir 12 hross í Hestgerðislandi.
Þvermark er bein lína úr Klifatanga í stein í Stórudokk.

Ofanritaða skrá samþykjum vjer undirskrifaðir; í aprílm. 1890.

Sigríður Sigurðardóttir (Eigandi og ábúandi)

Sigurður Sigurðsson (eigandi og ábúandi)

Sveinn Eiríksson.

Þorsteinn Þorsteinsson skrifar undir fyrir sinn part

Þorsteinn Pálsson (Landeigandi)

S. Ingimundarson, (Sigríður Bergsdóttir landeigandi)

Fyrir vora hönd er samþykkt þessi landamerkjaskrá

Steinn Þórðarson, Benedikt Þorleifsson, Þórarinn Steinsson, Brynjólfur Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 7. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 66, bls 76
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerki Geirstaða eru:

Frá Heyholti rétt sjónhending í hólma nokkurn, þar sem ysti hóllinn í Þinghólalandi ber í ytra gilið í Ketillaugarfjalli, og úr þessum sama hólma rétt sjónhending í útsuður í Berghól, þaðan í Markhól, þaðan í þúfu á Heyholti, alstaðar bein sjónhending.

Ítök í annara lönd: Lítilfjörlegt skógarítak á Viðarhálsunum í Viðborðsdal.

Þessi landamerki samþykkja:

Fyrir Borg og Einholt Jón Jónsson (umboðsmaður og sóknarprestr)

Jón Brynjólfsson, Sigríður Jónsdóttir

Sigurður Sigurðsson ábúandi Borgar

Jón Jónsson

Benidikt Kristjánsson

Lesið á manntalsþingi að Holtum 8. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 67, bls. 77
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



68.

Landamerkjaskrá fyrir Hoffelsjörðum 3:
Hoffelli, Setbergi og Svínafelli.

Landamerki vestan megin á milli Svínafells og Vindborðs eru: frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa, útúr fljótum ~~jöklinum~~ milli stóru Dýmu og litlu Dýmu útá móts við Gildrusker. Milli Hoffells (með Setbergi) og Krossbæjar að sunnan: af yzta Gildruskeri utan til beina línu utarl. um Pjeturshólma í fossinn í Grjótárgljúfrinu; frá fossinum beint í gilið í skerjabrúninni vestan við Miðfell á Grjótárdal, þaðan beint norður á Giljadalabrúnir. Reypsdalur, er liggur þar þvert fyrir norðan frá vestri til austurs tilheyrir allur beggja megin Hoffellstorfunni.

Milli Hoffells og Þórólfsdals í Lóni eru landamerki: Laxá úr Brennhöfðagljúfri inn í Fossbotn, þaðan norður í Lambastígshnúkinn og þaðan austast um Nautastígsbrúnir inní jökul; auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar innaf. Nautgil ræður milli Hoffells og Hvamms og frá því Reypsdalsgilið niðrí Laxá.

Suður frá uppsprettu Nautagils, þar sem Bjarnanes og Hoffellsfjallendi nær saman, deyla vötn. Ítak, sem Krossbær á, er Jökulfell í Svínafellslandi.

Hoffelli 16. Maí 1884

Guðmundur Eiríksson

Eiríkur Guðmundsson

Jón Guðmundsson

Hallur Bergsson

Benidikt Bergsson

Jón Einarsson

Bergur Einarsson

Benidikt Kristjánsson

Rannveig Bergsdóttir

Hallur Ófeigsson

Jón Jónsson

Setselja Sigurðardóttir

Þórarinn Sigurðsson

Arngrímur Arason

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur sem umráðamaður hálf Þórólfsdals.

Stafafelli 12. maí 1885

Markús Gíslason

Sömuleiðis erum við eigendur og umráðamenn Hvamms (með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum) samþykkir þessari landamerkjaskrá.

Volaseli 14. maí 1885

Einar Sigurðsson, Sv. Bjarnason

Þessari landamerkjaskrá er ég samþykkr sem umráðamaður Bjarnanes og hálf Þórólfsdals.

Bjarnanesi 5. d. maím. 1886

Jón Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ath. Ítaki Hoffells í Árnesslandi er þannig breitt, að Hoffell í þar framvegis 3 hrossa beit á vetrum; þar á mót á Árnes upprekstur á Refsdal fyrir 120 geldfjár.

Þorgr Þórðarson, Einar Stefánsson, Jón Benediktsson.

Ítaki Hoffells á Hólaland er þannig breitt, að Hoffell á þar framvegis 2 hrossa beit á vetrum; þar á mót eiga Hólar tiltölulega upprekstur á Refsdal fyrir geldfje.

Fyrir Hóla Þorleifr Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 68, bls. 78

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,50

Kr. 1,25

– Ein króna, tuttugu og fimm aurar –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerki Þinganes.

Á austursíðuna milli Þinganes og Horns eru þessi landamerki: Úr Kambslæksminni við Merkileiti, sjónhending í brýr upp. Til fjarðarins eru mörkin þannig: Úr Merkileiti sjónhending í Vitaðsgjafa, þaðan liggur markið í miðjan ál milli Kellingareyjar og Torfhólma og síðan í Hríseyjarkamb, (sem er á milli Hríseyjanna), þaðan sjónhending í há Leirnanesshólinn, þaðan sjónhending í Grámerar-poll neðst í Míganda.

Að vestanverðu eru landamerkin þessi: Úr Grámerarpalli í hæstu þúfuna í neðri Skarðshól, þaðan sjónhending í Miðhlaupstjörn, og þaðan beint í brýr upp.

Eyjar þær, sem Þinganes á í Hornafirði utan sinna landamerkja eru þessar: Þýfisey, Þýfiseyjarhöfði og Þýfiseyjarhólar.

Ítök, sem Þinganes á í annara löndum eru þessi: Í Hornslandi svokölluð Þinganesfjara, þaðan austan af fjörunni, sem ~~Krossb~~ Borgeyjargölturinn ber í gljúfrið á Krossbæjarskarði, vestur að Hornafjarðarós. Annað fjöruítak á Þinganes í Hornslandi, kallað Hvanneyjarkrókur, austan frá Hornafjarðarós og þangað innan fjarðar, sem Borgeyjargölturinn ber framan við Lambhellisnefið. En utanfjarðar á Þinganes þangað vestur, sem Einholtsklettur ber hvor í annan að austan, þegar staðið er á fjörunni .

Í Þórisdalslandi í Lóni á Þinganes skógarítak það, er heitir Þinganeshöfði.

Þinganesi 1. júní 1888

Jón Guðmundsson eigandi

Framanskriafaðri landamerkjaskrá eru eigendur og umráðamenn jarða þeirra, sem hlut eiga að máli, samþykkir.

Þórunn Þorleifsdóttir (eigandi Hóla)

Fyrir Viðborð: Jón Jónsson, Benedikt Kristjánsson, Jón Ófeigsson, Jón Einarsson

Fyrir Þórólfsdal í Lóni: Jón Jónsson, Sveinn Bjarnason.

Fyrir Horn: Jón Jónsson (umboðsmaður), Eyjólfur Sigurðsson (ábúandi)

Fyrir Dilksnes: Eymundur Jónsson eigandi.

Lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 69, bls. 80

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Hvammur (í Lóni) með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum.

Landamerki: Úr Ólafshelli í Þorgeirsstaðaklifum beint í fjall upp (Klifatind), þaðan eftir hæztu eggjum á Hvammsfjöllum þar til er Hoffellsland tekur við, nefnilega í svokallað Nautagil á eður við Reipsdal (Refsdal), þaðan í Laxá í Lóni, sem mörkum ræður allt til Jökulsár, þó ekki hið neðra nema þá er hún rennur eftir farveg þeim, er liggur meðfram hinu svo kallaða Efra-landi að sunnan og vestan; þaðan ræður Jökulsá eða sú kvísl hennar, sem fellur eftir Lambeyjarkíl, í lón fram eður til sjávar.

Ítak tilheyrandi Hvammi er svo nefnd Hvammsfjara fyrir landi jarðarinnar Horns. og á Hvammur fjöru þessa (landið) með öllum reka, smáum og stórum, sem á hana kemur, frá steini þeim, sem stendur á klöppinni neðst fyrir austan Kvígustein svokallaðan, sem er austanvert við Hornskriður, allt austur í þann klappartanga, sem nær í sjó fyrir austan Mávaklett, þar sem reki Fjarðar tekur við.

Framanrituð landamerki eru samkvæmt lögfestu þinglesinni frá 5. maí 1815, sem engin mótmæli hafa komið fram á móti, sömuleiðis notkun eiganda og ábúenda frá ómunatíð.

Ath: Jörðin Horn á skógarítak í Selteigi og Skytju innan Hvamms-lands, jörðin Hólar í Nesjum skógarítak á Löngu Ups og fram á Klapparhóli einnig í Hvammslandi, og Bjarnanes á sömuleiðis skóg allan á Galtartungum.

Volaseli þ. 27. apríl 1889

Sigríður Árnadóttir, Einar Sigurðsson (eigendur og ábúendur).

Þessu landamerkjaskjali, eða því, sem í því stendur erum við undirskrifaðir umráðamenn og eigendur jarða þeirra, sem land eiga til móts við Hvamm (með Volaseli og Þorgeirsstöðum) samþykkir.

Jón Guðmundsson (fyrir Hoffell)

Þórunn Þorleifsdóttir (fyrir Hóla)

Jón Jónsson (umboðsmaður Bjarnanessumboðs, fyrir Þórólfsdal hálfan og Horn, með þeirri athugasemd, að ég kannast eigi við, að Hvammur eigi annan reka á Hvammsfjöru, en þann sem rekanum tilheyrir að lögum).

Þessari landamerkjaskrá erum við samþykkir að því er Fjörð snertir.

Jörgen Johsen,

Bjarni Ófeigsson, Hólmfríður Snjólfisdóttir (eigendur og ábúendur Fjarðar)

Jón Bergson, Stefán Jónsson ábúendur Krossalands.

Lesið á manntalsþingi á Papós 13. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 70, bls. 81 vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir ljensjörðinni Maríubakka í Fljótshverfi.

Að austan ræður Djúpa í mynnið á Brúará; svo ræður Brúará að norðan og austan milli Kálfafellslands; að vestan milli Maríubakka og Hvals er markið úr Merkigróf í hæsta dranginn í Núpahrauni; þaðan í Háalandsklappir, þar sem landið skerst úr. Jörðin hefur ítak í Kálfafellslandi, hið svonefnda Bakkafjall. Úr Merkigróf er markið í austanverðan Hróthólma og þaðan í Rauðbergsland.

Prestsbakka á Síðu 21. maimán. 1890.

Bjarni Þórarinsson umboðsmaður Maríubakka.

Ólafur Pálsson umboðsmaður.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 71, bls. 83.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir jörðinni Sljettabóli í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan milli Sljettabóls og Orrustustaða: úr þúfunni á Orrustuhól beina línu eptir vörðum á sandinum suður að rekamáli.

Að vestan og norðan: Úr Orrustuhól í vörðu á tanganum, sem skagar lengzt í útsuður fyrir vestan Hraunból, svo í vörðu, sem er hlaðin upp af Flóðholti, þaðan í Flóðholt, þaðan í Stikubót, þaðan í miðja Jónsbót, þaðan að rekamáli. Jörðin á 1/3 part af öllum reka af Fossfjöru og upprekstur á Síðumannaafrett.

Gjört á Prestsbakka 21. maímán. 1890.

Bjarni Þórarinsson.

Ólafur Pálsson

Sigríður Steingrímsdóttir.

Helgi Bergsson.

Jón Jónsson.

Þorgerður Björnsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 72, bls. 84
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerki prestsetursins Prestsbakka í Vesturskaptafellssýslu
með hjáleigunni Prestsbakkakoti.

Að austan er markið milli Prestsbakka og Hörgsdals úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak, þaðan til afrjettar. Suður á bóginn úr Tvíþúfu og beinustu línu í vörðuna á Hábrekku fyrir austan Prestsbakkakot í efri endann á Merkilág, svo beina línu í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl.

Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er marklínun úr mynni hennar og beint á þvermarkið á söndunum fyrir sunnan Breiðbalakvísl.

Jörðin á upprekstur fyrir geldfjænað á afrétt Síðumanna.

Prestbakka 4. júní 1890.

Bjarni Þórarinsson

Sigurður Sigurðarson, Kristófer Þorvarðarson

B. Bjarnason.

Sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri er jeg þessari merkjalýsingu samþykkur.

Sigurðu Ólafsson.

Þórunn Sigurðardóttir (handsalað).

Eiríkur Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 73, bls. 85.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá fyrir kristfjárjörðina Keldunúp í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan milli Hörgsdals og Keldunúps: Úr Tvíþúfu, sem er ^{norðan} ~~austan~~ við hæðst Hraunfell, í vörðu þá, sem hlaðin er austur á fjallsbrún þeirri, sem vestur við Langadal. Svo liggur markið fram af fjallsbrúnunum í þúfu, (gamla vörðu), sem er neðst á hamarsnefinu yfir Svartkollu-steinum. Úr þeirri þúfu liggur markið eptir Merkigarði yfir mýrina, í vörðu þá, sem hlaðin er neðst í Merkilá. Millum Hörgslandi og Keldunúps er markið í línu sjá Skógfoss minni og vestari og austast í Uppsalaháls suður að Þvermarki því, sem er á milli Landbrots og Síðu.

Að vestan, milli Keldunúps og Breiðabólstaðar er markið úr Tvíþúfu, sömu sem að ofan er nefnd, beina línu í hamarsnefið næsta við túnið á Keldunúpi að vestan. Þaðan sömu línu á þvermarkið milli Landbrots og Síðu.

Jörðin Keldunúpur á fjöru 300 faðma tólfræð og 100 betur, liggur hún á milli Hörgdalsfjöru að austan og Breiðabólstaðarfjöru að vestan.

Gjört í Hörgsdal 21. maímán 1890.

Ólafur Pálsson umboðsmaður.

Magnús Þorláksson hreppsnefndaroddviti.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 74, bls. 87.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Hörgslandi í Vestur Skaptafellssýslu.

Að austan milli Foss og Hörglands: Úr Upsatanga að norðan í vörðu á Krókaskeri og þaðan í kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk, úr þeim kambí í skerið niðri á sandinum, þaðan beina línu eptir áðurgreindum mörkum í stiku, sem er ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands, þaðan austur á við í aðra stiku efst í breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslands mela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður að rekamáli.

Að vestan milli Hörgsdals og Hörgslands: Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan, í gljúfrið vestan af Stakki, úr því ræður Hörgsá, sem ræður þar til gljúfrið endar; svo úr minni Hörgsárgljúfurs í vörðu á Merkigarðsenda, þaðan beina línu í vörðu ^{austan} við háskerið á Uppsalahálsi; úr þeirri vörðu beina línu að rekamáli þannig, að nefndvarða væf beri í Skógfoss. Þeir ábúendur í Landbroti, sem hjer eiga landa að, hafa rjett til sinn ábúðartíma að nota graslendi það, sem liggur að línu þessari utan Skaptár. Fjara tilheyrir jörðinni: vesturmörk: stika við flæðarmál, er beri mitt á milli Killa og Hlöðubrekka. Austurmörk: Stika við flæðarmál í aðra stiku ofar, en beri í Harðarvallarfjall og þaðan aptur beri í hvössu öxlina á Kaldbak að austan.

Jörðin á upprekstur á Síðumannaafrétt að rjetttri tiltölu við aðra Síðumenn.

Gjört á Prestsbakka 21. maim. 1890

Bjarni Þórarinsson.

Ólafur Pálsson umboðsmaður

Helgi Bergsson

Sigríður Steingrímsdóttir

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 75 bls. 88
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum Þjóðjörðina Núpa í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan og norðan ræður Brúará þangað til Hálandsklappir bera í hætta skerdranginn á Núpahrauninu, úr honum í Markhólma í Brunná, svo ræður hún í stórt sker, sem er í henni að sjá í brúnina austan við þar sem Brunná kemur ofan af fjallinu, svo ræður Brunná úr því norðan úr.-

Höfðabrekku 22. maí 1889

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 76, bls. 90

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Hvol í Fljótshverfi í Vesturskaptafellssýslu.

Að norðan og austan: Úr hæsta skerdrangnum á Núpahrauninu, sem er endamark að bera í endann á Markgróf, sem er milli Hvols og Maríubakka, svo ræður hún að Djúpa og sömu línu sem landmarkið ~~vestur~~^{súður} í vötn.

Að vestan: úr áðurnefndum drang, úr honum í Markhólma í Brunná, að Seljalandsmarki. Jörðin á fjöru liggjandi millum Foss- og Kálfafells-fjara.

Höfðabrekku 22. maí 1889.

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 77, bls. 90 vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Seljaland í Vesturskaptafellssýslu.

Að vestan og norðan þar sem Brunná kemur úr jöklinum; svo ræður hún fram að kletti austan megin við ána, sem er einstæður skamt fyrir norðan skerhnúk vestan megin við ána, sem þúfa heitir, þaðan á þúfu, sem er norðaustan undir Dalsfjalli; svo ræður Dalsfjall suður úr, að Seljalandsá allt að austan svo langt vestur sem steinn veltur austur af, fram í hábrún fjallsins; svo liggur markið niður úr Marktorfu beina línu í Klöpp í Selá, á millum bæjanna Seljalands og Dalshöfða svo suður að fljótum og yfir það eptir hlöðnum vörðum í hrauninu sunnan við Hverfisfljót, uppaf svokölluðum Viðbjóðstættum, beina línu suður landsuður suður á vötnin.

Að austan ræður Brunná þar til hún fellur ofan af fjallinu úr hábrúninni austan við hana beina línu þangað til Hverfisfljóts og Brunná koma saman við hraunið austan megin við Hverfisfljót, þaðan beina línu fyrir austan svo kallaða Seljálandsfit suður í vötn, þar sem landið skerst úr. –

Höfðabrekku 22. maí 1889

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 78, bls. 91.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Geirland í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan og norðan ræður Geirlandsá þar til Þverá, sem er fyrir framan Mörðtungu kemur í hana, svo beina línu suður að Klaustursmarki á Söndum, sem er eptir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsósaurum. Svo aptur að vestan frá Klaustursmarki beina línu í Söðulstein, sem er á millum Merkur og Geirlands, svo í Bólastein að bera í nef austan við Skollastíg, svo þaðan af brúninni í vörðu á Staðarselsfelli, úr henni í vörðu framan við Helgafjallsenda, sem beri í öxlina hvössu fram í Geirlandshrauni. Þessi lína endar við Stjórn, svo ræður ^{hún norður} úr að Eintúnaháls ~~útm~~ útmælda landi.

Afrjettur fylgir sem öðrum jörðum á Síðumanna afrjetti að tiltölu eptir jarðarmegni.

Höfðabrekku 24. mai 1890.

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. Júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 79, bls. 92

Vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjarðirnar Efri- og Neðri-Mörkur í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan og sunnan frá Klaustursmarki, sem er í opinn Stjórnarfoss; svo ræður Stjórn norður undir Helgafjallsenda þar í vörðu, sem er endamark, úr þeirri vörðu beina línu í vörðu á Staðarselsfelli, þaðan fram í brúnina á Dalsbotninum við svo kallaðan Skollastíg, þaðan úr nefi austan við Skollastíg beint í Bolastein og í Söðulstein, sem er á millum bæjanna Merkur og Geirlands, beina línu að Klausturslandi á söndum

Afrjettartiltala fylgir þessum jörðum að tiltölu við aðrar jarðir á Síðumanna afrjetti. Túnum og engjum hefur verið skipt hingað til, en nú er einn ábúandi á báðum jörðunum og virðist því ekki þörf að tiltaka ^{mörkin} frekar en þetta þeirra í millum.

Höfðabrekku 22. maí 1889.

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 80, bls. 93

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Hæðargarð í Vesturskaptafellssýslu.

Að vestan úr mynninu á Fossá til suðurs í Sýrupollshól, þaðan ~~úr~~ Tripphól, þaðan í Markhól, úr honum eptir engjamörkum upp yfir Skaptá að Klaustursmarki.

Afrjettartiltölu sem aðrar jarðir á Síðumannaafretti.

Höfðabrekku 14. maí 1886

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 81, bls. 94;

Vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjarðirnar Eystri- og Ytri-Tungu í Vesturskaptafellssýslu.

Jarðir þessar hafa afskipt tun og engjar en annað land í sameiningu. Að vestan úr Tripphól til norðausturs í Markhól; þaðan stefnu eptir engjamörkum upp yfir Skaptá í Kirkjubæjar-klausturslandi. Að sunnan og austan: aptur úr áður nefndum Tripphól til suðurs í Tungulæk eptir honum til austurs, og svo til norðurs í Rjettarvaðshól austan megin við Tungulæk, þaðan beint í svo kallaðan Heimsendir fyrir ofan Skaptá, þaðan sömu stefnu að Keldunúpslandi. Afrjettartiltölu sem aðrar jarðir í Kleifahreppi á Síðumannaafsrjetti.

Höfðabakka 2. október 1889.

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 82, bls. 95;

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



83.

Landamörk kringum þjóðjörðina Ásgarð í Vesturskaptafellssýslu.

Að vestan úr Rjettarvaðhól við Tungulæk til norðausturs í sker, sem kallað er Heimsendir fyrir ofan Skaptá, þaðan beina línu að Keldunúpslandi. Að austan og sunnan: Aftur úr Rjettarvaðshól í Beinaklett, þaðan í Dagmálapúfu beina línu í Skaptá. Afrjettartöltu í Síðumannaafjrjetti fylgir jörðinni.

Höfðabrekku 14. júní 1889

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 83, bls. 96.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum Þjóðjörðina Kárstaði með Refstöðum

Að norðan frá Skaptá í Dagmálapúfu, úr henni í Beinaklett þaðan í þúfu á Rjettarvaðshól. Að sunnan: Úr Söðulskeri við Tungulæk og í Myrkvastofu, þaðan í Hlíðskjálfi, þaðan í Arnarpúfu, svo beina stefnu í Skaptá. Afrjettartöltu á Síðumannaafjrjetti fylgir jörðinni.

Höfðabrekku 14. júní 1889.

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 84, bls. 96;

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum þjóðjarðirnar Hátún, Efri- og Syðri-Víkur.

Jarðir þessar hafa afskipt tún og engjar, hver fyrir sig, en annað land í sameiningu, og eru mörkin að ofan eða norðan: úr Söðulskeri við Tungulæk, þaðan í Myrkvastofu, þaðan í Hlíðskjálfi, þaðan í Arnarþúfu, svo beint í Skaptá að sjá sunnan til í Orustuhól. Að sunnan: úr Barnhól austur að Hörgslandsmarki, sem er austast úr Uppsalahálsi að bera í Skógfoss. Aftur úr Barnhól í vestur í Blesalandshól, þá í Hánypu, þaðan í Hátúnakellingu, þaðan í Ærklett. Að vestan útnorðan: Úr Ærklett yfir Vörðusker í vörðuna á Þórarinshólma, úr þeirri vörðu beint uppí Tungulæk, sem ræður svo, þar til á bóg við aðurnefnt Söðulsker. Afrjettartöltu á Síðumannafrjetti

Höfðabrekku 14. júní 1889.

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu, nr. 85, bls. 97

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk kringum þjóðjarðirnar Eystridalbæ, Uppsali og Fagurhlíð í Vesturskaptafellssýslu.

Jarðir þessar hafa afskipt tún og engjar hver fyrir sig, en annað land í sameiningu, og eru mörkin að norðan: frá Hörgslandsmarki, sem er austast úr Uppsalahálsi að beru í Skógfoss, svo ^{í vestur} ~~á~~ptur í Barnhól, úr honum í Blesalandshól.

Að sunnan: Úr Hestlækjargilskjapti beint að Hörgslandsmarki, svo úr Hestlækjargili í Hrafnaklett, þaðan í Skollaklett, þaðan í Möguskjól, þaðan í Ærklett. Afrjettartitala á Síðumannaafjrjetti.

Höfðabrekku 14. júní 1889.

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 86, bls. 98.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Þykkvabæ og Hraunkot í Vesturskaptafellssýslu.

Jarðir þessar hafa afskipt tún og engjar, en annað land í sameiningu. Mörk að norðan og austan: frá rekamáli, svo með Hörglandsmarki, sem ^{ber} úr Skógfoss í vörðu austast í Uppsalahálsi. Að norðan: úr þessu marki í Hestlækjargilskjapt, þaðan í Hrafnaklett, þaðan í Skollaklett, þaðan í Möguskjól, þaðan í Ærklett.

Að vestan úr svo kölluðum Hrók, þaðan í Marksker, þaðan í Tröllshil, þaðan í Klofaklett, aptur þaðan til austurs í klettinn austan við Fljótsbrúna, þaðan í vörðu á Fljótsbökkunum þaðan beina stefnu að rekamáli eða Hörglandsmarki.

Fjara fylgir jörðinni, sem liggur á milli Kirkjubæjarkl.^{fjöru} og Breiðabólstaðarfjöru, og er mörk að vestan.

Höfðabrekku 16. maí 1889.

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum ^{19. júní 1890} og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 87, bls. 99, vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjarðirnar Arnardrang, Eystra- og Ytra-Hraun í Vesturskaptafellssýslu.

Jarðir þessar hafa afskipt tún og engjar, en annað land í sameiningu. Mörk að austan og norðan: Úr Markhellu, sem er útnorðursmark, úr henni í Marksker, þaðan í Hrók, þaðan í ² vörður hlaðnar við Efralækjarminni við Skaptárvötn, svo að Þykkvabæjarmarki.

Að vestan: úr vörðu, sem er vesturhornmark, þaðan beint í Skerhól, utast og efst á Skerjamelum, þaðan í klett með vörðu á austan til á Skerjamelum, þaðan í vörðu austur í eggjum, úr henni í klett vestan við Markhellunef, úr henni beint í Skaptárvötn. Jarðir þessar eiga geldfjenaðar upprekstur á Síðumannaafrett.

Höfðabrekku 14. maí 1886.

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 88, bls. 100

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk í kringum þjóðjörðina Nýjabæ í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan: úr mynninu á Fossá til suðurs í Sýrupollshól, þaðan í Tripphól, þaðan í austasta nefið á Syðstastapa, þetta er vesturmark. Fyrir ofan ræður Skaptá.

Afrjettartöltu sem aðrar jarðir á Síðumannafrjetti.

Höfðabrekkur 14. maí 1886.

Ólafur Pálsson.

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 89, bls. 101,

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum þjóðjarðirnar Heiði og Heiðasel í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan úr Gráhól á Svíra við Skaftá beina línu í þúfu á Flanghálsi, þaðan lína í Rastargil, úr Rastargili línu í vörðu á Stjórnarbotnaöxlinni háu, þaðan beina línu í Kálfá.

Að vestan lína úr Kálfá mitt á milli hásuðurs og landsuðurs í efstu upptök Fjarðarár; þaðan ræður Fjarðará að brunahrauninu, þaðan bein lína í vörðu á hraunbrúninni að Dalbæjarlandi.

Millum Heiðar og Heiðarsels ræður Streitugil að marklínu að austan og jörðin Heiði á fría sumarreit fyrir geldfjenað á nyrzta parti Heiðarselslands.

Samkvæmt fullnaðar úrskurði amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 10. apríl f.á., á ábúandinn, sem nú er á Hunkubökkum, óskertan rjett að brúka þær slægjur sem hann hingað til hefur ~~þegar~~ brúkað innan ofangreindrar línu; en þegar ábúanda skipti verða á Hunkubökkum, þá fellur allt fyrir vestan nefnda línu, úr Gráhól í Flangháls, undir Heiðina. Afrjettartiltölu sem aðrar jarðir á Síðumannaafjrjetti.

Höfðabrekku 24. maí 1890

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 90, bls. 101

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum þjóðjörðina Ytri-Dalbæ í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan línu að bera í Seta fyrir ofan Skaptá, svo ræður Merkigarður, sem sjest fyrir sunnan Skaptá; úr suðurenda hans í Kalfsker Klofasker, svo ræður eptsti lækur til upptaka í Hrapphellu, svo úr henni, sem er vesturmark í Gráhól við Skaptá, svo ræður hún austur að áðurnefndum Seta. Fjara fylgir jörðinni liggjandi millum Efri Steinsmýrarfjöru og Kirkjubæjarklaustursfjöru, á að vera 334 faðmar.

Jörðin á afrjett sem aðrar Landbrotsjarðir.

Höfðabrekku 26. maí 1890.

Ólafur Pálsson

Helga Jónsdóttir

Jón Hannesson

Stefán Hannesson

Runólfur Jónsson.

Lesið á manntalþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 91, bls. 103
vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hólms í Kleifarhreppi með Lækjum.

Úr Systrastapa beina línu í Tripphól, úr Tripphól í Marksker fyrir utan Engháls, þaðan í klett á Gunnarsbót, sem nefndur er Guðni, úr Guðna í Markhelli, þaðan í Hrapphelli, sem er út af efsta krók, og svo ræður efstilækur til upptaka, úr ^{Klofa}Kalfaskeri í Merkigarð úr Merkigarði og í Seta, sem fjallmark í Hunkubakkaheiði fyrir vestan Laxá. Að norðan ræður Skaptá milli Systrastapa og Seta. Jörðin á afrjett að tiltölu við aðrar Landbrotsjarðir.

Hnausum 26. Mai 1890

Helga Jónsdóttir, Stefán Hannesson, Jón Hannesson
eigendur jarðarinnar Hólms með Lækjum.

Ólafur Pálsson

Runólfur Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 92, bls. 104,

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landmörk jarðarinnar Hruna í Vesturskaptafellssýslu eru þannig:

Vesturmarkið: tekin bein stefna úr Klöpp í Selá, sem er milli Dals og Seljalands í Háaklett, sem er í miðju hrauninu og í vörðu, sem er framarlega á dyngjunum, og er í Orustustaða þvermarkið; svo liggur Orustustaða þvermarkið austur í svokallað Marknef og svo ráða vörður fram eftir sandinum beina stefnu allt að rekamáli. Austurmarkið: tekur bein stefna úr austurbrú á Geldingadalsfjalli, í vörður, sem eru í hrauntanganum vestan við Seljalandsfit og svo í stiku, sem er í holti suðurundir vötnum, og svo beina stefnu allt að rekamáli, en þvermarkið að ofan er Hverfisfljót.

Ábúendur jarðarinnar:

Elín Jónsdóttir á Teygingalæk

Anes Jónasson á Hruna

Jón Magnússon á Dalshöfða,

Þórarinn Þórarinsson á Seljalandi

Þorgerður Björnsdóttir

Guðlaugur Guðmundsson að Þverá

Ólafur Pálsson

Bjarni Þórarinsson.

Lesið á manntalsþingia að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 93, bls. 105

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki umhverfis þjóðeignina Þykkvabæjarklaustur í Alptaveri í Vestur-Skaptafellssýslu.

1. Milli Þykkvabæjarklausturs og Mýrna.
Fjörumarkið er: Hvalnýpa að bera í Sjónárhól í Suðurhögum; þó eiga Mýrar fjöruítak í Þbkl.-land, er Stúfur nefnist 120 faðma í vestur frá Hvalnýpu. Landamörkum ræður sjónhending úr Sjónarhól í vörðu á Sauðhúsnessrofum, þaðan í vörðu við Sauðhúsnessreit, og þaðan í vörðu á Mjóásvatnsbakka.
2. Milli Þbkl. og Bólhrauna. Fjörumarkið er austasta, hæsta skerið (o: varða á því) í Bólhraunum að bera í miðjan Einhyrning (sbr. Samning 29. okt. 1885, undirskrifaðan af hlutaðeigendum). Landamörkum ræður sjónhending vestan megin Hjáleigubótar úr vörðunni á áðurnefndu skeri, í vörðu í miðri Arfabót.
3. Milli Þbkl. og Hraunbæjar ræður landamörkum bein stefna úr vörðunni í Arfabót, í mynnið á Hraungerðisrás, sem úr því ræður mörkum allt upp í Herjólfsstaðaland.
4. Milli Þbkl. og Herjólfsstaða ræður landamörkum bein stefna úr vörðu við Hraungerðisrás í Staðarþúfu.
5. Milli Þbkl. og Holts ræður bein stefna úr Staðarþúfu í heygarðshliðið á vesturbænunni á Jórvík.
6. Milli Þbkl. og Jórvíkur ræður bein stefna úr áðurnefndu heygarðshliði, í útnorðurhornið á Mjóásvatni.

Þbkl. 19. júní 1890.

Sigurður Nikulásson

Jón Andresson

Þorsteinn Bjarnason

Bjarni Einarsson.

Lesið á manntalsþingi að Langholti 20. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 94, bls. 106,

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki umhverfis ljensjörðina Mýrar í Alptaveri í Vesturskaptafellssýslu.

1. Milli Mýrna og Þykkvabæjarklausturs: Fjörumarkið er Hvalnýpa að bera í Sjónarhól í Suðurhögum; en svo eiga Mýrar fjöru-ítak, er Stúfur nefnist, af Klaustursfjöru 120 faðma vestur frá Hvalnýpu. – Landamörkum ræður sjónhending úr Sjónarhól í vörðu á Sauðhúsnessrofum, þaðan í vörðu við Sauðhúsnessreit, og þaðan í vörðu á Mjóásvatnsbakka.
2. Milli Mýrna og Jórvíkur ræður landamörkum bein sjónhending frá vörðu á Mjóásvatnsbakka við Mýrnastokk, í vörðu við Blönduvatnsleiru, þaðan í vörðu austur við Skálm nálægt Grjótseyrarlæk beina stefnu austur að Sandalandi.
3. Milli Mýrna og Sanda ræður fjöru- og landamörkum bein sjónhending: tanginn ^(þ.e. táin) á Grjóteyri í Jórvíkurlandi að bera ^{ve}æustan í há-Hlíðarnúp.

Mýrum 12. maí 1890.

Bjarni Einarsson (prestur).

Framantjeðri lýsingu erum vjer samþykkir:

Sigurður Nikulásson, Brynjólfur Eiríksson, Jón Andresson, Ingibjörg Jónsdóttir
(ábúendur Þykkvabæjarklausturs)

Ólafur Pálsson (umb. m.)

Páll Símonarsson

Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Langholti 20. júní 1890 og ritað í landabamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 95, bls. 107

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá yfir landamörk umhverfis eignarlönd Þykkvabæjarklaustursjarðarinnar
Botna í Leiðvallarhreppi.

Suðausturhornmark er sker austur í eldhrauni, eru á skeri því hlaðnar þrjár vörður, sem brúkast eiga fyrir hornmark. Þaðan er merkjalínan beina sjónhending í Landbrotssker, sem er suðvesturhornmark. Þaðan beina línu í Barnkellingu. Úr Barnkellingu beina stefnu fram með Ása- og Svínadalsslöndum, upp að Skálarlandi og er hlaðin grjótvarða upp að á norðvesturhorni landsins. Þaðan liggur merkjalínan beina stefnu austur að Efri-Steinsmýrarlandi, fram með Skálarlandi, er þar á norðausturhorni landsins hlaðin varða. Úr vörðu þeirri liggur merkjalínan beina stefnu í hið fyrst nefnda suðausturhornmark, Þrívörðusker.

Botnum hinn 6. dag júnímán. 1890

Ólafur Pálsson, Eyjólfur Eyjólfsson.

Ofanskrifuðum landamörkum erum við samþykkir:

Helga Jónsdóttir

Ingibergur Ólafsson

Þorsteinn Þorgerðarson

Árni Árnason

Lesið á manntalsþingi að Langholti 20. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 96, bls. 108

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjalýsing Efrifljóta.

Byrjar á Markhellu, sem er úti í hrauninu fyrir utan Efri Steinsmýri, þaðan til austurs bein lína í vörðu á Sótabakka, sem er fyrir austan og framan Efristeinsmýri, þaðan til suðurs bein lína í Araþúfu, sem er á túninu á í Systa bænum á Steinsmýri, þaðan ~~sömu~~ sama lína í Gjúbbakkamark; úr Gjúbbakkamarki sama lína suður í Eldvatn, svo ræður Eldvatnið út að skeri, sem er sunnan við vatnið og ~~um~~ er mark á milli Hnausa og Feðga, þaðan til norðurs á Tvívörðusker, sem er langt uppí hraunin ~~um~~ svo til austurs sem fyr var getið. Bæirnir Syðristeinsmýri standa innan þessara landamerkja í landi Efri Fljóta og hefur ~~Syðr~~ Syðristeinsmýri hálfan móa ~~um~~ fyrir vestan túngarði til afnota fyrir þetta leggst frá Syðristeinsmýri til Efrifljóta hrossabeit fyrir austan Fljót, og svo kallað Bæjarflóð eða Bæjarmýri með fylgjandi þerrilöndum. Líka hafa Efrifljótar ítak í Syðrifljótarmelum, svokallaða Fljótabúst og melana þar í kring; fyrir þetta leggst frá Efrifljótum til Syðrifljóta torfrista og reiðingsskurður. Fjörueign í sameiningu við Syðrifljóta.

Efrifljótum, dag 15. marz 1889.

Stefán Einarsson

Páll Sigurðsson

Þorkell Einarsson

Ólafur Ólafsson

Eyjólfur Eiríksson

Björn Hávarðsson

Eyjólfur Pálsson

Helga Jónsdóttir

Halldóra Magnúsdóttir

Helga Jónsdóttir

Lesið á manntalspíngi að Langholti 20. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 97, bls. 109

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



98.

Landamörk í kringum eyðijörðina Bólhraun í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan úr stiku á fjörunni, úr henni í vörðu á skeri vestan við Drengjafarveg, svo ræður Drengjafarvegur meðan sjest, svo í vörðu í Arfabót; en að vestan fjörumark og landmark. Stika á fjörunni, sem beri saman við í vörðu utast í Bólhraunum, úr henni í vestasta taglið á Rjúpnafelli

Höfðabrekku 14. maí 1890

Ólafur Pálsson.

Markús Loptsson.

Lesið á manntalspingi að Langholti 20. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 68, bls. 111,

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Giljum í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan: Slægjumark úr Gilnatanga ræður Rauðilækur upp í ~~Böt~~ botn, síðan beint í vörðu fyrir framan túngarðinn á Giljum, þaðan fyrir framan garða í Eystri garð lögrjettunnar og eiga þeir fría stungu í túngarðinn, svo upp í Markhól svo upp í brún, svo ~~upp~~ ræður brúnin vestur á móts við Merkigarð, sem sjest brot af, uppí Sauðafellsbrún í vörðu þar; svo ræður brúnin á Sauðafelli í vörðu upp yfir Marktorfu í fyrnefndu Sauðafelli, svo beint eptir vörðum á Gilnarana í Deildarágil, svo ræður Deildará suður þangað er hún fer alfarið vesturúr; úr þeim bug aptur austur í fyrnefndan Gilnatanga.

Skógarhögg í Hrísnalandi í svokölluðum Árbug.

Giljum 17. júní 1885

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Markús Loptsson

Halldór Jónsson

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 99, bls. 111

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk fyrir þjóðjörðunum Hryggjum og Skeiðflöt innan Vesturskaptafellssýslu 1886.

Að norðan: Úr Markklett, sem er fyrir norðan Skeiðflöt, svo í 3 vörður austast á skerinu á hlíðinni, þaðan í Rjettarklett, úr honum í útsuður í Hádegisskarð, þaðan eptir Götuhrygg vestur í Hryggjakvísl. Að vestan ræður slægjumörk millum Hvals- og nefndra jarða, norður að Ketilstaðaslægjumarki, sem ræður austur að áðurnefndum Markkletti. Tún og slægjumörk eru hin sömu og verið hefur hagbeit í sameiningu. Skógarhögg eiga þessar jarðir í Hrísnesslandi í svokölluðum innri Hrútaðölum.

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Þorsteinn Árnason

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 100, bls. 113

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Skagnesi í Vesturskaptafellssýslu.

Að vestan ræður Brandslækur frá Breiðuhlíðarmarki að sunnan upp að Jarðfalli vestan víð lækinn, svo úr læknum upp úr Marktorfu, svo eptir vörðum upp á heiðinni austur að Skammadalssandi, sem beri í Sauðafellsbrúnina að framan.

Að austan ræður Skammadalssmark úr Marktorfu á Sauðafelli í Marktorfu í Neskili, úr Neskili suður að þvermarki, sem er varða við Brandslæk, sem beri í Svarthamraból.

Skógarhögg í Hrísnesslandi innri Hrutadölum

Höfðabrekku 10. júní 1890

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Úlfur Kr. H. Runólfsson

Magnús Runólfsson

Markús Loptsson

B. Guðmundsson

H. Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Loptsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 101, bls. 114

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Norðurhvammi og bændaeygninni Suðurhvammi í
Vesturskaptafellssýslu.

Að austan ræður Hvammá eystri kvíslin eptir eystra Miðtungugili uppí brún á Grænafeili. Að norðan ráða brúnirnar á Grænafeili, og þegar þeim sleppir, brúnirnar á Sauðafeili vestur að vörðu á móts við Merkigarð. Svo ræður Merkigarður fram á brún. Svo austur af brúninni á móts við Markhól beint í eystri garðinn á lögrjettunni, svo út með görðum í vörðu fyrir framan Gilnabæ ^{og eiga þeir fría stungu í túngarðinn}, úr þeirri vörðu í botninn á Rauðalæk og svo ræður Rauðilækur, svo í Gilnatanga suður að Hverfismarki. Tún og slægjumörk á millum jarðanna Hvamma eins og verið hafa. Hagbeit öll í sameiningu við Suðurhvamm; jörðin á skógarhögg í Hrísnesslandi í svokölluðum Hrutadölum norðanmegin.

Höfðabrekku 25. júní 1888

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Ólafur Stephensen (p.t. umboðs ^{ráða} maður Heiðardals)

Halldór Jónsson

Jón Þorsteinsson.

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu nr. 102, bls 115

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kringum landareign þjóðjarðarinnar Ketilsstaða:

Að vestan úr Rjettarklett beint í Markklett fyrir innan Skeiðflatartúnið og svo slægjumark úr þeim og úti Markkeldu milli Hvols og Ketilsstaða og svo ræður Markkelda að vestan á slægjulandi milli Steigar og Ketilsstaða beint úr Eyjarhól og í miðjan Torfgilsgarð og svo í svo kallaðan Moldarskurð framan í svokölluðum Flötum; svo úr þeim skurði að austan og beint í dagmálavörðuna vestan á Geitafjalli, svo úr þeirri vörðu í gamlan markgarð á Vesturgerðunum og vestur á Hágerði eftir hlöðnum vörðum og þaðan í fyrnefndan Rjettarklett. Skógarhögg í Hrísnneslandi í svo kölluðum Klausturskógum.

Ketilsstöðum 23. mars 1886.

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Guðmundur Snorrason, Jón Loptsson, Runólfur Sigurðsson, Björn Sigurðsson, Björn Bjössson, Þ.H. Árnason, Þórður Sigurðsson, Valgerður Einarsdóttir, Sæmundur Bjarnason, Sigurður Ólafsson, Jón Þorsteinsson, ábúendur Hryggja og Skeiðflatar.

Finnur Þorsteinsson

Halldór Jónsson

Jón Eyólfsson.

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 103, bls. 116.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk fyrir þjóðjörðinni Fossi í Hvammshr. í Vestur Skaftafellssýslu 1889.

Að vestan Merkjakambur, svo í beinni línu í vörðu við vesturenda Stafholtsbrúar, þaðan beina línu í vörðu við vesturendann á svo nefndri Þverkeldu. Norðurmark ræður Þverkelda austur í Saurakeldur í endann á Fossgili. Úr því ræður Fossgil að austan þar til tveimur vörðum fyrir austan bæinn Foss – beri saman úr þeim vörðum í Rauðuflá í brekknabrún, þaðan beina stefnu í Tvíbytnauga ofan við Háaskjól, enn Fossland nær ekki nema að Hvammsá, svo ræður hún upp að Vikurgarðslæk. Kúabeit í annað mál í staðinn fyrir slægjustykki, sem kallaður er Víkurteigur.

Höfðabrekku 25. júní 1889.

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Eigendur og umboðsmenn Reynishverfis:

H. Jónsson

Klemens Klemensson

Finnbogi Einarsson

Einar Brandsson

Árni Högnason

J. Jónsson

S. Sigurðsson

Jón Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 104, bls. 116

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamörk fyrir þjóðjörðunum Suður- og Norður- Götum í Vestur-Skaftafellssýslu 1889.

Hvammsá ræður að vestan norður úr gegn og suður á móts við Merkjakamb, úr honum sjón(hend)ingu í vörðu við vesturenda Stafholtsbrúar, svo sjónhendingu í vörðu norðan við Þverkeldu, úr þeirri vörðu í Krákustand. Svo ræður Krákugil, svo Selgil, svo lengi sem það endist, úr Selgilsbotni í Presthelli, svo aftur í Hvammsá, sem ræður norður í Kálfárgilsbotn. Jarðir þessar hafa afskift tún og engjar, en hagbeit í sameiningu. Jarðirnar eiga skógarhögg í Hrísnesslandi í svokölluðum Árbug.

Höfðabrekka 10. júní 1890

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Ólafur Stephensen (p.t. umráðamaður Heiðardals)

H. Jónsson

Eigendur og umboðsmenn Reynihverfis:

Klemens Klemensson

Finnbogi Einarsson

Einar Brandsson

Árni Högnason

J. Jónsson

S. Sigurðsson

Jón Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 105, bls. 117.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki í kring um landeign þjóðjarðarinnar Brekna í Dyrhólahrepp.

Milli Brekna og Rauðháls liggur markið úr Kýrkeldubotni eftir engjamarkinu í túnmarkið í Kinnum, þaðan beina sjónhending í Grástein í Oddnýjartjörn, úr Grástein í Moldskurð norðan við Oddnýjartjörn, úr Moldskurð beina leið í Grettishaf, úr Grettishafi beina leið sjónhending í Bólhólma, úr Bólhólma sjónhending í Kollból í Litlhöfða, úr Kollbóli í miðja Bláuskriðu norðan í Búrfelli, úr Bláuskriðu sjónhending fram af Búrfelli austan við vestri eggjar í Nefskjól fremst á Búrfelli, þaðan eftir merkigarði á Langholti í Kerlingargil, svo eftir Kerlingargilslæk í Brandslæk, eftir Brandslæk suður að Skyrteig, þar byrjar Dalgarðsrás og liggur markið eftir henni í Bolarás, svo eftir Bolarás í Kýrkeldu kálf suður við ós, þaðan ræður Kýrkelda í Kýrkeldubotn.

Brekkum 21. apríl 1889.

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Stígur Jónsson

Magnús Runólfsson

H. Jónsson

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 106, bls. 118.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir jörðunni Höfðabrekku í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að vestan fjörumark, að drangurinn vestan við Hnitbjargarhaus beri í mitt sund á millum Byrnuhausar og svo kallaðra Hnausa í Höfðabrekkuhálsi. Frá Hnausum ræður Kerlingardalsá inn á móts við Byrnustein úr honum sjónhending eftir hábrúnunum fyrir sunnan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, enn úr norðurenda hans beint í Merkigil, svo ræður það, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn að framan, svo ræður hann norður í jökul.

Að austan fjörumark: Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötlusandi beri í miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða úr almennu flæðarmáli, enn til tryggingar, ef breyting kynni að verða á, svo sem ef Katla gysi, þá er það: fremsti Reynisdrangur beri fremst í Dyrhólaey, enn landmarkið úr fjörumarki beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul. Enn kynni hlaup að koma og fjaran að ganga fram, þá á landmarkið að ráða. Skógarbrúkun í Klausturskógum í svo nefndum Þjeturshól.

Höfðabrekku 6. febrúar 1887

Ólafur Pálsson (fyrir hönd eigandans)

Andres Andresson (yngri)

Markús Loptsson

Egill Gunnsteinsson

Anna Stephánsdóttir

Andres Andresson (eldri)

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 107, bls. 119.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landmark fyrir jörðinni Kerlingardal í Vesturskaftafellssýslu:

ræður Heiðargilsá frá jökli og fram í Byrnustein, svo úr honum sjónhending eftir hábrúnum, fyrir framan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, svo úr honum í Merkigil, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn, svo ræður hann í jökul

Fjörumörk ofanskriðrar jarðar að austan: að drangurinn vestan við Hnið-bjargar hausinn beri í mitt sund á millum Byrnuhausar og svokallaðra Hnausa á Höfðabrekkuhálsi.

Enn að vestan skal byrnusteinn bera í upphlaðna vörðu, sem er á svo kölluðum Hvíltarhól.

Kerlingardal 28. júní 1890

Ólafur Pálsson

Andres Andresson (yngri)

Anna Stephánsdóttir

Andrjes Andrjesson (eldri)

Egill Gunnsteinsson

Fjörumörk milli Kerlingardals og Herjólfstaða á Dynskóga fjöru eru þessi, að rótin að neðan og austan á Sandfelli beri í lága hausinn, sem er vestan við hæsta hnúkinn á Öldufelli.

Kerlingardal 28. júní 1890

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Andres Andresson (yngri)

Anna Stephánsdóttir

Andrjes Andrjesson eldri

Egill Gunnsteinsson.

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu Nr. 108, bls. 120.

Vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

= 1,00

-Ein króna-

Sigurður Ólafsson



109.
Samningur.

Ár 1713 þann 7. nóvember á Mýrdalssandi. Athuguð fjörumörk milli konungsjarðarinnar Hjörleifshöfða og bóndaeignarinnar Kerlingadals í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur Runólfur Jónsson, búandi á Höfðabrekku framlagt skjal, skrifað á Þykkvabæjarklaustri þann 18. september sama ár með undirskriftuðu nafni herra lögmannsins Jóns Ólafssonar og trúverðugs valdsmanns Ólafs Einarssonar, klausturhaldara Þykkvabæjarklausturs, enn sín vegna Jón Einarsson og Hallgrímur Jónsson, eignarmenn Kerlingadals, hverjir á þessum degi skýr og skilmerkileg skrif framleggja um fjörumörk milli Hjörleifshöfða og Kerlingadals, hver mörk nú glögglega sjást.

Næst framkomu þriggja mannvitnisburðir, skrifaðir 1631 um fjörumörk milli Hjörleifshöfða og Kerlingadals, sem öllum ber saman. Eftir þessum vitnisburðum hafa þeir göfugu herrar Magnús og Hákon, synir Þorsteins fyrrum Þykkvabæjar klausturs haldara, farið, og Hallgrímur Magnúss eignarmaður Kerlingadals, hverjir gert hafa skriflegan samning um áðurtjeð fjörumörk, að á milli Hafurseyrar að austan og utasta og vestasta hornsins á Sandfelli skal af fjörunni sjást með beru auga rifa norður í jökulinn, þó má sú rifa eða bilið milli fjallanna ekki sjást lengra niður enn niður að brekkunni efst við bergið austan í Hafursey.

Að þessi ofanskrifuðu fjörumörk skuli haldast óbreytt hjer eptir alla tíð, erum við undirskrifaðir, sem nú erum eigendur Hjörleifshöfða og Kerlingadals alveg sáttir um og eru okkar nöfn því til staðfestu hjer undir-skrifuð.

Skrifað á Hjörleifshöfða þann 22. júní 1890

Markús Loftsson, eigandi Hjörleifshöfða

Egill Gunnsteinsson, Andres Andresson (yngri), Anna Stephánsdóttir, Andrjes Andrjesson
(eldri) eigendur Kerlingadals

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 109, bls. 121.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Lýsing á landamerkjum Reynishverfis, samt Bólstaðar, Engigarðs og Rofa móts við kringum liggjandi jarðir, sem eru: Hvammur, Foss, Götur, Heiði, Kerlingardalur, Vík, Fagridalur, Skammidalur og Dyrhólahverfi, alt í Dyrhólahrepp.

Á Reynishverfi alt land innan eftirritaðra merkja, sem eru:

Úr Tvíbytnauga – það er skamt í norður frá Háaskjóli – ræður sjónhending í Rauðuflá í Fossbrekkum, úr flánni beina línu í vörðu fyrir austan bæinn á Fossi, þaðan í aðra vörðu norðar og sama stefna í Fossgil, svo ræður það norður að Þverkeldu, svo hún vestur í Bæjargil og svo stefna hennar svo langt vestur í Stöðlaholt, að ríðandi maður aðeins sjái á bæinn í Innra-Hvammi. Þaðan ræður sjónhending í Krákustand að læknum í Krákugili, svo ræður lækurinn að Þvergilinu, og það svo að garðinum við botna þess, svo garðurinn, þar til hann þrýtur, þaðan sjónhending í Hundagil = Hvammgil, þaðan sjónhending í Tvíbytnauga og sama stefna austur í Heiðarvatn, svo ræður vatnið og Vatnsá austur í Kerlingardalsá og svo hún suður á móts við Skjónutorfu, þá liggur markið í hana, eftir henni og beint uppá brún, svo ræður brúnin norður í Þuragil uppá brúninni. Þórshafnarklakkur sunnan í Reynisfjalli er í marki og liggur það af honum beint upp á brún og ræður svo eystri brún fjallsins norður í fjallsenda, þaðan sjónhending í versturendann á mokuðu keldunni, sem liggur austur úr Saurukeldu botnum, svo ræður keldan, og úr eystri enda hennar sjónhending upp á Kjónsabrún í hausinn, sem er upp yfir gilbotninum, sem er sunnan undir Götskál, þaðan sjónhending í áðurritað Þuragil austur í Bólstaðarbrún. Úr fyrstrituðu Tvíbytnauga og vestur í Rauðalæk ræður sama stefna og er á markinu austan úr Rauðuflá. Úr þessari stefnu ræður Rauðilækur suður að Skammadalshólmum og svo austasti lækurinn, svo eftir brúkuðum slægjumörkum, sem ekki verður lýst og sem ekki verða stungin upp vegna hreyfinga af ósnum, og svo úr slægjumarkinu á bakkanum skemstu leið í aðalál óssins. Rekamark að vestan er úr Skorpunefi og alt austanundir Dyrhólaey norður í Lambhaga horn og svo beint í aðalál óssins.

Bólstaður, Engigarður og Rof eiga ekkert land fyrir framan Saurukeldu nema Bólstaður inn svo kallaða Bólstaðarteig. Enn fyrir norðan og austan Saurukeldu að rjettri tiltölu við Reynishverfi.

Reynishverfingar eiga, ef þeir vilja beit í annað mál allan seltimann fyrir ofan Vatnsá fyrir nytfjenað móti því að jarðaeigendur borgi prestinum á Heiði 2 fjórðunga smjörs fyrir hvert ár, sem beitin er notuð.

Reynishverfi h. 20. d. apríl mán. 1883

Eigendur, umráðamenn og fullmaktaðir leiguliðar:

G. Gíslason

K. Klemensson

Fb. Einarsson

Br. Einarsson

Högni Árnason

Ólafur Jónsson

G. Jónsson

Jón Jónsson

Einar Brandsson

Einar Brandsson

H Jónsson

Jón Pálsson

P.H. Árnason



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Þorsteinsson (nafnið handsalað)
Sveinn Sigurðsson
Þórður Sigurðsson

Framanritaða landamerkjalyfing samþykkjum vjer undirskrifaðir hlutaðeigendur:

Sæmundur Bjarnason
Finnur Þorsteinsson
Ólafur Stephensen (p.t. umboðsm. Heiðardals)
Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 110, bls. 122

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing	0,75
Bókun	<u>0,25</u>
	Kr. 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki jarðanna Breiðuhlíðar, Stóra-Dals, Neðra-Dals, Fjósa og Kaldrananness.

Þar eð við hjer undirskrifaðir sem hlutaðeigendur Dalalands höfum samið sameinað okkur til að athuga og tilgreina mörk fyrir landi okkar, þá vill samkvæmt gömlum mörkum og munnmælum þannig álitast;

Fyrst haga og heiðarþmark að vestanverðu, sem liggur úr Kerlingargili vestan til samkvæmt gömlum enn glöggum markgarði, sem liggur upp af Langholti, úr honum í Nefskjól á Búrfelli, úr Nefskjólí í vesturbrún á fremri Skjólhaus, úr honum í vesturbrún á nyrðri Skjólhaus, þaðan með vestureggjum að austan og í útnorðurshorn Búrfells, þaðan í Kollból á Litlahöfða, úr Kollbólí í Hálsgil, þar ræður Hafursá marki inn að Innri-einstíg, svo liggur það til jökuls eftir gilinu vestan við Gvendarfell.

Því næst austurmark Dalalands, sem liggur norðan úr Mosakambi suður í Skiftingaháls, þaðan í norðurhorn Gæsatinda, þaðan í Hestkambssel, þaðan sjónhending í Marktorfuodda á Sauðafelli, þaðan sjónhending í seltóttina á Nestorfum, þaðan austur í Marktorfuodda í Fjósakömbum.

Því næst slægjumörk: Fyrir vestan Brandslæk er dýjarás, nefnd Dalgarðsrás, sem aðgreinir (frá Brekkna slægjum) fyrst Skírteig, þá Dalgarð og syðst Sprengir, enn athugandi er, að tjeð rás hefur fyrir miðjum Dalgarði breytt stefnu sinni, þar hún nú rennur vestur í Kýrkeldu; ræður því að eins hennar forni farvegur marki fyrir syðri hluta Dalgarðs og Sprengir öllum suður að Ós.

Þá norður og austurmarkið: Á Brandslækjar bakka hinum eystri er gömul og gróin varða, úr henni liggur markið milli Ness og Dalamanna beina línu í Svarthamra, svo langt til austurs þar til komið er í beina línu úr miðri Marktorfu austan við Nesgil og í Tvíbytnauga í Miðmýrum, sú lína ræður austurmarki Dalamanna og frá Tvíbytnauga sömu stefnu suðurúr, enn hvað langt, vitum við ei til vissu, óskum því að fá upplýsingu á því efni, nefnilega að gerð sje grein fyrir ástæðum að því, að Hóláteigur, sem og fleiri slægjuskákar Dyrhólínga án greinilegra marka samkvæmt fyrgreindri línu, liggja innan okkar engjamarka.

Staddir á Neðra-Dal dag 2. júní 1883.

Jón Jónson

P. Þorsteinsson

H. Narfason

P. Arnoddsdóttir

J. Jónsson

S. Eyjólfsson

Br. Guðmundsson

J. Árnason

G. Arnoddssson

H. Jónsson

Ólafur Pálsson

Lesið á manntalspingi í Loftsdalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 111, bls. 124

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun 0,25
 1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá Dyrhólajarðanna (Austurhúsa).

Landamark er þúfa syðst á túni, ber í vörðu á Hlöðuhól á túni beint í sundið milli Dyrhólabæja, svo liggur markið vestur traðirnar, úr traðakjafi í þúfu, er stendur á Sandbrekku, þaðan í Merkigarð, ræður sá garður alt í Gerðalæk, svo Gerðalækur að vestanverðu í merkigarð, er liggur upp úr svokallaðri Bótarbrekku og í grjótvörðu á nyrðstu brún á Geitafjalli, þaðan í Gyltuból austan í fjallinu, og þaðan niður að mýri og inn með mýrinni inn fyrir svo kölluð Fjallsendaskifti í vörðu móts við reiðings nef að norðan, þaðan beint austur í Kýrkeldu, og skal þar hlaðast varða, ræður svo keldan suður úr og eftir af graslandi sleppur beint austur í Lambhaganef og svo í sjó austan við Dyrhólaey (Skorpunef í marki) og skal að austan Dyrhólaey fylgja rætur hennar eða það er við rís af sljettu, svo eiga Dyrhóla Austurhús Dyrhólaey drangana og svo vestur með sjó í fjörumark milli Austur- og Vesturhúsa, sem er varða áður nefnd á Hlöðuhól, ber í aðra vörðu á hól í Austurhúsa (Dyrhóla) túni og svo báðar til fjalls í Krukkshelli, sem er sunnan í Geitafjalli. Innan þessara takmarka hafa Vesturhúsa ábúendur haft ½ æfnot af Dyrhólaey í mörg ár óátaldir. Austurhús eiga frían lambaupprekstur í Koltungum.

Vík 21. júní 1890

Halldór Jónsson

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Þorsteinn Árnason

Eigendur og umb. Reynishverfis:

Finnbogi Einarsson

H. Jónsson

Klemens Klemensson

Einar Brandsson

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 112, bls. 126. Vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Landamerki fyrir Vesturhús Dyrhóla.

Fyrst úr þeirri vörðu, sem stendur á Hlöðuhól og ræður túnmark slægjumarki svo langt sem gras vex suður. Svo úr sömu þúfu í sunnið á milli Dyrhólabæja og eftir tröðunum fyrir norðvestan bæina beint í varnarhlíð, þaðan í Merkigarð og ræður sá garður alt í gerðalæk, ræður sá lækur í Gerðagilsbotn, svo úr Gerðagilsbotni eftir garðinum á gerðunum vestur á brúnina, þá eftir brúninni í Rjettaklett, þaðan sjónhending í garðinn, sem liggur í Hádegisskarð, svo úr Hádegisskarði og út með hólunum í þá þúfu, sem er á Götuhrygg, svo úr þeirri þúfu í ána, sem þar rennur fyrir vestan og kölluð er Hryggjakvísl, og ræður sú á fram að fjöru, enn fjörumark er úr þeirri grjótvörðu, sem stendur á utustu grashæð í vörðu austan til á Fagurhól og úr þeirri þúfu vestan til í bæinn í Álftagróf. Fjörumark milli Austur- og Vestur-húsa: úr þúfunni í túnmarki á Hlöðuhól í þá vörðu, sem er á austur-Dyrhólatúni, sem beri í Krukkshelli framan í Geitarfjalli. Vesturhús eiga hálfu Dyrhólaey að beit og fuglatekju sem og hálfan reka kringum eyna að norðan, líka fuglaveiði í dröngum, sömuleiðis þau slægjustykki, sem fylgt hafa og liggja milli Reynishverfis og Dalaslægja.

Ítak: lamba upprekstur í Koltungum í Kerlingardalslandi

Dyrhólum 30. júní 1890.

Þorsteinn Árnason

Sæmundur Bjarnason

Jón Eyjólfsson

Þórðu Sigurðsson

Halldór Jónsson

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 113, bls. 127.

vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

= 1,00

-Ein króna-

Borgað

Sigurður Ólafsson



Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Rauðháls í Dyrhólahrepp.

Mark milli Ketilstaða og Rauðháls er grásteinn í Oddnýrtjörn, þaðan í dagmálavörðu á Geitafjalli að norðan, úr dagmálavörðu í Gyltuból austan í Geitafjalli, úr Gyltubóli liggur markið niður að mýri, svo inn með mýrinni í vörðu móts við norðurhorn Reiðingsnefs, þaðan eins og verið hefur beint austur í Kýrkeldu, og skal þar hlaðast varða, og lofa ábúendur að hliðra til með skepnur hvor við aðra, þar lönd þessi liggja saman. Úr Kýrkeldu liggur markið milli Rauðháls og Brekkna með keldunni sem eftir er, ræður svo lækur, sem er slægjumark (Rauðaflóð), alt upp að Kinnum ^{og upp úr Kinnum} í eystri Kinnahaus, og svo þaðan sjónhending í fyrst nefndan grástein í Oddnýrtjörn.

Vík 21. júní 1890.

Ólafur Pálsson (umboðsmaður)

Halldór Jónsson, umráðamaður Rauðháls og Dyrhóla (Austurhúsa-jarða)

Lesið á manntalspingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 114, bls. 128.

Vottar Sigurður Ólafsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1,00

– Ein króna –

Sigurður Ólafsson



Skrá um landamerki fyrir jörðinni Hólmi á Mýrum

Fyrir jörðinni að austanverðu: Úr Berghól í Bleikukletti og þaðan í Moldhól, úr Moldhól í Selklett, og þaðan beint í Jökul

Fyrir jörðinni að utan: Úr Berghól í Miðhól og svo beint í Sóleyjukyrki á Kjeldhvelstungu.

Fyrir jörðinni að vestan: Úr Sóleyjukyrki í tópt, sem stendur á miðju Brúarholti, svo þaðan beint í litla Sundsker og síðan beint í jökul

Skógarítak tilheyrir jörðinni í svo kölluðum „Skálahvömmum“ í jökulfelli á Viðborðsdal.

Hólmi 23. apr. 1890

Jón Jónsson

Samþykktur Jón Brynjúlfsson, Geirsstöðum

Sömmuleiðis að því Borg snertir

Jón Jónsson (umboðsmaður)

Sigurður Sigurðsson (ábúandi)

Jón Sigurðsson meðeigandi Heinabergs

Guðmundur Sigurðsson ábúandi Heinabergs

Í umboði Jóns Jónssonar prófasti, Bjarnanesi

Gísli Jónsson.

Lesið á manntalspingi að Hömrum 11. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 115. Bls 128-129.

Guðl. Guðmundsson

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1,00

– Ein króna –



Landamerkjaskrá fyrir Hnappavelli

Landamerki milli Tvískerja og Hnappavalla er í mitt sundið milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar og beint til sjáfar. En á milli Hnappavalla og Fagurhólsmýrar eru landamörk, frá upptökum Yrpugils að ofan og fram úr Yrpugili og fram af miðjum Salthöfða, þó skal allur grashöfðinn fylgja Fagurhólsmýri. Aðalmörk á milli Hnappavalla og Fagurhólsmýrar engja eru: Frá Salthöfðanefi eptir ál, sem rennur austur framan undir höfðanum og í vörðu, sem er í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram í leirur. Fagurhólsmýri á ítak á Kvíarmýri fyrir 50 fjár (og) 3 hross.

Fjörumörk eru að austan: Milli Hnappavallafjöru og Bakkafjöru: Staur austan til á Kvíarmýri á að bera í stein framan í Kvíarmýrar kambi, þaðan í klett, sem er milli vatnafjalla og Staðarfjalls. – Að vestan eru fjörumörk: Hvalbein sem er sett niður fyrir ofan álinn á að bera í Giltu og beina sjónhending í Standberg, sem er vestan til í Hrafnakambi.

Hrappavöllum 3. maí 1890

Bjarni Vigfússon

Gísli Þorsteinsson

Þorsteinn Pálsson

Páll Bjarnason

Páll Þorsteinsson

Jón Guðmundsson

Ari Hálfðánarson

Þorv. Gíslason

Að því er snertir mörkin milli Hrappavallafjöru og Bakkafjöru, er ég undirritaður þessu samþykkur.
Sandfelli. 5. maí 1890.

Ólafur Magnússon núverandi umráðamaður Sandfells

Þess ber að geta, að Hrappavallahjáleiga á engjaítak í svonefndri húsfít í Fagurhólsmýrarlandi

Hnappavallahjáleigu 7. maí 1890

Þorsteinn Pálsson eigandi og ábúandi

Gísli Þorsteinsson, eigandi og ábúandi

Lesið á manntalsþingi að Hofi 14. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 116. Bls. 129-130

Guðl. Guðmundsson

Gjald:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1,00

– Ein króna –

Guðl. Guðmundsson



Undirskrifaðir gjörðu í viðurvist undirskrifaðra votta sín í milli eptirskrifaðan samning: Hnappavellir hafi tún og engjar eptir sömu ummerkjum, sem haldin hafa verið og eins Fagurhólmýri.

Hnappavöllum tilheyri beitoland allt austur frá Mýrardölum og svo nefndum Salthöfða-aur, ásamt Sandskarðsveitu, en Fagurhólmýri tilheyri beitoland allt frá nefndum ummerkjum að Gljúfursá. Þar að auk eigi Fagurhólmýrar ábúandi heimilt að reka 50^u fjár og 2 trippi til sumargaungu í Kvíarmýri

Staddir að Hofsnesi. 15^{da} dag júlím. 1850

Vigfús Þorsteinsson. handsalar

Páll Bjarnason. handsalaði

Bjarni Pálsson handsalar

Sigurður Ingimundsson

Gísli Gíslason

Sem vottar þessa samnings undirskrifa

M. G. Nordahl.

Jón Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Hofi 14. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 117. Bls. 130-131.

Guðl. Guðmundsson

Gjald:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00

– Ein króna



Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Rauðabergi í Kleifahreppi

Að austan: Krossá ræður til heiðarinnar, sem hún (áin) er löng; til og svo frá vestustu upptökum hennar beina línu í Alptadalsbrýr og úr því beint norður í jökul, svo aptur suður á bóginn úr Krossárfossi beint í Krossármynni og svo beina línu að stórstraumsfjörumáli.

Að vestan: ræður Djúpá, frá jökli sem hún hefir upptök sín og allt suður fyrir Rauðabergshraun, svo aptur suður á bóginn vestasti tanginn á Rauðabergshrauni og Lundur skal bera hvort í annað miðað frá fjalli, svo úr því beina línu að stórstraumsfjörumáli. –

Jörðin á fjöru liggjandi milli Núpsstaðarfjöru að austan og Kalfafellsfjöru að vestan.

Gjört að Rauðabergi 7. maí 1891.

Gísli Arnbjarnarson ábúandi í Rauðabergi

Ólafur Pálsson umboðsmaður

Jón Jónsson

Fyrir hönd Kalfafellskirkju

Bjarni Þórarinsson

Lesið á manntalsþingi að Mörk þann 4. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 118. Bls. 131-132.

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,⁰⁰ Ein króna



Skrásetning um landamerkjalyngingu jarðarinnar Eystri-Sólheima í Dyrhólahreppi, lýst af ábúanda og eigendum jarðarinnar, eptir skjölum og skilríkjum, sem vjer í höndum höfum, og svo eptir sogn núlifandi manna.

1. Lækur sá, sem er í Merkgili, skilur land Eystri og Ytri Sólheima og frá upptökum lækjarins, er markið til hánorðurs í jökul, en úr því að lækurinn kemur niður á aurinn niður á jafnsljettu er markið bein sjónhending úr fossinum í Merkgili suður í Eyjarhólm og er varða hlaðin á Merkiaur í þeirri stefnu þarsem kemur saman mark á milli Ytri Sólheima og Pjeturseyjar og fossarnir í Merkgili bera saman
2. Grjótvarða sú, sem er austanundir Eystri-Sólheimaheiði, fram undan Kleyfaráar-gilkjaptinum, þar sem sjest sem hesteyra af Máfadrang fram undan Skeiðflatarhlíðinni, úr nefndri vörðu er bein sjónhending til útsuðurs í vörðu þá, sem fyr er um getið í Merkiaur, og er hjer sjerstaklega lýst landamerkjum milli Eystri-Sólheima og Pjeturseyjar.
3. Landmark milli Eystri-Sólheima og Fells, er varða sú, sem nefnd er fram undan Kleyfaráar-gilkjaptinum, úr nefndri vörðu bein stefna í gilkjaptinn og svo skilur Kleyfaráar gil norður í jökul.
4. Fjara fylgir jörðinni og er hinn svonefndi Stóristeinn fremst í Litlavelli látinn bera í baðstofuna á Eystri-Sólheimum; það er fjörumarkið að austan að vestan er fjörumarkið teðr grjótvrður á Sandlágaraöldu ofan við fjöruna, austan við Húsá, þar sem hún kemur fram undir fjöruna; úr þessum vörðum er bein sjónhending í Nónnes í Ytri-Sólheimanesi.

p.t. Eystri Sólheimum 16. júní. 1890

Jón Einarsson, eigandi að 14.9^{hndr} fornt mat.

Högni Jónsson, ábúandi.

Fyrir Pjeturseyjar ábúendur og eigendur.

Jón Ólafsson, sem eigandi og ábúandi.

Jón Arnason, ábúandi 12^{hndr} eigandi 1^{hndr}.

Árni Jónsson, ábúandi.

Grímur Sigurðsson.

Sigurðr Sigurðsson.

Vilborg Jónsdóttir 8.40^{hndr}.

Þórunn Þorsteinsdóttir.

Fyrir Ytri-Sólheima ábúendur og eigendur.

Sverrir Magnússon.

Þorleifur Jónsson, ábúandi.

Einar Guðmundsson.

Sæmundur Árnason, ábúandi handsalað.

Jón Ólafsson eigandi að 12^{hndr} að fornu mati.

Fyrir Fellið.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guð. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,⁰⁰ Ein króna



Skrásetning yfir landamerki jarðarinnar Eystri-Sólheima í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu, sem er að fornu mati 24^{hndr}, en eftir jarðabókinni 1861, 18.4^{hndr}. –

Einungis er hjer lýst marki á milli Eystri-Sólheima og Fells og er farið eftir skjölum og skilríkjum, sem jeg í höndum hefi og svo líka eftir sögn núlifandi manna og er markið sem hjer greinir:

Grjótvarða á Kleyfaráar-aurunum austanundir Eystri-Sólheimaheiði, austur af svonefndu Klifi. Úr nefndri vörðu er sjónhending í mitt Kleifaráar-gil, þar sem áin Klifandi kemur fram úr gilkjaptinum, svo ræður Kleyfaráargil marki norður í jökul. Þess skal getið þegar á ofanefndri grjótvröðu er staðið, að sem hesteyra sjest af Máfadrangi vestur undan hlíðinni.

Eystri-Sólheimum 4. dag janúarm. 1886.

Jón Þorsteinsson

Guðmundr Ólafsson á Felli.

Ólafur Stephensen

Lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 10. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 120. Bls 133-134

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,⁰⁰ Ein króna



N^o 1. Skrásetning

um landa og fjöru merki jarðarinnar Pjeturseyjar í Vestur-Skaptafellssýslu, að fornu mati 60^{hndr}; en eptir hinni nýju jarðabók 1861 49.1^{hndr} og eru þá lands og fjöru merki milli jarðanna, Pjeturseyjar og Hvals þessi: tvær vörður fram við sjó, sem beri hvor í aðra og svo til fjalls þar sem sjáist hvassasta brúnin af Hrosshömrum bera austan við Kristínarklett austan í Fellsfjalli, en þó nær landamarkið ekki lengra til fjalls, en að sjáist sem hesteyra af Máfadrang vestur undan Skeiðflatarhlíðinni

N^o 2. Skrásetning

um landamerki milli jarðanna Pjeturseyjar og Fells, sem eru þessi, úr vörðu, sem er á aurunum framan við Klifandiáar-gilkjapt (sem er sama varða, sem er landamerki milli Eystri-Sólheima og Fells), úr nefndri vörðu sjáist sem hesteyra af Máfadrang vestur undan Skeiðflatarhlíðinni og úr sömu vörðu sama sjónhending á Máfadrang, þar til kemur hornmarkið á milli Hvals og Pjeturseyjar.

N^o 3. Skrásetning

um landamerki milli jarðanna Pjeturseyjar og Eystri-Sólheima, sem eru þessi: Úr vörðu, sem áður er nefnd og mark er á milli, Eystri-Sólheima og Fells – beina sjónhending fram í Merkiaur, í vörðu þá, sem er mark á milli Pjeturseyjar og Ytri-Sólheima. Fjörumörk eru nú milli Eystri-Sólheima og Pjeturseyjar haldin þessi að Stóristeinn í Litlavelli beri í baðstofuna á Eystri Sólheimum.

N^o 4. Skrásetning

yfir landamerki milli jarðanna Pjeturseyjar og Ytri-Sólheima, sem eru þessi, úr eystra fjöru marki Ytri-Sólheimafjöru, bein sjónhending í Nónnes þar að kemur jarðfastur mósteinn, sem er á aurunum ofan og austan við Sandlágastein, úr nefndum steini bein sjónhending í vörðu þa uppi á Merkiaur, sem er landamerki milli Ytri og Eystri Sólheima og Pjeturseyjar.

Afrétturinn Stórhöfði fylgir jörðinni Pjetursey og liggur hann við eða hjá Keldudalslandi og skilur hann Lambá og Lambárgil frá Keldudalsheiði, en Hafursá og Hálgil skilja hann frá Dalaheiði að austan. Ráða svo bæði gilin frá jökli fram á aura, þar til kemur þvermark milli Stórhöfða og Litlahöfða, bein sjónhending á milli

Pjetursey. þann 1. apríl. 1888

Þessu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn

Eigendur og ábúendur Pjeturseyjar

Jón Arnason

Arni Jónsson

Grímur Sigurðsson

Jón Olafsson

Þorunn Þorsteinsd.

Sigurðr Sigurðsson

Sigurð Jónsson

Vilborg Jónsdóttir

Eigendur og ábúendur Fells

Einar Einarsson

Þór. Þórarinsson

Eigendur og ábúendur Hvals



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Einarsson

Sigríður Bjarnadóttir

Jón Þorsteinsson

Eigendur og ábuendr Ytri-Sólheima

Vigfús Þorarinsson

Jón Olafsson

Guðmundr Olafsson

Þorl. Jónsson, ábúandi

Sæmundr Árnason

Einar Guðmundsson

Eigendr og ábúendr Eystri-Sólheima

Jón Einarsson

Eigendur og ábúendur Dalajarðanna

Þorsteinn Þorsteinsson

Árni Arnason

Jon Jonsson

Erlingr Brynjulfsson

Brynjulfr Guðmundsson

Magnús Runólfsson

Hafliði Narfason

Þorunn Arnoddsdóttir

Lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 10. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 121.

Bls 134-135

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,⁰⁰ Ein króna



Landamerkjaskrá jarðarinnar Reynivalla í Borgarhafnarhreppi.

1. Mark að austan er þegar Markhólmi þar sem hann er hæstur ber í hæstu þúfu á austasta Borgarhrauni og ræður sú lína norður að jökli.
2. Mark að vestan er þegar fossinn neðst í Fellsárgljúfri ber í miðt skarðið á Hrollaugshólum frá fossinum ræður Fellsárgljúfur mörkum að jökli.
3. Jörðin á fjöru fyrir öllu sínu landi
4. Ítök á jörðin í annara löndum
 1. Engjar í Breiðabolsstaðarteigum, Borgarhvammi
 2. Skógarhögg í Breiðabólsstaðarfjalli, sem heitir Fagriskógur og annað, sem Koltungur innri heitir í sama fjalli.
 3. Skógarhögg í Steinadal, Barmaskóg og Kinn.
5. Ítak á jörðin Breiðabólstaður innan ofangreindra landamerkja jarðarinnar, það er hálfsmánaðar beit fyrir allan búsmala í Hrollaugsholalandi.

Reynivöllum. 8. apríl. 1888.

Eyjólfur Runólfsson

Steinunn Þórðardóttir

Oddni Sveinsdóttir

Steinn Þórðarson

Benedikt Þorleifsson

Margrjet Brynjúlfsdóttir

Kalfafellsstað 6. marz 1890

Sveinn Eiríksson

Afritið staðfestir,

Eyjólfur Runólfsson

Þessi landamerkjaskrá er samin og undirrituð af ábúendum jarðanna Reynivalla og Breiðabol-staðar 1888 en dagsett og send til birtingar 1888, undirrituð af viðkomandi presti 1890 og afrituð sama ár Vitnar Eyjólfur Runólfsson

Lesið á manntalsþingi að Reynivöllum Kalfafelli þann 19. apríl 1892 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 122. Bls. 136.

Guðl. Guðmundsson

Gjald:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1^{kr} Ein króna



Landamerkjaskrá fyrir óðalseigninni Núpsstað í Fljótshverfi

Að austan: Að Súlnatindar beri hver í annan, skoðað frá sjó, svo beina leið að norðan og að stórstraum í fjörumáli

Að vestan: Krossá ræður til heiðarinnar sem hún er löng til, og svo frá vestustu upptökum hennar beina línu í Alptadalsbrýr og úr því beint norður í jökul. Svo aptur suður á bóginn úr Krossárfossi, beint í Krossármynni og svo beina línu að stórstraumsfjörumáli.

Jörðin á fjöru, liggjandi milli Skaptafellsfjöru í Öraefum að austan og Rauðabergsfjöru í Fljótshverfi að vestan

Gjört á Núpsstað hinn 7. maí 1891

Jón Jónsson, ábúandi Nupsstaðar

Gísli Arnbjarnarson, ábúandi Rauðabergs

Jón Einarsson, Einar Jónsson, Magn. Sigurðsson, ábúendur Skaptafells

Lesið á manntalsþingi að Mörk 19. maí 1892 og innfært í afsals landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o. 123, bls. 137.

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25 1^{kr}

Ein króna – Borg.



124.

Eptirrit

Landamerkjaskrá fyrir Breiðabólstað

A.

1. Milli Reynivalla og Breiðabólstaðar liggur merkjalínan – af fjörunni að sjá – í Markhólma og hæstu þúfu á Borgarhrauni austasta og þaðan í Hvammskriðu eystri.
2. Milli Sljettaleitis og Breiðabólstaðar – af fjörunni að sjá – ber auðkendan stein á Markaleiti í hnjúk á miðri Markagilsegg
3. Breiðabólstaður á skógarhögg allt og beit og grastekju í Breiðabólstaðarfjalli, að meðtöldu grasmíra-sljettlendinu fyrir framan fjallið allt suður að Kaldá, svo langt suður, að Klifatangi fyrir innan Steina ber í stóra steininn í Stóradokk fyrir innan Kálfafell; austan við fjallið liggur bein lína úr miðjum jöklinum og suður um Markhólma (í Kaldármynni) vestanverðan, allt til sjós og ræður sú lína merkjum milli Kálfafells og Breiðabólstaðar. Breiðabólstaður á allan Hvannadal austanmegin Dalsár og vestanmegin alt suðrað Klifaá.

B.

Breiðabólstaðr á þessi ítök í öðrum jörðum

1. Allan reka hálfan af Vindásfjöru
2. Beit 18 nautum um sumar í Borgarhafnarheiði
3. Beit 18 hrossum um sumar í Sæfarhólarlandi
4. Hálfsmánaðar beit öllum búsmala í bæði mál í Hólalandi
5. Skógarítak í Steinalandi, nefnt Vindásbotnar. Takmörk þess ítaks á innri síðu að fossinum, sem er fyrir framan Dalbotnagreni, en að framan þegar sjór hverfur sjón norðan á Vindás.

Breiðabólstað. 4. maí 1886.

Oddný Sveinsdóttir

Steinn Þórðarson

Benedikt Þorleifsson

Margrjet Brynjúlfsdóttir

Sigurðr Sigurðsson

Sigr. Sigurðard.

Sv. M. Einarsson

JK. Benediktsson

Eg er reiðubúinn að staðfesta með eiði, að eptirritið er að öllu leyti rjett.

Seyðisfirði. 10. febr. 1893

Steinn Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 12. maí 1893, og innfært í landamerkjabók Skaptafellssyslu N^o 124.

Bls. 137-138

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun 0,25 1^{kr}
– Ein króna –



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hlíð í Lóni

Að vestanverðu á móts við Stafafell. Úr Steinsholti sjónhendingu í skernappa á ofanverðum Nýgræðum þaðan sjónhending og í Hlíðarárgljúfur, austan við Blaberjamýri, eptir það ræður áin landamerkjum inn á Hafradalsvarp; þar eptir ráða eggjarnar inn á Hvannadalsvarp.

Að austanverðu móti jörðinni Bæ. Úr sama Steinsholti sjónhending og í Ærhraun, úr Ærhrauni sjónhending og í há Leirskála; eptir það ræður Karlsáin landamerkjum inn í Útstákudal.

Ítök er jörðin á:

1. Fjöru í Hvalnesjörðu, er kallast Hlíðarsandar, er liggur milli Hvaldalsár og Krossaneslækjar og tilheyrir henni allur reki, sem hefir venja (verið) í þessu byggðarlagi að frádregnu leiguliðagagni og þjarglaunum eptir samkomulagi hlutaðeiganda.
2. Engjaítak í Bæjarlandi, er Ljóski heitir; merki um hann er milli Bæjar hólma og Stafafells landamerkja.

Aðrar jarðir eiga þessi ítök í landi jarðarinnar

1. Hvalnes skógarítak, er heitir austasti hólmi eða Hvalnesheiði.
2. Bær mánaðarheit fyrir búsmala, er verður að vera eptir samkomulagi hlutaðeiganda hvar eða hvernin sú mánaðarheit verður brúkuð.
3. Bær skógarítak fyrir neðan götu frá Leirskála inn að Girðingshvammi.

Hlíð 6. sept. 1886

Eiríkur Jónsson eigandi

Hinsvegarritaða landamerkjaskrá samþykkir vegna Stafafellskirkju undirritaðr prestr á Stafafelli.

Markús Gíslason

Vjer undirskrifaðir eigendur og landsetar Bæjar erum samþykkir landamerkjaskrá þessari

Sigur Sigurðsson eldri, eigandi

Sigurður Guðmundsson, Stefán Jónsson eigendur

Guðm. Guðmundsson landseti

Sigm. Sigmundsson landseti

Guðmundr Finnbogason eigandi

Undirskrifaður eigandi Hvalness samþykkir landamerkjaskrá þessa, þó svo að hann geymir Hvalnesi rjett til annars skógarítaks, nálægt hinu, er skrá þessi getur um að Hvalnes eigi og til þess reka af ítaksfjörunni, er Hvalnesi kann að bera samkvæmt lögum.

Sveinn Bjarnason

Lesið á manntalsþingi að Bæ í Lóni þann 17. maí 1893 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu.

Bls. 139-140, N^o 125.

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þingl. 0,75
Bókun 0,25 1^{kr}
– Ein króna –



Landamerkjaskrá fyrir Stafafelskirkjujörðinni Krossalandi

Landamerki Krossalands eru: Að austanverðu Jökulsá, sá farvegur hennar, sem fellur milli Nautholts hins syðra og Krossalandsins. Að utan ræður affallið, sem fellur suður með fjörunum. Að sunnan ræður Lambeyjarkýll, sem rennur fyrir austan Lambey. Að ofan eru landamerki milli Krossalands og Þórisdals sjónhenda á ská yfir svokallað Efraland, og eru þar stungnir upp hnausar, er sýni stefnuna, sem ábúendum tilsegist að hressa upp og halda við. En til frekari glöggvunar eru hjer sett og samþykkt yfir mörk, sem eru bein sjónhending úr rananum innan við Brunnár-gilskjaptinn í skarð á milli lítilla hnúka tveggja norðan í Reyðarártindi. Geldfjárupprekstur að sumrinu er Krosslandi heimilaður í Dalsfjöllum og skógarítak á það í Dalssandi, í svonefndum Skálarhvammi frá Stórasteinsgili að utan og innað Þinganeskógi.

Stafafelli. 3. maí 1890

Markús Gíslason prestur að Stafafelli

Þessa landamerkjaskrá hafa undirskrifaðir umráðsmenn Dals samþykkt, að áskildum rjetti til að takmarka með sanngirni geldfjár uppreksturinn.

Jón Jónsson (umboðsmaður og prestur að Bjarnanesi)

Sveinn Bjarnason

Lesið á manntalsþingi að Bæ í Lóni 17. maí 1893 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 126. Bls. 140.

Guðl. Guðmundsson

Gjöld:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25 1^{kr}

– Ein króna –



Landamerki jarðarinnar Þverár:

Suðvesturmark úr þúfunni á Orustuhól þráðbeina línu uppá Nupsbrýrnar og norður og vestur úr heiði í Kvíguhvammhol og úr Kvíguhvammahól í Krókasker. Norðvesturmark aptur úr Krókaskeri í Skálatind og þaðan sjónhending í Dalshöfðanefið, en í hrauninu skammt fyrir austan og framan Dalshöfð Grenhálssanna skerst Þverárland úr, þar sem koma saman mörk milli jarðarinnar Dalshöfða og Þverár. Svo þaðan fram úr hrauni þráðbeina línu fram í Háaklett, sem stendur hjeðan frá Þverá ofarlega í landnorðri, hjerumbil í miðju hrauni, svo þetta verður norðausturmark.

Svo úr Háakletti í vörðu, sem stendur austast og fremst í svonefndum Dyngjum, og stendur hún hjerumbil í austri hjeðan frá Þverá og svo eptir sömu línu úr Háakletti og vörðunni suður úr hrauni svo lengi sem til vinnst, sem verður þangað til Þverárland skerst úr, þar sem markið milli Hruna og Orustustaða liggur austur og suður úr hrauninu og þaðan aptur í þúfuna á Orustuhól.

Þverá 3. júní 1890

Guðlaugur Guðlaugsson

Anes Jonasson

Elín Jonsdóttir

Jón Magnússon

Páll Einarsson

Þorgerður Bjornsdóttir

Guðlaugur Guðmundsson

Lesið á manntalþingi að Fossi á Síðu 29. maí 1895 og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 127. Bls. 141.

Guðl. Guðmundsson

Gjald 1 – ein kr.



Landamerkjaskrá umboðsjarðarinnar Horns í Nesjum.

Frá Klappartanganum næst fyrir austan Mávaklett ræður sjónhending uppí háa tindinn á Brennuhorni, og þaðan efstu eggjar á fjöllum inn á móts við Merkileiti, þaðan sjónhending í kambinn ytra megin við Kambslæk, þaðan sjónhending í Vitaðsgjafa, þaðan ræður állinn utanvert við Kexishöfða og suður milli Mikleyjar og Álavogareyjar sjónhending í Akurey norðanverða og þaðan vestur mitt sund milli Óslands og Álavogareyjar sjónhending í Akurey norðanverða, liggur þá markið yfir Ferjuklett nyðra og á Horn eins það af klettinu, sem liggur Hafnanes-megin við markalínuna. Frá austurbrún Akureyjar (sem tilheyrir Bjarnanesi) ræður mörkum (milli Horns og Einholts) bein sjónhending í mitt sund Hvanneyjar og Einholtskletta.

Ítök, sem Horn á í annara lönd:

Skógarítök í Hvammslandi í Setbergi og Skytju.

Ítök annara jarða í Hornsland:

Þinganes á Þýfisey og Þýfiseyjarhólma (með rekavon umhverfis)

[Hafnanes] á Krókalátursey, (með rekavon umhverfis).

Hvammur í Lóni á fjöru frá austurmörkum að steininum á klöppunum fyrir austan Kvígustein.

Bjarnanes-prestakall á fjöru utanfjarðar frá því er Miðskerin bera saman og suður að skerjum þeim, sem þar eru næst, eða þangað sem þúfa á Borgeyjargeltinum ber í skriðu í gljúfrinu í Krossbæjarskarði. Þaðan á Þinganes fjöru utanfjarðar suður að Hornafjarðarós, og fyrir sunnan ósinn Hvanneyjarkrók, sem talinn er utanfjarðar þangað suður sem Einholtsklettahornin eystri bera hvort í annað, en innanfjarðar þangað inn eptir sem Lambhellisnefnið ber í Borgeyjargöltinn.

Enn fremur á Bjarnanes-prestkall reka allan á því svæði er nefnt hefir verið Hornseyri eða Óskálfur, milli Hornstungu á Óslandi og Hvanneyjar, og nær það vestur að marklínunni milli Horns og Einholts og austur með Óslandi í Óslandsker, en þaðan ræður sjónhending úr vörðu vestan í skerinu í ysta (austasta) odda Hvanneyjar, og heyrir Óskálfi einnig til rekinu frá ósnum og inn með (austan með) fjörutanganum innanfjarðar að þessari marklínu.

Stafafelli 26 apr. 1898

Jón Jónsson umboðsmaður

Eyjólfur Sigurðsson (ábúandi Horns)

Samþykkið:

Fyrir Fjörð í Lóni:

Benedikt Jónsson

Hómfríður Snjólfsdóttir

Fyrir Hvamm (og Volasel)

Sveinn Bjarnason

Fyrir Þinganes:

Jón Guðnasson

Fyrir Þorgeirsstaði:

Katrín Sigurðardóttir

Fyrir Bjarnanes-prestakall (og Einholt):

Þorsteinn Benediktsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Við þessa landamerkjaskrá, höfum við það að athuga, að hjer er ekki getið um Garðey, sem liggur innan Hornslandamerkja, en sem er með öllum gögnum og gæðum, ásamt lúruveiði og reka í kringum hana, eign okkar undirskrifaðra. Að öðruleyti erum við , sem ábúendur Hafnanes samþykkir merkjaskránni.

Hafnanesi 20. d. aprílm. 1901.

Jón Ófeigsson

Jón Einarsson

Lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 27. apríl 1901 og innfærð í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 128.

Bls. 141-142

Guðl. Guðmundsson

Þingl: 1.00

– Ein króna –

G.G.



Útdráttur úr dómsmálabók Skaptafellssýslu

Árið 1896, mánudag 27 júlí var landamerkjadómur Skaptafellssýslu settur að Mýrum í Álptanesi og haldinn af hinum reglulega dómsformanni sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og meðdómendum Dannebrogsmanni Runólfi Jónssyni í Holti, Páli bónda Jónssyni í Hrínsesi, Kristjáni bónda Þorsteinssyni á Hvoli og Þorleifi bónda Jónssyni á Sólheimum.

Var þar og þá fyrir tekið málið:

Sýslumaður Árni Gíslason, sem eigandi Holts í Mýrdal

gegn

Sóknarpresti Mýrdalabingana Gísla Kjartanssyni, sem umráðamanni Fells í Mýrdal

og í því uppkveðinn svofelldur dómur

því dæmist rjett að vera

Landamerki milli prestsetursins Fells og bændaeygnarinnar Holts í Mýrdal skulu vera þessi: Bein sjónhending úr Stórukringlu þegar hún er miðuð framan af mýrjarjaðrinum yfir rótina á Fellsfjalli að austan og fram úr mýrinni, 30 faðma út á aurinn. Þaðan sjónhending fram í miðjuni á aurvikinu milli graslenda, þar sem Rauðilækur hefur áður runnið fram, og þaðan svo eptir beinni sjónhending suður og fram aurana til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kirstínarkletti. Merkjavörður skulu reistar á Fellsfjallsrótinni, mýrjarjaðrinum og 30 föðmum suðvestur úti á aurunum, er standist á við Stórukringlu eptir áður sögðu, og ennfremur skal reisa merkjavörðu á miðju aurvikinu, þar sem ætlað má að mynni Rauðilækjar hafi verið. Að öðru leyti frávísst málinu. Málskostnaður fellur niður^{en}, málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns stefnda, Einars bónda Brandssonar 5 kr. greiðist af almannaþje. Borgun til dómenda merkjadómsins kr. 114.00 greiði sækjandinn Árni sýslumaður Gíslason í Krýsuvík með kr. 57.00 en kr. 57.00 greiðist úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum

Guðlaugur Guðmundsson

Runólfur Jónsson

Kristján Þorsteinsson

Páll Jónsson

Þorleifur Jónsson

Dómsmenn

#

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Skaptafellssýslu 13 júní 1908

Sig. Eggerz



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ritlaun: 0,50 – fimtíu auro –

S.E.

Lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 16 júní 1908 og innritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu sub nr. 129 bl. 145

Sig. Eggerz

Gjald: Kr. 1

– ein króna

S.E.



Ár 1897, mánudaginn hinn 1 dag novembr mán. var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum.

Var þá tekið fyrir málið nr. 15/1897:

Árni Gíslason

gegn

Gísla presti Kjartanssyni nu umradamanni Felli í Mýrdal

og í því uppkveðinn svolatandi dómur

Því dæmist rjett vera

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Máls kostnaður fellur niður, og málflytningu ~~kostnaður~~ laun hins skipaða talsmanni prestsetursins, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, 15 krónur, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að aðsagðri laga aðför.

L.E. Sveinbjörnsson

Rjetti slitið.

L.E. Sveinbjörnsson

Kristján Jónsson

Jón Jensson

Rjetta útskrift staðfestir

Eggert Briem settur dómsmálaritari

Gjald: 25 – tuttugu og fim aurar

E.Br.

Lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 16 juni 1908 og innritað í landamerkja bók Skaptafellssýslu sub. 130

Skrifstofa Skaptafellssýslu 20 juni 1908. Sig. Eggerz

Gjald: 1 króna

– ein króna

S.E.



Landamerkjalysing

millum Holts, Keldudals og Álptagróf úr Lambá stutt frá Jökli beina stefnu í Lakapúfu. Úr tjeðri þúfu beina sjónhending í húðarbólstand vestan vert í Keldudalsgili, svo áfram haldandi stefnu í slæjumark Keldudals og Grófar í aur fram, svo beina stefnu suður aurana beint í Illagil í Mýrahvömmum þar sem brekku sleppi.

Litlihöfði er eign Holts og stendur í aurunum fyrir austan Holt. Mark að sunnanverðu Máfadrangshornið fram undan Skeiðflatahlíðinni beint í reiðarfoss í Dalaheiði.

Holti 12 jan 1908

Bjarni Þorsteinsson

Eyjólfur Guðmundsson

Ólafur Bjarnason

Þorsteinn Einarsson

Guðm. Þorbjörnsson

Einar Arnason

Larus M.P. Finnsson

Ár 1908 hinn 16 juni er ofanritað skjal lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhóla hrepp og innritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu sub. 231 bl. 146

Skrifstofa Skaptafellssýslu 20 juni 1908.

Sig. Eggerz

Gjald: 1 króna

– ein króna

S.E.



Við, sem ritum nöfn okkar hjer undir: jeg Eiríkur Guðmundsson Syðra-Firði (í Lóni) og jeg Þorleifur Ketilsson Efra Firði gjörum kunnugt: að við höfum komið okkur saman um, að skipta landi öllu milli eigna og ábúðajarða okkar, að undanteknum Fjarðaskerjum, Klöppum (í Papós) og fjörunni austan megin óssins, eins og hjer segir: Syðri Fjörður á land allt, frá landamörkum Horns að utan, inn og austur að svonefndri Miðkvísl á Fjarðareyjum, þaðan sjónhending inn sandinn, þangað sem áin rennur úr Endalausadal; síðan ræður sú á mörkum eptir það, inn í Óshöfða, þangað sem vötnum hallar til Laxárdals í Nesjum.

Efri Fjörður á svo land allt, af vatnsföllum norðan megin áar í Endalausadal, að landamerkjalinu Syðri Fjarðar, út þangað, sem áður nefnd Miðkvísl nú rennur í fjörðinn og þaðan allt land austur að Ólafshelli í Þorgeirsstaðaklifum.

Skiptagjörningi þessum má þinglesa [hvenær], sem [vera] skal.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn og tilkvaddra votta.

Syðri Firði og Efri Firði 4 júlí 1908

Eiríkur Guðmundsson

Þorleifur Ketilsson

Vitundarvottar:

Erasmus Halldorsson

Sigurður Einarsson

Ár 1909 föstudaginn 14 maí var ofanritað skjal þinglesið á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp og innfært í landamerkjabók Skaptafellssýslu sub nr. 131 bl. 147

Skrifstofa Skaptafellssýslu 19 júní 1909.

Sig. Eggerz

Gjald: 1 króna

– ein króna

S.E.



Stjórnarráð Íslands hefir með brjefi dags. 26 f.m. ritað mjer á þessa leið:

Eptir móttöku brjefs yðar, herra prestur, dags. 4 þ.m., skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir ábúandanum á prestssetursjörðinni Felli, að stjórnarráðið finnur ekki ástæðu til að hefja ágreining um landamerki tjeðrar jarðar annarsvegar og jarðanna Holts og Álptagrófar hinsvegar, heldur skuli láta sitja við þau landamerki, sem nú eru haldin og samkvæmt skýrslu yðar hingað til hafa verið óátalin milli tjeðra jarða, þannig að vesturbrún Holtsgils ráði landamerkjum frá Kringlu að telja og norður til Jökuls.

F.h.s.

Klemens Jónsson

/ Eggert Briem

Þetta leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna yður

Norður-Hvammi, 12 septembr 1909

Þorv. Þorvarðarson

Herra Þorsteinn Einarsson Holti í Mýrdal.

Ár 1911 mánudaginn 26 juni er hinsvegar ritað skjal þinglesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp og þvínæst innfært í landamerkjabók sýslunnar sub nr. 132. bl. 148.

Skrifstofa Skaptafellssýslu 9 des. 1911

Sig. Eggerz

Gjald: Þingl. 1. kr.

– ein króna

S.E.



Við undirritaðir eigendur jarðanna Svínafells og Hoffells í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu því lýsum því yfir að landamerki milli þessara eignarjarða okkar, Svínafells og Hoffells eru og hafa jafnan verið eins og hjer segir:

Stefna frá jöklinum um miðjan sand niður í Gildrusker, en Hoffellsmegin við þessa marklínu á þó Svínafell hólma er nefnist Kringla.

Gjört að Hoffelli 7. júlí 1911

Jón Guðmundsson

Árni Bergsson

Vitundarvottar:

Sigurður Sigurðsson

Gunnar Sigurðsson

Við viljum enn fremur taka fram, að landamerkin frá því er jökullinn byrjar að neðan milli Svínafells og Geitafells liggur marklínan á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar.

Hoffelli 7. júlí 1911

Jón Guðmundsson

Árni Bergsson

Vitundavottar:

Sigurður Sigurðsson

Gunnar Sigurðsson

Ár 1912, mánudaginn 24. júní er ofangreint skjal og þvínæst þinglesið í manntalsþingi fyrir Nesjahrepp og þvínæst innfært í afsala- og veðmálabók landamerkjabók Skaftafellssýslu sub. nr. 134, bls. 150.

Skrifstofu Skaftafellssýslu 24. júní 1912

Sig. Eggerz

Gjald: kr. 2,00

– tvær krónur

S.E.



Landamerkjaskrá Lækjaness í Nesjum.

Að vestanverðu ræður káll sá er gengur inn með Lækjarnesi og kallaður er Lækjarneskáll í girðingu er liggur að Brekkunesinu; þá ræður girðingin er liggur norðan við Hesthól, austur á Markhól milli Langatanga og Hesthóls. Á austursíðuna liggja mörkin úr Markhól í austurhornið á nyrðri fytjatanganum, þaðan í austurhornið á fremri tanganum, þaðan sjónhending á miðja línuna milli Hólahöfða og Kálfaklappar, þaðan út miðjan ál milli Lækjarness og Dilksness, þaðan framan við Lækjarnes og Lækjarnessker og í miðjan Lækjarneskál.

Gjört að Hólum 31. desember 1912

Björn Eymundsson

Samþykkur sem sameigandi Hóla Þorleifur Jónsson

Samþykkur sem eigandi Dilksness: Björn Jónsson

Samþykkir sem eigendur Árnans: Sigurður Pjetursson, Jón Benediktsson

Ár 1914, miðvikudaginn 27. maí var skjal þetta lesið á manntalsþingi fyrir Nesjahrepp og þvínæst innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr 134, bls 151.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 31. ágúst 1914.

Sigurjón Markússon (L.S.)

Gjald: 2 kr.

– tvær krónur –

Borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 135.

Landamerkjaskrá fyrir Krossbæ með Krossbæjargerði og Stóru­lág.

Milli Krossbæjar (með Stóru­lág) og Hoffells og Setbergs: Af ysta Gildruskeri bein lína utarlega um Pjeturshólma í fossinn í Grjótárgljúfrinu, frá fossinum beint í gilið á skerjabrúninni vestan við Miðfell á Grjótárdal, þaðan beint norður á Giljadalabrúnir.

Milli Krossbæjar (með Stóru­lág) og Bjarnanesseignar (með kirkjujörðum og Borgum): Úr Struntskeri í Fljótum beint í Þveitarlæk, eftir læknum yfir Þveit í Markstrýtu við Markalæk, þaðan þangað, sem rauð og blá skriða koma saman undir Arnarhömrum, þaðan yfir Smalhól í Marktind austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal, þaðan í Giljadalabrýr.

Skógarítök á jörðin Jökulfell í Svínafelli inn að Fálkakambi (sjá brjéf fyrir Hoffellsjörðum dags. 16. maí 1884, þingl. 12. maí 1890).

Stóru­lág 26. febrúar 1921.

Þórarinn Sigurðsson

(fyrir Stóru­lág og Krossbæ og ¼ í Setbergi, og sem oddviti hreppsnefndar (fyrir ¼ í Setbergi))

Fyrir Hoffell og ½ Setberg: Jón Guðmundsson

Fyrir Borgir: Hákon Finnsson

Fyrir Gerði: Sig. Sigurðsson

Fyrir Bjarnanes: Ólafur Stephensen (sóknarprestur)

Fyrir jarðeignir Bjarnanesskirkju: Morits Steinsen

Fyrir Svínafell: Árni Bergsson

Lesið á manntalsþingi í Nesjahreppi 29. d. júním. 1921 og síðan fært inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 135, bls. 152.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. júlí 1921.

Jón Þorsteinsson

– settur –

(L.S.)

Gjald: Þingl. 2 Kr.

Stimpl. 1 –

= 3 – þrjár – krónur



Landamerki Bjarnaness með hjáleigum.

Að vestan, milli Stóru-Lágar og Bjarnaness: Úr Struntskeri í Hornafjarðarfljóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstrítu; þaðan sem rauð skriða og blá koma saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind, austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Gildalabryr.

Að austan milli Árnanes og Bjarnaness. Frá Lónmörkum af Skerjum ofan á Sámsklett í Vítisgljúfri, síðan ofan eftir Laxá að Áfangahól, þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í Kýldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnsfit, þaðan í Þúfu fyrir norðan Nýgræðufit, þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsendaál, þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar. Bjarnanes á Skógey alla innan frá Struntskeri um Kríusker að fyröldum mörkum (Ófæruhólmi í Staðarey, og veiði alla, hverju nafni, sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey.

Ennfremur á Bjarnanesprestkall eyjarnar Akurey og Hrafnsey í Hornafirði. Fjöru utan fjarða í Hornslandi frá því er Miðskerin bera saman að austan og suður að skerjum þeim, sem þar eru næst, eða þangað, sem þúfa á Borgeyjargeltinum ber í skriðu í gljúfrinu í Krossbæjarskarði. Þá á prestakallið reka allan á því svæði, er nefnt hefir verið Hornseyri eða Óskálfur milli Hornstanga á Óslandi og Hvanneyjar og nær það vestur að merkjalínunni milli Horns og Einholts, og austur með Óslandi í Óslandssker, en þaðan ræður sjónhending í vörðu vestan á skerinu á ysta (austasta) odda Hvanneyjar, og heyrir Óskálfi einnig til rekinn frá ósnum og inn með (austur með) fjörutanganum innanfjarðar að þessari merkjalínu.

Bjarnanesi 17. apríl 1921

Ólafur Stephensen

sóknarprestur

Fyrir Borgir: Hákon Finnsson

Fyrir kirkjuháleigur: Morits Steinsen

Fyrir Árnanes: Sigurður Pjetursson

Fyrir StóruLág og Krossbæ: Þórarinn Sigurðsson

Jón Benediktsson

Vilmundur Jónsson

Lesið á manntalsþingi í Nesjahreppi 29.d.júním. 1921 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 136, bls. 153.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsgli.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. júlí 1921.

Jón Þorsteinsson

– settur –

(L. S.)

Gjöld: Þingl. 2 Kr.

Stimpl. 1 –

= 3 – þrjár – krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamörk umhverfis eyðijörðina Slýja í Leiðavallarhreppi.

Suðvesturhornmark Slýja er stika, sett niður í leiruna spölkorn suðvestur af vestustu hústóttum Slýja (við Skarðsárhyl, sem sagt er í landamerkjaskrá frá 1886 að þar hafi verið til forna). Þaðan liggur merkjalínan beina sjónhendingu í stiku, sem sett er niður skamt fyrir austan austurodda Lyngabótar, eða Hvolatorfu hinnar fornu. Úr þeirri stiku eru landamörkin bein sjónhending í stiku austan í Oddatöglum og úr henni áfram bein sjónhending í einstakan melakoll, sem Einstæðingur nefnist. Þaðan liggur merkjalínan til sjávar í fjörumarkið milli Slýja og Svínadalsfjöru.

Úr hinni fyrstnefndu stiku liggur merkjalínan til norðurs eða norðurnorðvestur beina sjónhendingu í bæjarstæði þar sem sagt er, að Sauðholt, hjáleiga frá Skarði, hafi staðið. Þar er hlaðin varða, sem er norðvesturhornmark.

Frá Sauðholti liggur merkjalínan beina stefnu í austursuðaustur í vörðu í Hnausaþúst; úr Hnausaþúst í austursuðaustur í stiku frammi í melunum meðfram Syðri-Fljótalandi og úr þeirri stiku til sjávar, beint í fjörumarkið milli Slýja og Fljótafjöru.

Fjöru hefir jörðin fyrir landi sínu, Slýja og Strandholtsfjöru (Eyðijörðin Standholt hefir fyrir löngu sameinast Slýjum). Er fjara sú samkvæmt fjörumælingum í júlímanuði 1902 talin 261 faðm. Eiga fjörumörkin úr flæðarmáli að bera í Árfjallsenda.

Vestan að Slýjalandi liggur Skarðsland, að suðvestan Eystri-Lyngaland og sunnan Oddaland. Að norðanverðu er Hnausa og Syðri-Fljótaland.

Slýjum, 10. maí 1921.

Ásbjörn Jónsson

Ofanritaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir og ritum nöfn okkar hjer undir því til staðfestu.

Jóhann Sigurðsson

Sveinn Þorsteinsson

Ingimundur Ólafsson

Stefán Hannesson

Allir rjettir hlutaðeigendur hafa undirritað framanritaða landamerkjaskrá til samþykta, nema Syðri-Fljótaábúandi, sem er jafnframt ábúandi eða notandi Slýja.

Botninn í Leiðavallarhreppi 8. júlí 1921.

Eyjólfur Eyjólfsson (hrepstj.)

Ár 1921, föstudaginn 8. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Leiðavallarhrepps og þvínæst innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 137, bls. 154.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinsigli.

Skrifstofa Skaftafellssýslu, 20. júlí 1921

Jón Þorsteinsson

– settur –

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 2 kr.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpl. 1 kr.

= 3 – þrjár – krónur



Nr. 138.

Landamörk umhverfis eyðijörðina Klauf í Leiðvallarhreppi.

Norðvesturhornmark er varða í svokölluðum Halldórsrima skamt fyrir norðan bæjarrústina, þar sem bærinn Klauf stóð síðast. Vestan fram með landareigninni liggur marklínan um austurhorn Klaufarrústar meðfram Koteyjarlandi beina leið til sjávar í fjörumarkið milli Klaufar- og Efri-Eyjarfjöru.

Að norðanverðu liggur marklínan úr norðvesturhornmarki í Halldórsrima beina sjónhendingu um miðjan Steinkukíl í Andrjesartangamark, sem er norðaustur hornmark Klaufar.

Að austanverðu er landmarkalínan bein sjónhending úr Andrjesartangamarki í Grímstaða-fjörumarkið vestra.

Fjöru á jörðin fyrir landi sínu, Klaufarfjöru, sem talin er sex hundruð faðmar á lengd, og eru stikur við báða enda fjörunnar er frá flæðarmáli eiga að bera í Árfjallsenda hinn vestra.

Að vestanverðu við Klaufarland er Koteyjarland, að norðanverðu Skurðbæjar – eða Ósland og að austan Grímstaðaland.

Klauf, 9. maí 1921.

Jóhann Sigurðsson

Ofanrituðum landamörkum erum við samþykkir og ritum hjer undir nöfn okkar því til staðfestu.

Erasmus Árnason

Sigurður Sigurðsson (handsalað)

Ólafur Ingimundsson

Markús Jónsson

Ásmundur Jónsson

Ingimundur Ólafsson

Allir rjettir hlutaðeigendur hafa undirritað framanritaða landamerkjaskrá til samþykktar, nema einn af notendum Skurðbæjar, Jóhann Sigurðsson, sem jafnframt er notandi Klaufar.

Botnum í Leiðvallarhr. 8. júlí 1921

Eyjólfur Eyjólfsson (hreppstj.)

Ár 1921, föstudaginn 8. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Leiðvallarhrepps og því næst innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 138, bls. 155.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinsigli.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. júlí 1921

Jón Þorsteinsson

– settur –

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 2 kr.

Stimpl. 1 kr.

= 3 – þrjár – krónur



Landamerkjabrjef fyrir jörðina Hvalnes í Lóni Austur-Skaftafellssýslu.

Hvalnes á land vestur með sjó í Óshöfðaklett og allar eyrar, sem myndast fram með fjörunni bæði utan fjarðar og innan fjarðar og ræður miður állinn mörkum milli Hvalnes og Bæjar þar vestur frá og mitt lón.

Austur með sjó á Hvalnes land í Hlaupgeira miðjan, sem er hjer um bil austur í miðjum Hvalnesskriðum, úr Hlaupgeira í miðjan Hlaupgeirabotn og þaðan upp í hlaupgeirahnúk eftir það ráða eggjar mörkum inn í Snjótind og þaðan inn á Hvaldalsvarp og þaðan í Ljósárdalshnúk og Ljósárdalinn allan. Hvalnes á alt land sem hallar [inn] í Hvaldalinn.

Milli Víkur og Hvalness ræður jarðbrúarlækur mörkum og þaðan í fjall upp.

Hvalnes á engjaítak í Svínhólalandi, sem nefnist Hvalnesleira og ræður Hvalneskýll mörkum að austan en Þrætukýll að vestan og bein mörk að ofan uppstungin.

Hvalnes á skógarítak í Hlíðarlandi, sem nefnist Hvalnesheiði. Rekaítak í Hvalneslandi á Vík, Hlíð, Bær og Stafafell. Rekaítak Hlíðar er austur á Krossnesi sem nefnist Hlíðarsandur. Hann liggur á milli tveggja urða og er 600 faðma langar tólfræðir og í hverju tólfræðuhundraði e 122 faðmar altsvo 732 faðmar í alt. Rekaítak Víkur er vestur á fjörum og nefnist Víkurfjara. Austurmörk á þeirri fjöru eru þegar jarðbúarlækurinn neðst í bakkanum við Lónið ber í urðarsporðinn og í stóraklettinn sem er uppí miðri Víkurhellra urðinni og nefnist Skjólsteinn. Þetta þrent á að bera saman. Vesturmark á Víkurfjöru er þegar Rauðaneshalinn syðri ber í eystra fjárhús sem er neðst í Svínhólasteinininn fyrir vestan traðirnar. Þarnæst kemur rekaítak Bæjar, sem nefnist Bæjarfjara. Austurmark á þeirri fjöru eru þau sömu og vestanmark á Víkurfjöru, en vesturmark á Bæjarfjöru er þegar há skerhólakletturinn ber í skriðumótin á Rauðuskriðu. Svo kemur rekaítak Stafafells sem nefnist prestsfit. Austurmörk á þeirri fjöru eru þau sömu og vesturmörk á Bæjarfjöru, en vesturmark á Stafafellsfjöru er Óshöfðakletturinn þar sem Hvalnesland endar. Hvalnes á leiguliðagagn af öllum þessum ítaksfjörum og er það eftir því sem venja er og lög ákveða.

Hvalnes á alt veiðivatn suður með öllum fjörum suður í Óshöfðaklett og upp í miðjanál. Hvalnes á alla veiði fyrir sínu landi hverju nafni sem nefnist. Enginn á veiðirjett, eða veiðiítak í Hvalneslandi.

Hvalnesi 6. maí 1922.

Einar Eiríksson

Hvað snertir framanrituð landamerki milli jarðarinnar Hvalnes í Bæjarhreppi Austur Skaftafellssýslu og jarðanna Þvottá og Hnauka í Geithellnahreppi, er jeg sem umsjónarmaður nefndra kirkjujarða samþykkur

Starmýri 8. maí 1922

Jón. P. Hall

p.t. umsjónarm. Geith.hr. kirkjujarða

Vilborg Antoníusdóttir ábúandi Þvottár

Árni Antoníusson ábúandi Hnauka

fyrir Vík Guðrún Gísladóttir eigandi, Sigursveinn Sigurðsson ábúandi

fyrir Svínhólum Þorleifur Bjarnason eigandi

fyrir Svínhólum Sigurmundur Guðmundsson eigandi

Fyrir ítaki Hlíðar, samþykkur Stefán Jónsson (eigandi)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrir Stafafell, samþykkur Sigurður Jónsson

Fyrir Bæ samþykkir: Anna Hlökkversdóttir eigandi

[Fyrir Bæ samþykkir:] eigandi Steinunn Jónsdóttir, Þórður Jónsson ábúandi

[Fyrir Bæ samþykkir:] Einar Högnason eigandi

[Fyrir Bæ samþykkir:] Þorleifur Eiríksson [eigandi]

[Fyrir Bæ samþykkir:] Sigjón Bjarnason [eigandi]

[Fyrir Bæ samþykkir:] Eiríkur Sigmundsson [eigandi]

[Fyrir Bæ samþykkir:] Guðjón Bjarnason [eigandi]

Lesið á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp h. 10. júlí 1922 og innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 139. bls. 157.

Skúli Sveinsson

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – krónur



Nr. 140.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Svínhólar í Lóni.

Að austanverðu móts við jörðina Vík eru mörkin þannig: Úr svonefndri Silungaholu í upphlaðið mark fyrir ofan hana; úr því marki í móakeldu, sem kemur úr dýi þar fyrir ofan; úr Keldunni í Hjallalæk, þar sem hann kemur fram úr Reiðsundi og ræður lækurinn mörkum upp í Hjallabrún. Eftir það ráða fjallseggjar norður í Hvannagilstind, síðan liggja mörkin niður Kollafellsvarp og í Skammártind. Að vestanverðu móts við jörðina Reyðará eru mörkin þannig: Úr há Skiphólahrauni í skriðumót í Reyðarártindi, svo norður eftir fjallseggjum og í Skammártind.

Ítök.

Svínhólar eiga skógarítak í Bæjardal, sem nefnist Svínhólatungur, takmörkin eru; að utanverðu lækjarsytra, sem kemur fram upp af árgljúfrinu innanverðu; að innanverðu eru mörkin lækur sá er rennur framan við Mosvelli.

Hvalnes á itak í Svínhólalandi, sem nefnist Hvalnesleira, mörkin um hana eru þessi: Að vestan þrætukill upp að dýi, úr því dýi í upphlaðið mark (hornmark) úr því ráða upphlaðin mörk í Silungaholu úr því ræður Hvalneskíll mörkum ofan í Lón.

Svínhólum 12. júní 1922.

eigandi Sigurmundur Guðmundsson

eigandi Þorleifur Bjarnason

fyrir Hvalnes Einar Eiríksson eigandi

fyrir Vík Guðrún Gísladóttir eigandi, Sigursveinn Sigurðsson ábúandi

Fyrir Reyðará Anna Hlökkversdóttir eigandi

Samþykkur fyrir Bæ Þorleifur Eiríksson

[Samþykkur fyrir Bæ] Sigjón Bjarnason eigandi

[Samþykkur fyrir Bæ] Þórður Jónsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp h. 10. júlí 1922 og innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 140, bls. 159.

Gísli Sveinsson

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – krónur



Nr. 141.

Landmerkjaskrá fyrir jörðinni Bæ í Lóni.

Að vestanverðu milli Stafafells og Bæjar, úr Markhrauni (áður nefnt Steinsholt) sjónhendingu beina línu austast í halann á eyjunni Vigur.

Að utan þegar Markhraun ber í Flágil.

Að ofanverðu milli Hlíðar og Bæjar, úr áðurnefndu Markhrauni sjónhending í Ærhraun og úr Ærhrauni sjónhending í há Leirskála, eftir það ræður Karlsá landamerkjum inn á Útstúkudal.

Milli Bæjar- og Álftafjarðarafrétta ráða há fjallseggjar úr Útstúkudal austur og fram á Svartagilsbrýrtind.

Að austanverðu milli Reyðarár og Bæjar úr Svartagilstindi sjónhending í upptök Reyðarár (Mjóadalsá). Þaðan ræður áin fram að svonefndri Grjótá, þaðan liggja mörkin beina línu í Grundarhraun, úr Grundarhrauni í þúfuna á Þinghrauni, úr þeirri þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Karlsteigsbakka og þaðan beina línu út í Lón.

Jörðinni fylgir selveiði við Bæjarós, svo og öll önnur veiði fyrir landi jarðarinnar í miðjan á, utan við Seleyri.

Ítök þau sem jörðin á eru:

1. Í jörðinni Hlíð.
 - a. Skógarítak frá Leirskála fyrir neðan götu inni í Girðingshvamm
 - b. Mánaðarþing fyrir búsmala eftir samkomulagi hlutaðeiganda hvar og hvenær er brúkuð. Ekki fjallbeit.
2. Fjöru fyrir Svínhólalandi, sem takmarkast þannig: Að sunnan, sjónhending af fjörunni í há Skiphólhraun er það ber í skriðumörk í Reyðarártindi.
Að austan, sjónhending af fjörunni í syðri Rauðaneshalann er ber í eystra fjárhús neðst í Svínhólatúni fyrir sunnan traðirnar.

Ítök annara jarða í Bæjarlandi eru:

1. Hlíð á eyjaítak er Rjóski heitir, er liggur á milli Bæjarhólma og að landamörkum Stafafells.
2. Svínhólar eiga skógarítak sem nefnist Svínhólatungur á Bæjardal, þær takmarkast að utan af lækjarsytru, sem er upp af innanverðu árgljúfrinu, að innan af læk sem er framan við Mosvelli.
3. Reyðará á skógareign á Bæjardal í svonefndum Koltungum.

Bæ 10. júní 1922.

Þorleifur Eiríksson eigandi og ábúandi

Eiríkur Sigmundsson eigandi

Guðjón Bjarnason ábúandi

Sigjón Bjarnason eigandi

Einar Högnason eigandi

Þórður Jónsson ábúandi

Anna Lúðvíksdóttir eigandi

Samþykktur fyrir Stafafell: Sigurður Jónsson

Samþykktur fyrir Hlíð: Stefán Jónsson

[Samþykktur fyrir] Hvalnes: Einar Eiríksson eigandi



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykktur fyrir Svínhóla Þorleifur Bjarnason eigandi.

Ár 1922 h. 10. júlí var framanrituð landamerkjaskrá lesin á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 141, bls. 160.

Gísli Sveinsson
(L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – krónur



Landamerki Stafafells með hjáleigum og ítökum.

Að austanverðu ráða mörkum fjallseggjarnar fyrir austan Víðidal út á Sviptunguvarp, þaðan ráða enn fjallseggjar út á Hafradalsstafninn. Eftir það ræður á sú, sem fellur út Hafradal alt út í gljúfurkjaftinn austanvert við Bláberjamýri; þaðan liggja mörkin beina leið í Skernabba á ofanverðum Nýgræðum – sem nú verða hrestar upp og audkendar – þaðan sjónhending í vörðuna á Steinsholti, sem nú kallast venjulega Markhraun. Úr því beint út yfir Himbrimistjörn yfir Hrútshöfða þannig, að sjónhending verði úr vörðunni á Markhrauni í austustu klettanös í Vigrinni. Að utan ræður affallið fyrir ofan fjöruna. Að sunnan ræður Jökulsá þ.e. sá farvegur hennar, sem rennur á milli Nautholts að austan og Krossalands að vestan – Þorvaldshöfðakvísl – alla leið inn eftir þangað sem Skyndidalsá rennur í hana. Eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inn í jökla. Að norðan nær Stafafellsland þangað, sem vötn skilur milli Lóns og Fljótsdals. Undir Stafafell liggur fjara með öllum reka og öllum landsnytjum frá landamerkjum fjarðar austur til Óshöfða og eru suðurmörk þeirrar fjöru þar sem Ólafshelli ber milli hátinda, þegar staðið er á fjörunni, og verða þar mörk sett. Ennfremur á Stafafell allan reka á fjörunni frá Óshöfða austur að Bæjarfjöru, og eru austurmörkin þar sem há-Skiphólakollinn ber í skriðumótin – rauðu og dökku- í Reyðarártindi, en landsnytjar á þessari fjöru, sem nefnd er Prestsfit, liggur undir Hvalnes. Loks fylgir Stafafelli eyin Vigur með Böðvarsskeri og öllum gögnum og gæðum. Auk þess eigna gömul skjöl Stafafelli álfst alla á Lóni, en önnur ítök, sem skjölin nefna, virðist óþarft að tilgreina, þar sem þau eru bundin við örnefni, sem enginn veit nú lengur hvar eru.

Ítök nefna skjölin engin, sem aðrir eigi í Stafafellslandi, nema aðeins Þóruskóg á Skyndidal, sem Einholtskirkja eigi, en óljóst er um takmörk hans.

Stafafelli 23. d. aprílm. 1914.

Jón Jónsson (eigandi og ábúandi)

Samþykkur fyrir Hlíð Stefán Jónsson (eigandi)

[Samþykkur] fyrir Bæ Þorleifur Eiríksson eigandi

[Samþykkur fyrir Bæ] Guðjón Bjarnason [eigandi]

[Samþykkur fyrir Bæ] Einar Högnason [eigandi] Anna Hlöðversdóttir

[Samþykkur fyrir Bæ] Eiríkur Sigmundsson [eigandi]

[Samþykkur fyrir Bæ] Þórður Jónsson [eigandi]

[Samþykkur fyrir Bæ] Sigjón Bjarnason [eigandi]

[Samþykk] fyrir Þórólfsdal, Hvamm og Volasel Ingibjörg Ólafsdóttir

Samþykkur fyrir Þorgeirsstaði Sigurður Einarsson (eigandi)

[Samþykk] fyrir Efra-Fjörð, Björg Eyjólfsdóttir [eigandi]

[Samþykkur] fyrir Syðra-Fjörð, Eiríkur Guðmundsson [eigandi]

[Samþykkur] fyrir Hvalnes, Einar Eiríksson eigandi.

Lesið á manntalsþingi í Bæjarhreppi h. 10. júlí 1922 og innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 142, bls. 161.

Gísli Sveinsson

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – krónur



Á austursíðuna eru landamerkin þessi milli Árnanes og Hóla. Úr nyrðri þúfunni á Hesthól beina sjónhending í Arnarhamar austast, er lögð landamerkjagirðing á þeirri leið allri. Úr Arnarhamri sjónhending í Miðfellstind. Milli Lækjarnes og Árnanes eru mörkin þessi. Frá Hesthól eftir vírgirðingu fyrir neðan Brekku í Brekkukíl, síðan liggur markið eftir honum og í Rofhólskíl og út kílinn alla leið í Lækjarnessker, þó laust vestan við það.

Milli Árnanes og Dilksness: Úr Lækjarnesskeri beina leið í miðjan ál vestur af Dilksnesskjólinu yst og mætast þar mörk.

Milli Árnanes og Hafnanes: Úr síðasttöldum miðjum ál beina línu í miðjan Kaplhólmaál, þaðan sjónhending í Vindeyjarhöfða, þaðan sjónhending í Arfaskersnagg, þaðan sjónhending í Akurey.

Mörkin á suðursíðuna milli Mýrajarða og Árnanes:

Milli Árnanes og Einholts og Borgar: Úr Akurey miðri beina línu vestur fjörðinn að Skoruvíkurrifi, sem liggur í Borgarlandareign, mörkin eru nú 60 faðmar norður frá Skoruvíkurrifi um stórstraumsfjöru. Landamerkjálina þessi er þangað sem íbúðarhús Kaupfélagsins ber í háskarðsklöppina og vestra hornið á Flangey ber í há Svínafellsgöltinn. Skulu mörkin úr Akurey vera beina sjónhending á þann stað, hvernig sem eyrar eða álar kunna að breytast á þessu svæði. Áframhald af landamerkjálunnunni milli Borgar og Árnanes er úr framanskráðum merkjarúnni beina línu vestur fjörðinn að hreppamörkum milli Nesja og Mýrahrepps.

Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahrepps. Frá þeim mörkum á skerjum er markálina þessi milli Árnanes og Bjarnanes.

Af Skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kíldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og vatnsfit. Þaðan í stóra vörðu í Ófærahólma í Melsandaál. Þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar er Bjarnanes á veiði alla í firðinum fyrir vestan Flangey.

Ítök, sem Árnanes á í annara löndum:

Skógarítak í Dalsskógi í Lóni, kallað Árnaneskógur og upprekstur fyrir 120 geldfjár á Reifsdal í Hoffellslandareign.

Ítök, sem aðrar jarðir eiga í Árnanesi:

Bjarnanes á Hrafnseyjar og Hoffell beit fyrir 3 hross um vetur í Árnaneslandi:

Gjört að Árnanesi 1. nóvember 1921

Sigríður Steingrímsdóttir

Vilmundur Jónsson

Ólafur Stephensen

Jón Benediktsson

Fyrir Dilksnes: Björn Jónsson

Moritz Steinsen fyrir Bjarnaneskirkju

Fyrir Borgir: Hákon Finnsson

Fyrir þjóðjörðina Hafnanes: Þorleifur Jónsson (umboðsmaður)

Fyrir Hóla: Þorleifur Jónsson

Fyrir Hoffell og Setberg: Jón Guðmundsson

Fyrir part í Setbergi: Þórarinn Sigurðsson

Einar Þorvarðarson umboðsmaður fyrir þjóðjörðina Borg og Einholt



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ár 1922, þriðjudaginn h. 11. júlí var framanrituð landamerkjaskrá lesin á manntalsþingi í kirkjusalnum í Nesjahreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 143, bls. 162.

Gísli Sveinsson

(L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 144.

Landamerkjaskrá fyrir Sævarhólalandi.

1. Að austan milli Sævarhóla í Borgarhafnarhreppi og Odda og Flateyjar í Mýrahreppi. Stranda og fjörumark eru Melþúfa varða á fjörunni nokkuð fyrir austan Sævarhólakletta og varða á aurunum og bera bæði mörkin beina línu í austurlands hánýpu fyrir austan Skálafell. Þetta eru einnig bein mörk milli hreppanna – Borgarhafnarhrepps og Mýrahrepps.
2. Þvermörk milli Sævarhóla og Skálafells eru úr austurlandshánýpu fyrnefndri í Fuglsklett og beina línu í austurnýpu á nýpum.
3. Mörkin að vestan milli Sævarhóla og Smirlabjarga eru, að austurnýpa á nýpum fyrir austan Smirlabjargir beri í Kistugil fyrir austan Skálafell beina línu í sjó sem þá verða fjörumörk.

Smirlabjörgum 1. maí 1922.

Jón Jónsson eigandi

Einar Einarsson meðeigandi

Þóra Jónsdóttir meðeigandi

Sigurður Vigfússon meðeigandi

Eigendur Flateyjar og Odda: Einar Þorvarðsson, Magnús Magnússon, Guðný Benediktsdóttir, Vilborg Hálfðánardóttir, Jón Hálfðánarson, Sigríður Hálfðánardóttir, Þórarinn Gíslason.

Hreppstjóri Borgarhafnarhrepps Stefán Jónsson vottar skrána rjetta.

Ár 1922, fimmtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 144, bls. 164.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 145.

[Skálafell]

Landamörk á milli Skálafells og þeirra jarða, sem land eiga að þess landi, höfum við ábúendur og eigendur jarðanna komið okkur saman um, að gilda skuli eins og hjer verður skýrt frá, fyrir okkur og okkar eftirkomendur, nema öðruvísi verði umsamið á löglegan hátt.

Á milli Skálafells og Smyrlabjarga hinumegin: Úr Skógarmannafossi, beint í grjótvörðu á fjallsbrún (milli Hvíldar og Nautastígs) þaðan beint í Smirlabjargará, eftir það ræður áin mörkum, meðan hún fellur í föstum farveg, þaðan sem hann endar liggja mörkin beint í Austurnýpu.

Á milli Skálafells og Sævarhóla úr Austurnýpu í Fuglaklett þaðan í Hánýpu.

Á milli Skálafells og Heinabergs úr Hánýpu og beint í Snjófjall vestast.

Skálafell á stórreka-fjöru, þar sem heitir Skálafellsfjara.

Skálafelli 1. maí 1921

Páll Sigurðsson ábúandi og eigandi $2/3$ Skálafells

Sigurður Vigfússon ábúandi og eigandi $1/6$ úr Sævarhólum og ábú $1/3$ Skálafells

Jón Jónsson ábú og eigandi að $1/3$ úr Smyrlabjörgum $1/4$ úr Sævarhólum

Einar Einarsson, Benedikt Jónsson – Í sameiginlegu ábú. og eigendur $1/2$ Smirlabj. $1/4$ Sævarhóla $1/4$ Skálafells

Gísli F. Jónsson áb. og eigandi $1/6$ Smyrlabjarga eigandi $1/15$ Skálaf.

Þóra Jónsdóttir eigandi að $1/3$ Sævarhóla

Jón Hálfðánarson eigandi að 1. hundraði í Heinabergi

Eyjólfur Daníelsson ábúandi Heinabergs og eigandi $8/9$.

Að allir aliljar eru undirritaðir landamerkjaskrá þessa vottar hreppstjóri Borgarhafnarhrepps Stefán Jónsson

Ár 1922, fimtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 145, bls. 165.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 146.

Landamerkjaskrá fyrir Smyrlabjargalandi.

1. Að austan milli Smyrlabjarga og Skálafells hinumegin, úr Skógamannafossi beint í grjótvörðu á fjallsbrún milli hvíldar og nautastígs, þaðan beint í Smyrlabjargaá, þaðan ræður áin mörkum meðan hún fellur í föstum farveg, en þar sem hann endar liggja mörkin beint í austurnýpu á nýpum.
2. Milli Smyrlabjara og Sævarhóla öðrumegin úr fjörumarki á austurnýpu, úr henni ber markið beint í Kistugil.
3. Á milli Smyrlabjarga og Uppsala öðrumegin úr fjörumarki í vörðu á Báshólum, þaðan í stein á fjallsbrún beint í þvermark milli Borgarhafnar og Smyrlabjargar og á milli Smyrlabjarga og Borgarhafnar hinumegin úr þvermarki í Skógamannafoss.

Smyrlabjörgum 1. maí 1922.

Jón Jónsson eigandi og ábúandi

Einar Einarsson eigandi og ábúandi

Gísli Jónsson eigandi og ábúandi

Benedikt Jónsson (meðeigandi)

Fyrir vora hönd er samþykkt þessi landamerkjaskrá:

Páll Sigurðsson Skálafelli

Jón Bjarnason Uppsölum

Gísli Bjarnason Uppsölum

Að allir aðiljar eru undirskrifaðir landamerkjaskrá þessa vottar hreppstjóri Borgarhafnarhrepps Stefán Jónsson

Ár 1922, fimtudaginn h. 13. júlí, var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 146, bls. 167.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 147.

Landamerkjaskrá fyrir Uppsálalandi.

1. Að austan milli Uppsala og Smyrlabjarga. Úr fjörumarki í vörðu í miðjum Báshólum, þaðan í vörðu á Uppsalahálsi og svo í stein á fjallsbrúnni austan við Nóngil. Þaðan beint í þvermark milli Merkjurbæja og Borgarhafnar sem liggur úr Skógamannafossi í Markhól.
2. Mörk að vestan milli Uppsala og Hestgerðis er í kofa í Markhólma, þaðan í vörðu vestan við Markhaunsvíkurskarð og í þúfu á Tjarnarleiti og þaðan í vörðu á Rjúpnadalshnaus og síðan beina línu í þvermark sem liggur úr og í Skógamannafoss.
3. Fjörumark að vestan samkvæmt Borgarhafnar landamerkjaskrá er 30 faðma – þrjátíu faðma – fyrir austan Hafnargarða.

Uppsölum 1. maí 1922.

Jón Bjarnason (eigandi og ábúandi)

Gísli Bjarnason (eigandi og ábúandi)

Samþykkt er fyrir vora hönd þessi landamerkjaskrá:

Jón Jónsson Smyrlabjörgum

Einar Einarsson Smyrlabjörgum

Gísli Jónsson Smyrlabjörgum

Guðrún Sigurðardóttir Skálafelli

Gísli Þorsteinsson Hestgerði

Að allri aðiljar sjeu undirskrifaðir skrá þessa vottar hreppstjóri Borgarhafnarhrepps
Stefán Jónsson

Ár 1922, fimmtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 147, bls. 167.
Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 148.

Landamerkjaskrá fyrir Hestgerðislandi.

1. Að austan milli Hestgerðis og Uppsala er markið úr kofa í Markhólma í mitt Markhraun og þúfu á Tjarnarleytishrauni, þaðan í vörðu á Rjúpnadalshnaus, svo þaðan beina línu í þvermark sem er á milli Merkurbæja og Borgarhafnar.
2. Markið að vestan milli Hestgerðis og Borgarhafnar úr Kambsenda í klofinn stein í þriðju torfu frá Kambtúnslæk, og þaðan beina línu í Markhól.
3. Fjara, sem Hestgerði á er Hestgerðisvík og hundrað faðma fyrir vestan Hálsakletta.
4. Og svo veiðivatn fyrir Hestgerðislandi.
5. Mörkin úr Kambsendanum fram í Lónið.

Hestgerði 1. maí 1922

Gísli Þorsteinsson (eigandi og ábúandi)

Guðrún Sigurðardóttir (meðeigandi)

Þórarinn Sigurðsson (meðeigandi)

Gísli Bjarnason (meðeigandi)

Jón Bjarnason

Fyrir vora hönd samþykkjum vjer ofanritaða landamerkjaskrá:

Þórarinn Gíslason Borgarhöfn, Gísli Sigurðsson Borgarhöfn

Sigurður Gíslason Borgarhöfn, Guðrún Bergsdóttir [Borgarhöfn]

Jón Sigurðsson Borgarhöfn, Sigurbjörn Björnsson [Borgarhöfn]

Að allir aðiljar eru undirskrifaðir landamerkjaskrá þessa vottar hreppstjóri Borgarfjarðarhrepps

Stefán Jónsson

Ár 1922, fimtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 148, bls. 168.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Landamerkjaskrá fyrir Borgarhafnarlandi.

1. Að austan rennur lækur sá úr jöklinum austan við Botnafjallshnútu og rennur í Skógamannafoss deilir á milli Botnafjallshnútu og Miðbotnafjalls, síðan er marklína úr miðjum Skógamannafossi í hlaðna grjótvörðu við Sómavatn, þaðan í vörðuna á Markhól við Bleikuhnútu, þaðan í klofinn klett í þriðju torfu frá Kambtúnslæk, og þaðan í Hestgerðiskambsenda, þaðan beina línu fram í Lónið.
2. Landamörk að vestan. Staðará deilir á milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar þar hún nú rennur úr jökli austan við Hálsatind annarsvegar, og Þormóðarhnútu hinsvegar, síðan ræður áin þar hún nú rennur suður að fjörusöndum mitt og á milli Þrándaholta að undanskildri Krikatorfu er áin hefir fallið vetur fyrir.
3. Rekafjara Borgarhafnarjarðarinnar nær frá Skálafellsfjöru að Kálfafellsstaðarfjöru að undanskildu því, sem Hestgerði tilheyrir, sem er Hestgerðisvík vestast í Hálsaklettum og eitthundrað faðmar fyrir vestan Hálsakletta, að vörðu sem er á fjörunni er ber frá flæðarmáli í toppmyndaðan svartan stein vestan við Kúahjalla.
4. Fjörumörk hin eystri er þrjátíu faðmar fyrir austan Hafnargarðakletta. Fjörumörk hin vestri er háþúfa á Bjarnarhrauni tekin sjónhending úr flæðarmáli miðjavega í Hrafnagil.
5. Hlunnindi sem þjóðinni [jörðinni?] fylgja selveiði í Hólsás þá hann rennur í jarðarinnar landi og silungsveiði fram með einni fjöru. Silungsveiði á jörðin í Staðará að hálfu móti Kálfafellsstað.
6. Upprekstur sauðfjár í Staðarhálsnum fellur niður frá Borgarhöfn og tíu uxa beit frá Kálfafellsstað á Borgarhafnarheiði fellur sömuleiðis niður samþykkt af báðum málsaðilum.
7. Skóg á jörðin í Staðarhálsnum að austan vestur að háutorfu og markvörðum er greina á milli skóganna.
8. Skógarítak á jörðin í Breiðabólstaðarlandi þar sem heitir Borgarhafnarnes og Fiskikelda.

Ofanritaða skrá samþykkjum vjer undirritaðir 19. júní 1922.

Þórarinn Gíslason eigandi og ábúandi

Guðrún Bergsdóttir eigandi og ábúandi

Jón Sigurðsson eigandi og ábúandi

Gísli Sigurðsson eigandi og ábúandi

Sigurbjörn Björnsson landseti

Sigurður Gíslason landseti

Fyrir vora hönd er samþykkt þessi landamerkjaskrá:

Gísli Þorsteinsson, Hestgerði

Sigurður Þórarinsson Stóru­lág

Jón Jónsson Smyrlabjörgum

Einar Einarsson Smyrlabjörgum

Gísli Bjarnason Uppsölum

Benedikt Jónsson Smyrlabjörgum

Gísli Jónsson Smyrlabjörgum

Pjetur Jónsson Kálfafellsstað

Stefán Jónsson (hreppstjóri)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Að allir aðiljar eru undirskrifaðir landamerkjaskrá þessa vottar hreppstjóri Borgarhafnarhrepps.

Ár 1922, fimtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssyslu undir nr. 149. bls. 169.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 150.

Landamerkjaskrá fyrir Fellslandi.

1. Að austan milli Fells og Reynivalla er að Fellsárfoss ber í miðt Hrollaugshólaskarð, og er sú beina lína í sjó sem þá verða fjörumörk
2. Landa og fjörumörk að vestan milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps er varða hlaðin á fjörunni vestan við hornið á nýgræðunum sem á að bera í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabygðum og er það bein lína á milli Fells og Breiðamerkurlanda og fjörumörk. Þetta eru einnig mörk milli hreppanna Borgarhafnarhrepps og Hofhrepps

Reynivöllum 1. maí 1922

Eyjólfur R. Sverrisson
eigandi og ábúandi.

Fyrir vora hönd er samþykkt ofanrituð landamerkjaskrá:

Þorsteinn Arason eigandi og ábúandi Reynivalla 7/12
Sigurður Sigurðsson Reynivöllum
Gísli Bjarnason
Jón Bjarnason

Ár 1922, fimtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 150, bls. 171.
Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 151.

Landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi.

Landa- og fjörumörkin eru: Varða hlaðin á graskoll á fjörunni, vestanhalt við hornið á Nýgræðunum, á að bera austast í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabygðum, og er það alt bein lína.

Þetta eru einnig mörk milli hreppanna: Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

Til skýringar skal þess getið – af því mörkin við sjó geta verið óglögg fyrir ókunnuga – að glögg og áreiðanleg fjallamörk eru milli Tvískerja og Fjallslands, sem er Miðaftantindar = toppurinn, beri í sýlingu á Eiðnaskarðstindi og er það bæði landa og fjörumörk, glögg og alþekt örnefni. Fjallsfjara á að vera 9 hundruð faðma tólfræð á lengd, þaðan er 1080 faðma og mun vera átt við, að þrjár íslenskar álnir sjeu í hverjum faðmi.

Við Fjallsfjöru að austan tekur við Breiðamerkurfjara, sem á að vera jafnlöng: 900 faðma tólfræð, þá kemur Fellsfjara í Borgarhafnarhreppi.

Ef síðar kæmi ágreiningur um hreppamörkin, þá þarf ekki annað en lengd fjaranna: Fjalls- og Breiðamerkurfjöru í Hofshreppi, sem eiga til saman að vera tvenna níu hundruð faðma, tólfræð.

Fagurhólmsmýri og Kálfafelli 13. maí 1922.

Ari Hálfðánarson (hreppstjóri Hofshrepps)

Stefán Jónsson (hreppstjóri Borgarhafnarhrepps)

Ár 1922 fimtudaginn h. 13. júlí var landamerkjaskrá þessi þinglesin að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi og 15. júlí s.á. var hún einnig þinglesin á manntalsþingi að Hofi í Hofshreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 151, bls. 171.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Landamerkjaskrá fyrir Fagurhólmsmýri í Öræfum.

Landmörk milli Fagurhólmsmýrar og Hofsnæs eru: Frá upptökum Gljúfursár vestan Miðfellstanga, svo eftir gljúfrinu og fremst í gljúfurskjaft, þaðan í grjótvörðuna á Hamarsenda, þaðan beina línu í lítinn hólma eða smáfit næst vestan við Nýja-landið.

Fjörumörkin eru: Mýrarmelur beri í hæstu þúfuna á Fátækramannahól.

Landamörk milli Fagurhólmsmýrar og Hnappavalla eru: Frá upptökum Yrþugils, og eftir gilinu, svo fram af miðjum Salthöfða, þó á Fagurhólmsmýri allan grashöfðann. Fagurhólmsmýri á ~~allan~~ Mýrarfífhólma, sem eru skiftar engjar austan Salthöfða, og ítak í Kvíarmýri fyrir 50 fjár og 3 hross.

Aðalengjamörk milli nefndra jarða eru: Frá Salthöfðanefi eftir ál er rennur austur framan undir höfðanum og í vörðu í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram leirur.

Hnappavallahjáleiga á engjaitak í Húsfít í Mýrarlandi.

Fjörumörkin eru: Hvalbein sett upp og hlaðið upp með því í hólma ofan við fjöruálinn, á það að bera í Gyltu – lítinn klett – á Hnappavallaveitum, þaðan í standberg vestast í Hafnakambi; það er alt bein lína.

Fagurhólmsmýri 29. maí 1922.

Ari Hálfðánarson eigandi og ábúandi hálfrar Fagurhólmsmýrar

Jón Jónsson eigandi og ábúandi að ¼ parts jarðarinnar

Björn Pálsson eigandi og ábúandi að ¼ parts jarðarinnar

Að því er viðkemur framanrituðum mörkum milli Hofsnæs og Fagurhólmsmýrar erum við samþykkir

Hofsnesi júní 1920

Bjarni Sigurðsson

Að því er viðkemur framanrituðum mörkum, milli Hnappavalla og Fagurhólmsmýrar, erum við samþykkir.

Hnappavöllum 30. júní 1922.

Gísli Bjarnason

Runólfur Runólfsson

Stefán Þorláksson

Jón Þorsteinsson

Gísli Jónsson

Jóhann I. Þorsteinsson

Jón Guðmundsson

Sigurður Þorsteinsson

Ár 1922, laugardaginn h. 15. júlí, var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi að Hofi í Hofshreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 152, bls. 172.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar - Krónur



Nr. 153.

Landamerkjaskrá fyrir Hofsnæs.

Landamörk milli Hofsnæs og Fagurhólsmýrar eru frá upptökum Gljúfurár vestan við Miðfellstanga, svo ræður gljúfrið að gljúfurminni, þaðan í vörðu á Hamarenda, þaðan í næstu fit austan við Nýalandið.

Landamörk milli Hofsnæs og Hofs eru þessi: Þaðan sem fremri brún Háaskers er hæst í Klett, sem er innan við Kúadalsöldu, þaðan í vörðu í vörðuna á Markhólma, þaðan í melabót þá sem vestust er af melum þeim sem eru uppundan Staðarfjöru, síðan ráða til sjávar fjörumörkin sem eru milli Staðarfjöru og Tangarfjöru.

Fjörumörkin að austan milli Stúfs og Mýrarfjöru eru: Mýrarmelur á að bera í Þúfu á Fátækramannahól. Að vestan eru fjörumörkin Mýrarmelur á að bera í nefið á Blesakletti.

Fjörumörk milli Kongsvíkur og Staðarfjöru eru Markmelur sem á að bera í Vikuröldu upp af Kúadalsöldu. Þaðan á Hofsnæs fjöru austur að Ingólfshöfða.

Hofsnæs 14. júlí 1922.

Bjarni Sigurðsson

Guðrún Þorlákisdóttir

Stefán Þorláksson

Samþykkir framanskráðu að því er snertir landamörk milli Hofs og Hofsnæs og fjörumörk milli Stúfs og Hofsfjöru erum við undirritaðir

Þorleifur Pálsson

Finnbogi Einarsson

Þorlákur Jónsson

Arndís Halldórsdóttir

Þorsteinn Gissursson

Oddur Sigurðsson

Karl S. Magnússon

Samþykkur framanskráðu að því er snertir fjörumörk milli Staðarfjöru og Kongsvíkurfjöru er jeg undirritaður

Eiríkur Helgason núv. umráðamaður Sandfells

Samþykkur framanskráðu að því er snertir landa og fjörumörk milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs er jeg undirskrifaður

Fagurhólsmýri 14. júlí 1922

Ari Hálfðánarson

Ár 1922, laugardaginn h. 15. júlí var framanrituð landamerkjaskrá þinglesin á manntalsþingi að Hofi í Hofshreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 153, bls. 173.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 154.

Landamerkjaskrá.

Hof í Hofshreppi á lönd og eignir sem hjer segir:

Að innan lína, sem dregin er úr miðju Rótarfjalli, sem er upp í jökli, og þaðan í innri enda Litlafjalls, þaðan og í hæðstu þúfu á svonefndum Miðjökli svo þaðan beina sjónhendingu út.

Að austan í línu, sem dregin er úr fremri brún á Háskeri þar sem hún er hæst í klett sem er innan við Kúaöldu, þaðan í vörðu sem hlaðin er í Markhólma þaðan í melabót þá sem er syðst af melum þeim sem eru uppundan Staðarfjöru síðan ráða fjörumörk sem eru milli Staðarfjöru og Tangafjöru.

Enn fremur á jörðin Breiðamerkurfjall alt og land á Breiðamerkursandi, að vestan eru mörkin sem hjer segir: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi í sama fjalli.

Hof á tvöfimmtu hluta af grasnyt í Ingólfshöfða. Fjörur á jörðin þessar:

1. Tangafjara fyrir vestan Ingólfshöfða milli þessara marka; Að vestan: Fremri menn í Hafrafelli eiga að bera í klettinn fyrir norðan dypsta skarðið í svonefndum Skörðum í Skaftafellsfjöllum. Að austan: Eystri endinn á vestustu melabótinni í Hofsmelum skal bera í eystra gilið framan í Dalaskeri sem er upp af Mýravikinu þaðan eru (mælt frá flæði) 3550 metrar í beina stefnu á drang þann sem er vestan undir Ingólfshöfða fyrir framan Kónsöldu.
2. Hofsfjara fyrir austan Ingólfshöfða milli þessara marka: Að vestan: Máfasker sem er fyrir austan Borgarklett á að bera í tindinn milli Skarðanna í Súlnatindum á Eystrafjalli. Að austan: Mýramelur á að bera í nefið á Blesakletti.
3. Fjallsfjara milli þessara marka: Að vestan: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli skal bera í skarð í Eiðnatindi á nefndu fjalli. Að austan: Hærri þúfan á Máfabygðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli og landamörk þau sömu.

Hofi 15. júlí 1922.

Oddur Sigurðsson

Finnbogi Einarsson

Þorleifur Pálsson

Þorlákur Jónsson

Þorsteinn Gissursson

Arndís Halldórsdóttir

Karl S. Magnússon

Samþykkur framanskráðu, að því er snertir landamörk milli Hofs og Sandfells, ítak í Ingólfshöfða og eystri fjöru fjörumörk Tangafjöru og vestri fjörumörk Hofsfjöru er jeg undirritaður.

Eiríkur Helgason núv. umráðamaður Sandfells

Samþykkur framanskráðu að því er snertir landamörk milli Hofs og Hofsnæs og eystri fjörumörk Hofsfjöru er jeg undirritaður

Bjarni Sigurðsson

Samþykkur framanskráðu að því er snertir vestri fjörumörk Tangafjöru erum við undirritaðir

Lárus Magnússon

Páll Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Rannveig Runólfsdóttir
Gunnar Jónsson

Samþykkur framanskráðu að því er fjöru og landamörk milli Tvískerja og Fjallslands erum við undirritaðir

Ari Hálf dánarson, Páll Jónsson, Gísli Jónsson eigendur að 5/6 í Tvískerjum

Samþykkur framanskráðu: að því er við kemur eystri mörkum milli Fjallslands og Breiða-merkurlands
Ari Hálf dánarson

Ár 1922, laugardaginn h. 15. júlí var landamerkjaskra þessi þinglesin á manntalsþingi að Hofi í Hofshreppi og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 154, bls. 174.
Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 155.

Landamerki fyrir jörðinni Kálfafelli í Hörgslandshreppi.

Að austan ræður Djúpa frá jökli þar sem hún hefir upptök sín, alla leið suður úr þar til koma saman Rauðabergs og Maríubakka landamörk. Er það endamark að sunnan, þaðan liggur markið í Laxármynni til norðurs. Úr því ræður Laxá alla leið norður eftir þar til hún endar. Úr Laxárbotnum liggur markið til norðurs í vörðu á svokölluðum Fjallsenda, þaðan bein lína í sömu stefnu alt til jökuls.

Jörðin á fjöru, liggjandi milli Rauðabergs og Hvolsfjöru og hefir hún verið talin þrenn átján hundruð faðmar, ásamt jörðunum Maríubakka og Kálfafellskoti.

Auk þess eiga tjeðar jarðir í sameiningu hina svonefndu Kálfafellsmela og landið fyrir sunnan marklínu jarðarinnar Maríubakka, sem liggur milli Rauðabergs og Hvols landamarka alt til rekamáls ásamt veiðirjetti í Hvalsýki.

Landmerkjaskrá þessi er gjörð á Maríubakka 1. júlí 1922

Stefán Þorvaldsson

Bergur Bergsson

Sigurður Jónsson

Guðríður Þórarinsdóttir

Ragnhildur Steingrímsdóttir

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 155, bls. 176.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 156.

Landamerki fyrir jörðinni Kálfafellskoti í Hörglandshreppi.

Að austan: Hlaðin varða í Yxnároddaskerjum sem er endamark að norðan bein lína suður í Fossá, þar sem hún fellur ofan af fjallinu norðvestan við Blómsturvallabæinn. Úr því ræður áin þar til hún fellur í Laxá. Úr því ræður Laxá þar til hún kemur saman við Brúará þar sem landið skerst úr að sunnan.

Að vestan: ræður Brúará til norðurs þar til Hvamsá fellur í hana. Úr því ræður Hvamsá þar til hún endar. Svo þaðan beina línu í áðurgreinda vörðu á Yxnároddaskerjum þar sem landið skerst úr að norðan. Jörðin á hlutdeild í veiðirjetti og reka á Kálfafellsfjöru, sem liggur milli Rauðabergs og Hvolsfjöru og hefir að fornu verið talin þrenn átján hundruð faðmar á lengd.

Gjört að Maríubakka 1. júlí 1922.

Stefán Þorvaldsson

Bergur Bergsson

Sigurður Jónsson

Guðríður Þórarinsdóttir (eigandi að Blómsturvöllum)

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglandshrepp og síðar innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 156, bls. 177.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 157.

Landamerki fyrir jörðinni Blómsturvöllum í Hörglandshreppi.

Að austan milli Kálfafells og Blómsturvalla. Laxá ræður frá því Fossá fellur á hana norður eftir, þar til hún endar. Úr Laxárbotnum til vesturs í Brúarárbotna, þaðan til suðurs í vörðu sem hlaðin er á Yxnároddaskerjum, þaðan í sömu stefnu í Fossá þar sem hún fellur ofan af fjallinu norðvestan við Blómsturvelli. Úr því ræður áin þar til hún kemur í Laxá þar sem landið skerst úr. Auk þess á jörðin hlutdeild í Kálfafellsmelum sem er sameign.

Gjört að Kálfafelli 1. júlí 1922

Guðríður Þórarinsdóttir (eigandi Blómsturvalla)

Stefán Þorvaldsson (eigandi ½ Kálfafells og Kálfafellskots)

Bergur Bergsson (eigandi ½ Kálfafells)

Sigurður Jónsson (eigandi Maríubakka)

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglands-hrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 157, bls. 178.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 158.

Landamerkjaskrá

fyrir svonefndu Bakkafjalli, sem er ítak er heyrir til jörðinni Maríubakka

Að vestan og norðan ræður Brúará frá Hvannármynni, þar til hún endar norður í skerjum. Úr Brunnárbotnum til suðausturs í vörðu í svokölluðum Yxnárodaskerjum, þaðan til suðvesturs í Hvannárbotna þar sem hún kemur ofan af fjallinu. Úr því ræður Hvanná þar til hún fellur í Brúará.

Gjört að Maríubakka 1. júlí 1922

Sigurður Jónsson

Stefán Þorvaldsson

Guðríður Þórarinsdóttir

Helgi Bjarnason

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglandshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 158, bls. 178.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 159.

Landamerki

fyrir jörðinni Orustustöðum í Hörglandshreppi.

1. Norðurmark:

Úr miðjum Orustuhól austur úr hrauninu í upphlaðna grjótvörðu í Hrunalandamarki. Þaðan í suður í grjótvörðu í svokölluðum Marktanga þaðan í suður eftir hlöðnum vörðum á graslendinu milli Hruna og Orustustaða. Eftir að vörðunum sleppir, bein lína eftir sömu stefnu í suður að rekamáli.

2. Vesturmark milli Orustustaða og Sljettabóls. Úr miðjum Orustuhól, þar sem landið skerst úr, eftir hraunum í suðausturs í hlaðnar grjótvörður á svokölluðu Stóravíki. Þaðan í suður eftir upphlöðnum markvörðum á graslendinu sunnan við Hraunið. Þegar af vörðunum sleppir, bein lína, eftir sömu stefnu suður að rekamáli.

Jörðin á upprekstur í afrjetti Síðumanna.

Gjört að Orustustöðum 27. des. 1921

Geir Jónsson Sljettabóli

Magnús I. Sigurðsson

Einar J. Anesson Hruna

Jón Jónsson Teygingalæk

Gunnar Jónsson Hraunbóli

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglandshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 159, bls. 179.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamerki jarðarinnar Foss á Síðu.

Vesturmark: Úr vörðu á Krókaskeri – þar sem það er hæst – beina línu í Kambinn vestan við Merkilæk (eftir því sem garðurinn þar á milli vísar til). Úr Markskeri sömu línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið). Þaðan beina línu í aðra grjótvörðu í austurenda svonefndrar Hörglandsbótar – sem nú er eigi orðin nema lág sandalda. Úr þessari vörðu sömu línu að rekamáli.

Austurmark: Úr ofangreindri vörðu á Krókaskeri beina línu í vörðu á Kvíguhvammahól. Þaðan beina línu í sjálft núpshornið (milli Foss- og Þverár) eða svonefnt Fremrahlið. Þaðan beina línu í þúfu á Orustuhól, þaðan í hrauntangann vestan við Hraunból (þar sem hann skagar lengst til útsuðurs). Þaðan í grjótvörðu á svonefndu Flóðholti (Nú er Flóðholt ekki orðið nema lág sandalda, lítt þekktanleg). Úr vörðunni á Flóðsholti beina línu í grjótvörðu í svonefndri Stikubót, þaðan í grjótvörðu í miðri Jónsbót, þaðan að rekamáli.

Fjara fylgir jörðinni – Fossfjara – liggjandi milli Hörglandsfjöru að vestan og Hvolsfjöru að austan.

Vesturmark: Hæsta brún Harðavallafjalls á að bera í austurbrúnina á Hörgdalskaldbaksöxl.

Austurmark: Seldalsöxl á að sjást ydda fram fyrir Lómagnúp.

Sljettaból á 1/3 – einu þriðja – í greindri fjöru.

Gjört að Fossi á Síðu 15. des. 1920

Matthías Stefánsson (Fyrir ¼ jarðarinnar Foss)

Lárus Helgason (Fyrir ¾ jarðarinnar Foss)

Jón Jónsson (leigjandi og ábúandi) Þverár

Einar Pálsson, Steingrímur Steingrímsson, Loftur Ólafsson, Þorlákur Vigfússon fyrir hönd Hörglandsjarða.

Gunnar Jónsson Sljettabóli

Geir Jónsson Sljettabóli.

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglandshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 160, bls. 180.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 161.

Landamerki

fyrir jörðunum: Hörgslandskoti, Hörgslandi og Múlakoti í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að austan milli Brattlands, Foss og ofangreindra jarða:

Úr Ystatanga að norðan, bein lína í vörðu á Krákuskeri. Þaðan bein lína í kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk. Þaðan bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan í vörðu á skerinu, sem er á sandinum neðan við graslendið. Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp neðan við Foss og Hörgslandsmela. Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaði er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli.

Að vestan milli Hörgslands, Keldunúps og Landbrotsjarða er hlut eiga að máli og ofangreindra jarða:

Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan í gljúfrið að vestur af Stakki. Úr því ræður Hörgsá þar til gljúfrið endar norðvestan við Múlakot. Svo úr minni Hörgsárgljúfurs í Merkigarðsenda. Þaðan bein lína í vörðu austan við háskerið á uppsalahálsi. Úr þeirri vörðu bein lína að rekamáli þannig að nefnd varða beri í Skógfoss í Hörgsdalslandareign, (miðað að sunnan).

Fjara fylgir jörðunum. Vesturmörk: Stika við flæðarmál er beri í melakoll stakan ofan við rekamál og mitt á milli Killa og Hlöðubrekka í Geirlands landareign. Austurmark: Stika við flæðarmál er beri í hamrabrúnina á Harðavallarfjalli þar sem hún er hæst og þau miðberi í hvössu öxlina á Kaldbaki að austan.

Jarðirnar eiga upprekstur á Síðumannaafrið að tiltölu við aðra Síðumenn.

Gjört að Hörgslandi 5. maí 1922

Loftur Ólafsson, Þorlákur Vigfússon, Einar Pálsson, Steingrímur Steingrímsson fyrir hönd Hörglandsjarða

Lárus Helgason (Fyrir ¾ jarðarinnar Foss)

Ár 1922, fimtudaginn 13. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Hörglandshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 161, bls. 181.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Nr. 162.

Landamerki

á milli jarðanna Efri- og Neðri-Merkur í Kirkjubæjarhreppi í Skaftafellssýslu.

Úr Stjórn ræður Vörðugil inn fyrir Manakrók, þaðan beina línu austur á Skála, sem er á marklínunni á milli Geirlands og Merkurjarða. Að öðru leyti eru landamerki tjeðra jarða, samkv. landamerkjabréfi 22. maí 1889.

Efri-Mörk 24. maí 1922

Jón Jónsson (fyrir Efri-Mörk)

Eiríkur Ólafsson (fyrir Neðri-Mörk)

Ár 1922, föstudaginn 14. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 162, bls. 182.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamörk kirkjujarðarinnar Hátún, Efri- og Syðri-Vík í Landbroti.

Jarðir þessar hafa afskift tún og engjar, en annað land í sameiningu.

Að sunnan: Vesturhornmark: syðra Marksker, sem er fyrir norðan Ærklett; úr vörðu á því, beint í vörðu sem er fyrir sunnan og vestan svokölluð Marksker í Þverlækjagrjótum; úr þeirri vörðu í Hánypu, þaðan í Blesalandshól; þaðan í vörðu á Baruhól og sömu línu að Hörglandsmarki, sem er austast í Uppsalahálsi beint í Skógfoss.

Að vestan: Úr áðurnefndu Syðra Markskeri í Efra-Marksker, sem er með tveimur vörðum; úr því í vörðu í Þórarinsvörðuhólma, og þaðan beint upp í Tungulæk, sem ræður þar til hann beygist á bí við Söðulsker; þá úr Söðulskeri í Myrkvastofu, þaðan í Hliðskjálfi, þá í Arnarþúfu, þaðan í grjótvörðu austast í Reinum; þaðan sömu línu að Hörglandsmarki.

Afrjettartitala á Síðumannaafrett.

Efri-Vík, 12. júlí 1922.

Eiríkur Þorgeirsson

Dagbjartur Sveinsson

Magnús Þórarinsson

Við undirritaðir samþykkjum ofanskráð landamörk:

Helgi Jónsson

Bjarni Bjarnason

Eyþór Þorkelsson

Auður Þórarinsdóttir

Einar Bjarnason

Þórarinn Auðunsson

Sigurður Auðunsson

Stefán Þorláksson

Bjarni Runólfsson

Ár 1922, föstudaginn 14. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 163, bls. 182.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 164.

Landamörk milli Seglbúða og Hraunjarða.

Nyrst og vestast; úr fremra Markskeri, sem er norðan við Ærklett. Þaðan í skerkllett í Hróksgrjótum, er Hrókur er nefndur. Úr Hrók beina línu að Skaftárvötnum þar sem hann ber í hnjúkinn á Skálarborg og sömu línu að Þykkvabæjarlandi.

Milli Seglbúða, Þykkvabæjar og Víkurjarða:

Úr fyrrnefndu Markskeri beina línu í vörðu í Þverlækjargrjótum, þaðan í þúfu á Þúfuskeri, úr henni í þúfu við Tröllshyl. Þaðan í Klofaklett í Fljótsbotni. Úr Klofakletti í Klett austan við jarðbrúna á fljótinu. Þaðan eftir markgarði milli Seglbúða og Þykkvabæjarengja og sömu línu áfram að Hraunalandi.

Ofanskráð landamörk hafa hlutaðeigendur samþykkt.

Seglbúðum 12. júlí 1922.

Helgi Jónsson

Ofanskráð landamörk samþykkjum við undirritaðir

Bjarni Bjarnason

Eiríkur Þorgeirsson

Páll Sigurðsson

Dagbjartur Sveinsson

Magnús Þórarinsson

Stefán Þorláksson

Lárus Helgason (oddviti Kirkjubæjarhrepps)

Ár 1922, föstudaginn 14. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 164, bls. 183.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 165.

Landamörk umhverfis jarðirnar Hraun og Arnardrang.

Jarðir þessar hafa afskift tún og engjar, en annað land í sameiningu.

Að sunnan: Norðvesturhornmark er varða á skeri suðvestur af Skerjamelatagsbót, frá þeirri vörðu suðaustur beina stefnu í Þrívörðusker, efst á Skerjamelum, þaðan sama stefna á Klett (Drang) austur í Eggjum og sömu stefnu í vörðu á háeggjabrúnninni skamt vestar en Markhellunef, þaðan sama stefna austur úr sjávarmelum austur í Skaftárvötn.

Mörk að austan og norðan: Úr Markhellu, sem er útnorðursmark, úr henni í Efra-Marksker norðan við Ærklett, svo í Fremra Marksker, þaðan í Hrók, þaðan í Skaftárvötn svo að Hrókur beri í Skálarborg, svo í beinni línu að Þykkvabæjarmarki.

Ofanskráð landamörk hafa hlutaðeigendur samþykkt.

Hrauni 12. júlí 1922

Bjarni Bjarnason

Stefán Þorláksson

Ofanskráð landamörk samþykkjum við undirritaðir

Eiríkur Þorgeirsson

Magnús Þórarinsson

Bjarni Runólfsson

Einar Bjarnason

Dagbjartur Sveinsson

Ólafur Ólafsson

Helgi Jónsson

Bjarnfríður Jóh. Ingimundsson

Páll Þórhallason (handsalað).

Ár 1922, föstudaginn 14. júlí var landamerkjaskrá þessi lesið á manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 165, bls. 184.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 166.

Landmörk meðfram Skarðslandi sunnanverðu.

Suðausturhornmarkið er stika sett niður í leiruna milli bæjarrústa Eystri Lynga og Slýja (í nánd við Skarðsárhyl, sem getið er um í gömlum landamerkjaskráum að þar hafi verið). Frá stiku þessari eru landamörkin bein sjónhending vestur yfir Beruflóð í vörðu, sem hlaðin er á hólma í „Keldunni“ fyrir norðan bæinn á Ytri-Lyngum. Frá þeirri vörðu liggur merkjalínan eftir Keldunni miðri vestur að annari vörðu, sem hlaðin er á hólma í Keldunni og er norðvesturhornmark Ytri-Lynga. Frá þeirri vörðu er merkjalínan bein sjónhending um vörðu, sem er um 20 faðma fyrir vestan túngarðinn á Langholti, norðvestanvert við fjárhús, sem þar er, og áframhaldandi suður í Skurð. Liggur svo merkjalínan til vestur eftir Skurðinum og síðan áfram sömu stefnu eftir Höfðakvíslinni og úr vesturenda hennar í fult vestur að Undirhrauns(Melhóla)landi. Er þar sett suðvesturhornmark.

Að öðru leyti en þessu gildir landamerkjaskrá Skarðslands, skráð 19. júní 1886, þinglesin 23. sama mánaðar.

Meðfram Skarðslandi sunnanverðu liggja Eystri-Lyngaland austast, þá Ytri-Lyngaland, Bakkakotsland og Efri-Eyjarland vestast.

Langholti, Staðarholti og Hnausum, 11. maí 1921

Ingimundur Ólafsson

Sveinn Þorsteinsson

Stefán Hannesson

Ofanskráðum landmörkum erum við undirritaðir samþykkir:

Jóhann Sigurðsson, Markús Jónsson, Vilborg Bjarnadóttir

Ingimundur Ingimundsson, Árni Jónsson, Ásmundur Jónsson

Hinsvegarrituð landamerkjaskrá er undirrituð af öllum rjettum hluðaðeigendum.

Botnum í Leiðvallarhreppi 1. júlí 1922

Eyjólfur Eyjólfsson (hreppstjóri)

Ár 1922, þriðjudaginn 11. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Leiðvallarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 166, bls. 185.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 167.

Landamörk umhverfis jörðina eyðijörðina Eystri-Lynga í Leiðvallarhreppi.

Eystri-Lyngaland byrjar að vestanverðu í odda eða tanga þar sem „Skurður“ og Langholtskvísl aðgreinast. Ræður Skurðurinn landamörkum að suðvestanverðu, þar til kemur austur gegnt Halatóttum. Á þeim tóttum er sett niður stika, sem er landamark. Þaðan eru landamörkin bein stefna í stiku, sem sett er niður spölkorn norðvestur af bæjarrústum Hólms (Grímsstaðajarðar). Frá stiku þessari eru landamörkin bein stefna til austurs í stiku, sem sett er niður þar í nánd sem Kleparhöfðar voru til forna. Frá stiku þessari við Kleparhöfða eru landamörkin bein stefna til norðausturs í stiku, sem sett er niður skamt fyrir austan austurenda Lyngabótar (eða Hvolatorfu, sem þar var áður).

Frá þessari stiku fyrir austan Lyngabót liggur merkjalínan til norðvesturs beina sjónhendingu í stiku í leirunni skamt í suðvestur frá bæjarrúst eða vestustu hústóttum Slýja. Er sagt í gömlum landamerkjaskrá að þar hafi Skarðsárhylur verið til forna. Úr þessari stiku liggur merkjalínan til vesturs í Beruflóð og vestar eftir því, sjónhendingu norðan við Langholt, vestur á móts við mark, sem að tilhlutun hlutaðeigandi umboðsmanns var sett á milli Eystri- og Ytri-Lyngalands árið 1874 á norðurbakka Lyngakvíslar. Er þar sett stika. Eftir það ræður Lyngakvísl landamörkum alt vestur og suður þangað, er hún aðgreinist frá Skurðinum og þessi merkjalína fyrir norðanverðu landinu mætir merkjalínu jarðarinnar að suðvestan.

Fjara fylgir jörðinni fyrir Grímstaðalandi, og eiga fjörumörkin úr flæðarmáli að bera í vesturenda Árfjalls. Meðfram Eystri-Lyngalandi að sunnan og suðvestan er Grímsstaðaland, að suðaustan Oddaland, að norðaustan Slýjaland, að norðan Skarðsland og að norðvestan Ytri-Lyngaland.

Eystri-Lyngum 10. maí 1921.

Ingimundur Ólafsson (handsalað)

Ofanskráðum landamörkum erum við samþykkir

Sveinn Þorsteinsson

Stefán Hannesson

Ásbjörn Jónsson

Markús Jónsson

Ásmundur Jónsson

Jóhann Sigurðsson

Hinsvegarrituð landamerkjaskrá er undirrituð af öllum rjettum hlutaðeigendum

Botnum í Leiðvallarhreppi 8. júlí 1921.

Eyjólfur Eyjólfsson (hreppstjóri)

Ár 1922, þriðjudaginn 11. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Leiðvallarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 167, bls. 186.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamörk umhverfis jörðina Ytri-Lynga í Leiðvallarhreppi.

Suðausturhornmark er stika norðan við farveg Lyngakvíslar skamt fyrir austan Kothól. Þaðan liggur marklínan til suðvesturs eftir miðjum Lyngakvíslarfarvegi, þangað sem Lyngakvísl aðgreinist frá annari vatnkvísl, sem Skurður (eða Langholtsskurður) nefnist. Eftir það ræður Skurðurinn suðurtakmörkum jarðarinnar, þar til er hann kemur vestur gegnt fjárhúsi sem er fyrir austan túngarðinn á Langholti. Er því suðvesturhornmark þar í Skurðinum.

Vesturtakmörkin eru bein stefnulína um vörðu, sem hlaðin er fáum föðmum frá norðvesturhorni nefnds fjárhúss, í aðra vörðu, sem hlaðin er þar í norðurnorðvestur á hólma í mýrarrás, sem „Kelda“ nefnist. Hin fyrnefnda varða er um 20 faðma fyrir austan tungarðinn á Langholti; hin síðarnefnda er norðvesturhornmark Ytri-Lynga.

Frá norðvesturhornmarkinu ræður mið Keldan landamörkum fyrir jörðinni norðanverði austur að vörðu, sem hlaðin er á hólma í Keldunni norður af bænum Ytri-Lyngum. Frá þeirri vörðu eru landamörkin bein sjónhending, austur yfir Beruflóð, í stiku, sem sett er niður í leiruna milli Eystri-Lynga og Slýjarústa sem landamark. Samt eiga Ytri-Lyngar ekki lengra austur meðfram landamerkjalinu þessari en beint í norður af suðausturhornmarkinu, stikunni á Lyngakvíslarbakka austur undan Kothól. Norðausturhornmarkið er því í „berunni“ í Beruflóði.

Austurtakmörkin eru bein sjónhending milli norðausturs- og suðaustursmarks.

Austan og suðaustan að Ytri-Lyngalandi er Eystri-Lyngaland, að sunnan Bakkakotslands og að vestan og norðvestan Skarðsland.

Ytri-Lyngum, 11. maí 1921

Ásmundur Jónsson

Hinsvegar skráðum landamörkum erum við undirritaðir ábúendur jarða, sem eru umhverfis Ytri-Lyngalandi, samþykkir.

Ingimundur Ólafsson

Markús Jónsson

Jóhann Sigurðsson

Sveinn Þorsteinsson

Stefán Hannesson (handsalað)

Framanrituð landamerkjaskrá er undirskrifuð af öllum rjettum hlutaðeigendum.

Botnum í Leiðvallarhreppi, 11. júlí 1922

Eyjólfur Eyjólfsson (hrepptj.)

Ár 1922, þriðjudaginn 11. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Leiðvallarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 168, bls. 187.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamörk milli þjóðjarðanna Bakkakots og Efri-Eyjar í Leiðvallarhreppi.

Suðurmarkið er stika á svonefndum Strimpurima í norðurnorðaustur frá Fjósakoti. Þaðan liggur merkjalínan beina sjónhendingu í vesturgafli fundahúss Ungmennafjelags Meðallendinga (þinghúss Leiðvallarhrepps). Þaðan liggur merkjalínan beina stefnu í vörðu, sem í dag er hlaðin á suðurbakka Höfðakvíslar, gegnt Höfðakvíslarrofi (sem er á norðurbakka nefndrar Höfðakvíslar). Liggur merkjalínan til norðurnorðausturs frá þinghúsinu.

Fyrir austan merkjalínu þessa er Bakkakotsland, en að vestan Efri-Eyjarland.

Að öðru leyti en þessu gilda landamerkjaskrár Bakkakots og Efri-Eyjar frá árinu 1886, þinglesnar hinn 21. júní það ár.

Bakkakoti og Efri-Ey, 1. maí 1922.

Jóhann Sigurðsson

Ingimundur Ingimundsson

Markús Jónsson

Árni Jónsson

Vilborg Bjarnadóttir

Merkjalína þessi er tekin að tilhlutun umboðsmanns Kirkju- og Þykkvabæjarklausturs umboðs, vegna þess að hlutaðeigandi ábúendur höfðu ekki komið sjer saman um ákvörðun merkja milli jarðanna, sem ósamhljóða voru skrásett frá fyrri tíð. Setti hann hreppstjóra Leiðvallarhrepps fyrir sig við ákvörðun merkjanna.

Allir hlutaðeigandi ábúendur hafa undirskrifað merkjalýsingu þessa.

Botnum í Leiðvallarhreppi 14. maí 1922.

Eyjólfur Eyjólfsson (hreppstjóri)

Ár 1922, þriðjudaginn 11. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Leiðvallarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 169, bls 188.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 170.

Landamerkjalyising jarðarinnar Búlandssels í Skaftártunguhreppi í Vestur Skaftafellssýslu.

Að norðan og austan ræður Bjarnagata, úr vörðu austan við Rjettarmýri vestur í Tungufljót. Síðan ræður Tungufljót að Selármynni. Þá ræður Selá norður á móts við Sortukeldugil. Úr tjeðu gili stefna í vörðu vestan við Keldnamýri. Úr nefndri vörðu stefna í hæsta hornið á Hraunfelli. Þaðan bein stefna í vörðuna austan við Rjettarmýri.

Ofanskriafaða landamerkjalyisingu gef jeg undirritaður eigandi jarðanna Búlands og Búlandssels.

Búlandi 18. des 1921.

Sigurður Jónsson

Guðrún Vigfúsdóttir samþyk

Sigurður Árnason handsalað

Gestur Bárðarson handsalað

Ár 1922, laugardaginn 15. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 170, bls 189.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 171.

Landamerkjalysing jarðarinnar Svartanúps í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu

Að norðan, úr gilbotni, sem er norðan undir nyrðri-Hrafn, í vörðu við Kuldagil, sömu línu í Þorvaldsá. Svo ræður Þorvaldsá að Bjarnagötu, þá Bjarnagata austur í vörðu, sem er fyrir austan Rjettarmýri. Úr tjeðri vörðu stefna í Bensagil, úr tjeðu gili í Eldvatn. Síðan ræður miðkvísl Eldvatnsins norður á móts við nyrðri-Hrafn.

Ofanskriafaðri landamerkjalytingu erum við undirrituð samþykkt.

Búlandi 26. maí 1922.

Guðrún Vigfúsdóttir eigandi

Sigurður Jónsson

Sigurður Sigurðsson bóndi á Skaftárdal.

Ár 1922, laugardaginn 15. júlí var landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 171, bls. 190.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 172.

Landamerkjaskrá fyrir Svínafelli.

Landamerki vestanmegin á milli Svínafells og Viðborðs eru: frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa út úr fljótum milli Stóru-Dímu og Litlu-Dímu út á móts við Gildrasker. Milli Hoffells og Svínafells stefna þau frá jöklinum um miðjan sand niður í Gildrasker, en Hoffellsmegin við þessa marklínu á þó Svínafell hólma er nefnist Kringla.

Við viljum ennfremur taka fram, að landamerkin frá því er jökullinn byrjar að neðan milli Svínafells og Geitafells liggur marklína á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar.

Skógarítak í Jökulfelli inn að Fálkakambi á Krossbær.

Svínafelli 29. júní 1921.

Þórarinn Sigurðsson

Guðjón Gíslason

Árni Bergsson

Benedikt Þórarinsson

Jón Guðmundsson

Ár 1923 miðvikudaginn 4. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Nesjahrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 171, bls. 190.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamerki að vestan:

Á milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells: Grásteinn beri í þúfunu í Kálfagróf, þaðan ræður bein lína suður í miðjan Merkirima – þar er varða – alt til sjóvar. Þar við sjóinn eru fjöromörk milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells.

Landamerki að austan:

Á milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar deilir Staðará, sem sprettur upp milli Hálsatinds og Þormóðarhnútu og ræður hún þar til hún kemur að fjörunni móti vesturenda Eystra Þrándarholts.

Fjöromörk milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar eru, að þúfan á Bjarnahrauni beri miðja vegu á Hrafnkil nær sjónhending er tekin af fjörunni. – Þannig samkvæmt dómi Bjarna sýslumanns Nikolaussonar af 1720.

Kálfafellsstaður á Vindásbotn framan og neðan undir Vindási og Vindás þar til sjór hverfur.

Hann á og allan skóg í Breiðabólstaðarfjalli er við rísa brekkur frá Merkiskoru að vestan inn í Steinbogagil innra, því skógarnir hið innra í Breiðabólstaðarfjalli mega heita gjöreyddir.

Í sameiningu við Breiðabólstað á Kálfafellsstaður skóginn í Bruna fyrir innan Steinbogagil, sá skógur er alveg gjöreyddur af skriðum og aurrennsli. Þar hefir víst afarlengi aldrei verið skógað.

Kálfafellsstaður á hálfa Vindásfjöru móti Breiðabólstað. Fjöromörk Vindásfjöru talin að vestan: Varðan við götuna á Kleifatanga beri í 3^{ja} foss í Rauðá að neðan talið. Að austan: Varðan í Markhólma beri í Lúputind.

Beitarítak búsmala Kálfafellsins mánuð á sumri í landi Kálfafellsstaðar er niðurfallið og afmáð.

Kálfafellsstaður á allan skóg og hrís í Staðarhálsu.

Skógarítak Kálfafellsstaðar í Innri Laufatungum í Kálfafellslandi er niðurfallið samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi jarðaróðenda og tilheyrir Kálfafelli. Ítakið er mjög fjarlægt og úr sjer gengið af skriðum og uppblæstri, lítið ummáls. Þari hefir sjaldan verið ^{sem aldrei verið} skógað í fjölda ára.

Í Maí og Júnímánuði 1923.

Pjetur Jónsson

Þórður Jónsson

Stefán Jónsson

Stefán Þorsteinsson Hnappavöllum

Benedikt Þórðarson

Þorsteinn Jónsson

Vjer undirskrifaðir samþykkjum ofanskrifaða landamerkjaskrá:

Þórarinn Gíslason Borgarhöfn

Jón Sigurðsson [Borgarhöfn]

Sigjón Jónsson [Borgarhöfn]

Gísli Sigurðsson Vagnstöðum

Sigurbjörn Bjarnason Borgarhöfn

Sigurður Gíslason [Borgarhöfn]

Vjer undirritaðir samþykkjum framanritaða landamerkjaskrá:

Steinþór Þórðarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þórður Steinsson
Þórhallur Bjarnason
Hans Hansson Víum
Þórey Þorláksdóttir
Þórarinn Steinsson
Þorsteinn Jónsson
Þorsteinn Jónsson eigandi Sljettaleitis

Þannig er landamerkjaskrá Kálfafellsstaðar samþykkt.

Kálfafellsstað 30 Júní 1923.

Þjetur Jónsson sóknarprestur.

Ár 1923 laugardaginn 7. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Borgarhafnarhrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 173 á bls. 191.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Jörðin Sandfell í Hofshreppi á lönd og landeignir sem hjer segir:

1. Heimaland alt með öllum gögnum og gæðum milli þessara marka:
 - a. Að innan: Úr miðjum Rauðakambi, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Svínafells, í lægð í svonefndum Markhól, sem er ofan við veginn en austan við Virkisá innri, þaðan í lægðina milli Hrakdæluhóla; sama stefna ræður mörkum til enda.
 - b. Að austan: Úr miðju Rótarfjalli, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Hofs, í innri enda Litlafjalls, sem er háls áfastur Goðafjalli, þaðan í hæstu þúfu í svonefndum Miðjökli; sama stefna ræður mörkum til enda.
2. Ingólfshöfða á jörðin allan að fráteknum tveim fimtu hlutum grasnytar, sem Hofi tilheyrir.
3. Skógarítak á jörðin í Skaftafellsheiði milli Kambulgils og Klappargils, sem öðru nafni nefnist Hlaupgil.
4. Annað skógarítak á jörðin í Innfjöllum í Skaftafelli milli Stóruskriðu og Rauðhelli.
5. Fjörur á jörðin þessar:
 - a. Staðarfjörü milli þessara marka: Að vestan: Austurendann á vestustu melabótinni sem er upp undan fjörunni skal bera í eystragilið sem er framan í Dalaskeri upp af Mýrarvökinu. Úr þessum mörkum eru mælt frá flæði 3550 stikur í beina stefnu í drang þann sem er vestan við Ingólfshöfða framan undir Kongsvíkuröldu. Að austan: Markmel á að bera í vikuröldu, sem er upp af Kúadalsöldu. Úr þessum mörkum eru 1450 stikur mælt í áðurnefndan drang vestan við Ingólfshöfða.
 - b. Höfðavík frá Ingólfshöfða austur til þessara marka: Máfasker sem er austanvert við Borgarklett á að bera í tindinn sem er milli dýpstu skarðanna á Súlnatindum á Eystrafjalli.
 - c. Bakkafjörü milli þessara marka: Að vestan: Haus austan til í Kvíármýri á að bera í stein framan í Kvíármýrarkambi, þaðan í klett sem er milli Vatnafjalla og Staðarfjalls. Að austan: Varða, sem er á öldunum ofan við þjóðvegin en vestan við veginn heim að Kvískerjum, á að bera í ljósan blett í Nónhamri.

Sandfelli 15. júlí 1922.

Eiríkur Helgason núverandi umráðamaður Sandfells.

Samþykkir framanskráðu að því er snertir landamörk millum Sandfells og Svínafells erum við undirritaðir:

Lárus Magnússon

Páll Jónsson

Rannveig Runólfsdóttir

Gunnar Jónsson

Samþykkir framanskráðu að því er snertir landamörk millum Sandfells og Hofs, eignarrjett á Ingólfshöfða, vestri fjörumörk Staðarfjörü og eystri fjörumörk Höfðavíkur erum við undirritaðir:

Finnbogi Einarsson

Oddur Sigurðsson

Þorleifur Pálsson

Karl S. Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þorlákur Jónsson
Þorsteinn Gissursson
Arndís Halldórsdóttir

Samþykkir framanskráðu að því er snertir skógartíök Sandfells í Skaftafellslandi erum við undirritaðir:

Stefán Benediktsson
Oddur Magnússon
Runólfur Bjarnason

Samþykkir framanskráðu að því er snertir eystri fjörumörk Staðarfjöru erum við undirritaðir:

Bjarni Sigurðsson
Stefán Þorláksson
Guðrún Þorláksdóttir

Samþykkir framanskráðu að því er snertir vestri fjörumörk Bakkafjöru erum við undirritaðir:

Gísli Bjarnason
Stefán Þorláksson
Jón Þorsteinsson
Gísli Jónsson
Runólfur Runólfsson
Jóhann Í. Þorsteinsson
Guðrún Þorláksdóttir
Jón Guðmundsson
Ingunn Stefánsdóttir

Samþykkir framanskráðu að því er snertir eystri fjörumörk Bakkafjöru erum við undirskrifaðir

Gísli Jónsson, Ari Hálfðánarson, Páll Jónsson eigendur 5/6 í Kvískerjum.

Ár 1923 mánudaginn 9. júlí eru landamerki þessi lesin upp á manntalþingi fyrir Hofshrepp og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslur nr. 174, bls. 193.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 175.

Landamörk kringum jörðina Núpa í Hörgslandshreppi

Að norðaustan: Úr vörðu, sem er milli Kálfafells og Núpa fjallsenda norður í skerjum: og fram í Brúarárbotna. Þaðan ræður Brúará fram að Háalandsklöppum, svo úr vörðu sem hlaðin er á fyrnefndum Háalandsklöppum og suður af hamrinum eftir hlöðnum vörðum í beinni línu, þar til Hvals- og Maríubakkaland kemur saman við síðustu vörðuna í beiningu þessari, sem er hornmark að suðaustan. Svo úr þessari hornmarksvörðu og beina línu vestur í Brunnárbrú og þaðan sömu línu í vörðu, sem hlaðin er á hrauninu vestan við Brunná þar sem þá tekur við Seljalandsland að vestan. Svo úr þessari vörðu sem er hornmark að suðvestan og eftir hlöðnum vörðum upp af hrauninu vestan við Brunná beina línu í lægstu eða neðstu gljúfurbrúnina austan við Brunnárfoss, þar sem hún fellur niður á aurinn. Þaðan ræður Brunná norður úr.

Gjört að Múlakoti 11. júlí 1923.

Helgi Bjarnason

Sigurður Jónsson Maríubakka (handsalað)

Málfríður Þórarinsdóttir Seljalandi (handsalað)

Sigurður Jónsson Hvoli

Ár 1923 miðvikudaginn 11. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Hörgslandshrepps og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 175, bls. 195.

Gísli Sveinsson

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 176.

[Syðri Steinsmýri og Syðri Fljót]

Ár 1922 miðvikudaginn 12. júlí var merkjadómping Skaftafellssýslu sett að Efri-Fljótum í Leiðvallarhreppi og haldið af hinum reglulega dómara, sýslumanni Gísla Sveinssyni með meðdómsmönnum Lofti Guðmundssyni á Strönd og Bjarna Pálssyni á Leiðvelli.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamál milli Syðri-Steinsmýrar og Syðri-Fljóta í Leiðvallarhreppi.

Var því næst í málinu uppkveðinn svofeldur dómur:

Því dæmist rjett að vera:

Landamörk milli Syðri-Steinsmýrar og Syðri-Fljóta í Leiðvallarhreppi ákvarðast á umþrættu svæði þannig, að Eldvatnið ráð úr rofinu fyrir austan Syðri-Fljóta bæ (þar sem framlenging Gjábakkalínunnar nemur þar stað) til landsuðurs, og komi sú lína á Fljótafjöru svo að 1/3 hennar sje fyrir austan.

Málskostnað, kr. 71,00 greiði aðiljar að hálfu hvor, in solidum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Fleira ekki tekið fyrir. Rjetti slitið.

Gísli Sveinsson

Loftur Guðmundsson

Bjarni Pálsson

Rjetta útskrift staðfestir

Skrifstofu Skaftafellssýslu 21. júlí 1922

Gísli Sveinsson (L.S.)

Ár 1923 föstudaginn 13. júlí er merkjadómur þessi lesinn manntalsþingheimi Leiðvallarhrepps ^{og síðan} innfærður í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 176, bls. 196.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Landamerkjalyásing jarðarinnar Hvols í Dyrhólahreppi 1. júní 1921.

Milli Hvols og Vesturhúsajarða: er fjörumark þegar saman ber þúfa austan til í Fagurhól, við vörðu, eða staur sem settur er á grashæð austan við Hryggjakvísl, við Skiphólsenda – og þær beri svo beina stefnu í bæinn Álftagróf.

Landmark er bein stefna úr vörðunni eða staurnum, sem áður er nefndur, vestanvert við Skiphóla og í endann á markagarði þeim, sem bygður er milli Hryggja og Hvols, austanvert við Björ(n)s borgir. – Þetta er gert samkv. landamerkjaskrá 1889.

Fyrir Hvolum

Hvoli 1. júní 1921:

Eyjólfur Guðmundsson

Bjarni Þorsteinsson

Fyrir Vesturhúsajarðir:

Jón Kristjánsson

Eiríkur Jóhannsson

Þorsteinn Bjarnason

Friðrik Björnsson (handsalað)

Jón P. Scheving

Landamörk milli Hvols og Hryggja, Ketilsstaða og Steigar lýst 1. júní 1921 eru garður alla leið frá Hryggjakvíslaraurum, móts við Götuhygg ^{og upp að Heimrikvíslaraur} þar sem horn af Máfadrang ber yfir miðjan Múla vestan við Geitafjall – þaðan bein lína eftir Heimrikvíslaraur, sjónhending í Grófarbæinn og í Hornvörðu, sem er á markalínu Holts og Hvols og er hornmark milli Steigar og Hvols og Steigar og Brekkujarða. – Frá vörðu þessari er að sjá Reyðarfoss opinn, undan brekknabruninni, og íbúðarhús Guðmundar í Pjetursey laust fram undan Eyjarhól.

1. júní 1921:

Fyrir Hvolajarðir: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson

Fyrir Hryggi og Skeiðflöt: Guðmundur Björnsson, Jón Jónsson, Halldór Jónsson

Fyrir Ketilstaði: Stefán Hannesson, Halldór Jónsson

Fyrir Steig: Halldór Jónsson

Landamörk milli Hvols og Pjeturseyjar og Hvols og Holts lýst 1. júní 1921:

Fjörumark, þegar Hesteyra af Hrosshömrum ber austan undan Fellsfjalli að ofan Kristínarkletti, og eru vörður tvær reistar vestast í Hvolsmóa, sem eru í þessari beinu stefnu. – Landamark hið sama, eftir Hafursáráurum alla leið upp í hornmark milli Hvols og Holts og Pjeturseyjar og Fells, sem er í Hafursáráurum þar sem hesteyra af Máfadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum (Á miðju sundi). Úr þessu hornmarki er bein lína milli Holts og Hvols í áðurnefnda hornvörðu milli Hvols og Steigar.

1. júlí 1921

Fyrir Hvolсарjarðir: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson

Fyrir Pjeturseyjarjarðir: Sæmundur Bjarnason, Guðmundur Finnsson, Grímur Sigurðsson, Árni Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrir Holtið: Þorsteinn Einarsson eigandi og ábúandi.

Ár 1923 fimtudaginn 19. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Dyrhólahrepps og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 177, bls. 197.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 178.

Landamerkjalyking milli Holts, Keldudals og Álftagrófar.

Úr Lambá stutt frá jökli beina stefnu í Valþúfu. Úr tjeðri þúfu beina sjónhending í Heiðarbólsstand vestanvert í Keldudalsgili og svo áframhaldandi stefnu í slægjumark Keldudals og Álftagrófar í aur fram, svo beina stefnu suður aurana beint í Illagil í Mýrarhvömmum, þar sem brekku sleppir.

Litlihöfði er eign Holts og stendur í aurunum fyrir austan Holt í Keldudalslandi.

Mark að sunnanverðu: Máfadrangshornið fram undan Skeiðflatarhlíðinni beint í Reyðarfoss í Dalaheiði.

Holti 1. júní 1921.

Fyrir Holt og Álftagróf: Þorsteinn Einarsson, Eyjólfur Guðmundsson

Fyrir Keldudal: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson

Fyrir Hvolajarðir: Bjarni Þorsteinsson, Eyjólfur Guðmundsson

Ár 1923 fimtudaginn 19. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Dyrhólahrepps og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 178, bls. 198.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 179.

Landamörk fyrir jörðinni Hvoli í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu:

Að norðan og vestan: Úr syðstu markvörðu milli Núpa og Maríubakka, bein lína vestur í Brunnárbrú. Þaðan til vesturs í syðstu markvörðu milli Núpa og Seljalands þar sem Núpaland skerst úr. Þaðan til suðurs í vörðu, sem hlaðin er syðst í hrauninu austan við Hverfisfljót. Þaðan bein lína í vörðu á hrauntanganum norðan við Seljalandsfit. Þaðan bein lína í vörðu suðaustan við sömu fit, þar sem Seljalands-land skerst úr. Þaðan beint í hádegisstað til sjávar.

Að norðan og austan: Úr fyrst taldri markvörðu milli Núpa og Maríubakka, liggur markið til suðausturs, eftir hlöðnum markvörðum, beina línu í Dumbshellu við Markgróf. Þaðan í vörðu, sem hlaðin er í austanverðum Hróthólma, og þaðan bein lína í austurmark Hvolfsfjöru.

Jörðin á fjöru, sem liggur milli Fossfjöru og Kálfafellsfjöru. Viðmælingu 1848 er hún talin 845 faðmar á lengd.

Hvoli 9. júlí 1924.

Sigurður Jónsson

Að því er mig snertir samþykki jeg þessi landamörk milli Hvols og Maríubakka

Sigurður Jónsson eigandi Maríubakka

Helgi Bjarnason

Einar Anesson

Þórarinn Pálsson

Jón Pálsson

Jón Jónsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 9. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 179 á bls. 199.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Ár 1923, laugardaginn 13. október gerði hreppstjóri Hörgslandshrepps, ásamt úttektarmanni Bjarna Bjarnasyni í Hörgsdal, áreið á landamörk milli jarðanna Kálfafells, Blómsturvalla, Maríubakka og Hvols annarsvegar og Hrunajarða hins vegar, til þess þar, samkvæmt fyrirlagi sýslumannsins í Skaftafellssýslu í brjefi dags. 26. sept. þ.á., að athuga landamerkjalinu milli tjeðra jarða og jafna ágreining þar um.

Við áreið þessa voru staddir af hlutaðeigendum: Stefán Þorvaldsson bóndi á Kálfafelli I fyrir sína hönd; Helgi Bergsson bóndi á Kálfafelli II fyrir hönd móður sinnar Guðnýjar Hallgrímsdóttur; Guðlaugur Ólafsson á Blómsturvöllum fyrir hönd móður sinnar Guðríðar Þórarinsdóttur; Sigurður Sigurðsson á Maríubakka fyrir hönd föður síns Sigurðar Jónssonar; Sigurður Jónsson Hvoli fyrir sína hönd; Einar Anesson Hruna II fyrir hönd móður sinnar Sigríðar Jónsdóttur og Jón Jónsson bóndi á Hruna I fyrir hönd systur sinnar, Margrjetar Jónsdóttur.

Að tilhlutun hreppstjóra mætti og við áreiðargjörð þessa Jón Pálsson á Seljalandi, því sýnt þótti fyrirfram að taka yrði tillit til landamerkjalinu milli Seljalands og tjeðra Hrunajarða, til þess að geta eftir því ákveðið ágreinings landamerkjalinu þá er hjer var um að ræða.

Framlagðar við gjörð þessa voru landamerkjaskrár jarða þeirra er hlut áttu að máli ásamt landamerkjaskrá Seljalands frá 1889. Einnig var lagður fram staðfestur vitnisburður og ómótmæltur frá 1853 sem að jörðin Hvoll ætti land til sjávar fyrir sinni fjöru.

Eftir að hafa athugað eftir föngum atvik öll og stefnu tjeðrar ágreiningslínu, urðu hlutaðeigendur ásáttir um að austurmarkalína Hrunajarða, skyldi ákveðast þannig:

Úr horn og endamarki milli Seljalands og Hrunajarða, sem er varða hlaðin sunnan og austan við svokallaða Seljalandsfit, þar sem Seljalands-land skerst úr, skal marklínan liggja beint í suður í hádegisstað alt að rekamáli.

Eftir því sem frekast var hægt að álykta snertir marklína þessi ekki Kálfafellsland og verður því landamark milli Hvols og Hrunajarða.

Með þessu jafnaðist ágreiningur sé er hjer var um að ræða og var gjörðinni þar með lokið.

D.u.s.

Þorlákur Vigfússon

Bjarni Bjarnason

Rjett afskrift úr uppskriftar og uppboðsbók Hörgslandshrepp

vottar

Hreppstjórinn í Hörgslandshreppi, Múlakoti 5. júlí 1924.

Þorlákur Vigfússon

Lesið á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 9. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 180, bls. 200.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 181.

Landamörk kringum jörðina Seljaland í Hörgslandshreppi.

Að norðan er þvermark úr hraunkletti, sem er einstakur austanmegin við Brunná norðaustur af Þúfu; frá fyrnenfdum kletti liggur markið beina línu þar sem Þúfa ber í norðausturhornið á Dalsfjalli. Svo ræður Dalsfjall suður úr, að Seljaland á alt að austan svo langt vestur sem steinn veltur austar af fram á hábrún fjallsins. Svo liggur markið niður úr Marktorfu frá Hrafnahnúkum beina línu í klöpp í Selá á milli bæjanna Seljalands og Dalshöfða; svo sömu línu suður að Hverfisfljóti. Síðan er fljótið suðurmark langt austur eftir, þar til markið liggur suður yfir hraunið, sunnan megin við fljótið, eftir vörðum sem þar eru hlaðnar, í stefnu á austurhorni á Geldingadalafjalli við vestanverða Seljalandsfit; heldur sú lína áfram að vestur marki Hvols. Frá þvermarkinu að norðan ræður Brunná að austan þar til hún fellur fram úr Brunnárgljúfri. Síðan liggur markið úr hábrúninni vestast í Kambinum austan megin við gljúfrið beina línu suður að Hverfisfljóti eftir vörðum, sem hlaðnar eru í hrauninu vestan megin við Brunná; svo úr syðstu vörðu norðan við fljótið í hrauntangann fyrir sunnan fljótið, þar sem hann skagar lengst í austur. Síðan liggur markið úr tanganum beint suður með Seljalandsfitinni að austan þangað til landið skerst úr við vestur markið.

Gjört að Múlakoti 11. júlí 1923.

Málfríður Þórarinsdóttir (handsalað)

Sigurður Jónsson, Hvoli
Einar J. Anesson Hruna
Jón Jónsson Hruna I
Helgi Bjarnason Núpum
Þorvarður Kristófersson

Lesið á manntalsþingi í Hörgslandshreppi 9. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 181, á bls. 201.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 182.

Landamerkjaskrá Steigar í Dyrhólahreppi.

Milli Steigar og Ketilsstaðar liggur mark úr Moldskurði við Oddnýjartjörn þaðan í Torfgil og eftir Torfgilsgarði, frá honum ^{miðjum} liggur markið beina línu í vörðu í stefnu fyrir sunnan Eyjarhól alt vestur á móts við mark milli Hvals og Ketilstaða. Þaðan beina línu í stefnu á húsið í Álftagróf alt upp að vörðu langt upp á aurum þar sem samankoma mörk milli Hvals og Holts og Brekkna frá þessari vörðu liggur markið í Illagil þaðan í Grettishof vestan við Búrfell úr Grettishofi í áður nefndan Moldskurð.

Vík, 20. desember 1921

Halldór Jónsson

Fyrir Ketilstaði: Stefán Hannesson, Ketill Ketilsson.

Fyrir Hvol: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 17. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 182, á bls. 202.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Nr. 183.

Markalýsing fyrir afrjettarlandinu Stórhöfða,
gjörð af eigendum Pjeturseyjarjarða og eigendum Keldudals í Dyrhólahreppi ár 1922.

Fyrir framan Stórhöfða vestan til er reist varða í stefnu þeirri – að bein lína sje framanvert við Stórhöfða, sem hvergi snerti rætur höfðans og í horn Berjaness, þar sem það gengur lengst suður niður á aurinn – Hafursá er svo mark inn úr gili. –

Úr sömu vörðu er einnig bein lína við suðvestur horn Stórhöfða og í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum, þar sem gilið þrengist – þaðan ræður svo áin í gilinu – mörkum.

Hvoli 1. júlí 1922.

Fyrir Keldudalinn: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson

Pjetursey 1. júlí 1922.

Grímur Sigurðsson

Guðmundur Finnsson

Árni Jónsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 17. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkbjók Skaftafellssýslu undir nr. 183, bls. 203.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 184.
Marklýsing.

Samkvæmt (privat) gerðardómi uppkveðnum 18. desember 1922, er mark milli Eystri-Sólheima og Pjeturseyjar þessi:

Varða sú, sem er fram undan Kleyfarárgilskjafti, ber að skoða sem markvörðu milli Pjeturseyjar og Eystri-Sólheima og liggur markið úr henni beina línu yfir hornið á Eystri-Sólheimahrauni í vörðuna á merkiaur. Og eru 2 vörður hlaðnar í þeirri stefnu á horninu á Eystri-Sólheimahrauni.

Eystri-Sólheimum 1. júní 1924.

Grímur Sigurðsson

Ólafur H. Jónsson

Sæmundur Bjarnason

Guðm. Finnsson

Árni Jónsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 17. júlí 1924 og síðan innfært í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 184, bls. 203.

Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 185.

Landamörk

umhverfis bændaeygnina Efri-Fljóta í Leiðvallarhreppi.

Norðvestur hornmark er stór grjótvarða með staur hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í eldhrauninu í suðursuðaustur frá skerinu Grímu. Frá Þrívörðuskeri liggja mörkin beina sjónhendingu í vörðu ú hrauntanganum norðan við Fljótakrók; þaðan eftir Fljóts-farvegi að Hólmalæknum norðan við Ytra Hólmatagl og áfram á norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum. Sú varða er norðausturhornmark.

Austur takmörk jarðarinnar eru bein sjónhending frá norðaustur hornmarkinu, vörðunni á Sótabökkum, um Araþúfu (sem er í túninu hjá „syðstabænum“ á Steinsmýri) og Gljábakkamark suður í Eldvatn.

Landamörkum að sunnanverðu ræður Eldvatnið vestur á móts við sker, sem er sunnan við vatnið og er mark milli Hnausa og Feðga. Þar í vatninu er því suðvestur hornmark.

Vesturtakmörkin eru bein sjónhending milli suðvesturhornmarks og norðvesturhornmarks, hins fyrst umgetna Þrívörðuskers.

Jörðin Syðri-Steinsmýri á ítak í Efri-Fljótalandi, þann hluta túnanna, ásamt bæjarstæði, sem er fyrir austan beina sjónhendingu milli Araþúfu og Sótabakkamarks og austuhelming móans, sem þar er fyrir vestan túnin. – Fyrir þetta ítak legst frá Syðri-Steinsmýri til Efri-Fljóta hið svokallaða Bæjarflóð eða Bæjarmýri með fylgjandi þerrilöndum. Þessi slægjublettur er nú kominn í sand. Einnig hefir Efri-Fljótaábúandinn heimild til beitar fyrir 6 hross í Syðri-Steinsmýrarlandi. Ennfremur hafa Efri-Fljótar ítak í Syðri-Steinsmýrar^{Fljóta}melum, svokallaða Fljótaþúst og melana þar í kring. Fyrir þetta legst frá Efri-Fljótum til Syðri-Fljóta torfrista og reiðingsskurðar.

Fjara fylgir jörðinni í sameiningu við Syðri-Fljóta, sem samkvæmt fjörumælingum í júlímánuði 1902 er 1030 faðmar.

Að norðanverðu við Efri-Fljótaland er Efri-Steinsmýrarland, að austanverðu Syðri-Steinsmýrarland, að sunnanverðu Syðri-Fljóta- og Hnausaland og að vestanverðu Skarðsland.

Efri-Fljótum, 30. Maí 1922.

Hávarður Jónsson

Við undirritaðir ábúendur jarða umhverfis Efri-Fljótaland erum ofanritaðri landamerkjaskrá samþykkir.

Ásbjörn Jónsson

Sveinn Þorsteinsson

Stefán Hannesson,

Páll Þórhallason (handsalað)

Bjarnfríður Jóh. Ingimundsson

Ólafur Ólafsson

Páll Jónsson

Eyjólfur Bjarnason (handsalað).

Ár 1925, laugardaginn 11. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Leiðvallarhrepps og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 185 á bls. 203-204.

Gísli Sveinsson (L.S.)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



Nr. 186.

Landamörk fyrir Stóru-Heiði, Litlu-Heiði og Kárhólma
í Hvamshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að austanverðu er markið úr Vatnsármynni, eftir Vatnsá þar til hún fellur í Kerlingardalsá, þá eftir Kerlingardalsá að Koltungnarana, þá eftir Heiðargilsá í jökul.

Að vestanverðu er markið úr Mosakambi í Skiftingahálsa, svo eftir þeim og fremst úr Skiftingahálsnum sjónhending í Norðurgilshöfuð, svo í eystra hornið á Gæsatindum, þá í Kálfrárgilsfoss, eftir læknum í Kálfrárgilskjaft, svo eftir Miðtungulæknum eystri í Prestshellir, úr honum í Selgilsbotn, svo eftir Selgili í Selgilskjaft, þá í Þvergil, eftir því (Þvergili) að garðinum við botn þess. Svo garðurinn þar til hann þrýtur, þá sjónhending í Hundagilsbotn, eftir Hundagili í vörðu, sem er við kjaft þess, úr þessari vörðu liggur markið beina stefnu í austurendann á skurði, sem er í Stakksengi, heldur svo beinni stefnu í Heiðarvatn, þá eftir vatninu í mynnið á Vatnsá, sem áður er nefnt.

Þórisholti dag 20. maí 1921.

Einar Finnbogason umráðamaður Stóru-Heiðar og eigandi í Reynishverfi

Páll Ólafsson eigandi Litlu-Heiðar

Sæmundur Salómonsson, Stóradal

Guðríður Þorsteinsdóttir, Kerlingardal

Haraldur Einarsson, Kerlingardal

Jón Gíslason, Götum

Halldór Jónsson

Oddný Andrjesdóttir

Einar Brandsson eigandi í Reynishverfi

Ársæll Jónsson

Sigurður Sverrisson

Brandur Brandsson

Vigfús Brandsson

Ólafur Ólafsson, Lækjarbakka f.h. Ragnhildar Gunnlaugsdóttur eiganda Suður-Reynis

Jón Þorsteinsson

Klemens Árnason

Sverrir Ormsson

Magnús Finnbogason

Þórður Magnússon

Magnús Einarsson

Eyjólfur Jónsson

Jón Þorsteinsson

Ár 1926, föstudaginn 16. júlí er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Hvamshrepps og síðan innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 186, á blaðs. 205
Gísli Sveinsson

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 187.

Landamörk

umhverfis eignarland bændaeygnarinnar Efri-Steinsmýrar í Leiðvallarhreppi.

1. Suðvesturhornmark er stór grjótvarða með staur, hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í eldhrauninu í suðursuðaustur af skerinu Grímu. Þaðan liggja mörkin beina sjónhendingu í vörðu á hrauntanganum norðan við Fljótakrók; þaðan eftir Fljótsfarvegi að Hólmalæknum norðan við ytra Hólmatagl og áfram eftir norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum.
2. Frá hinni fyrst skráðu vörðu eru landamörkin bein stefna í norðurnorðvestur í vörðu á skeri í suðvestur af Skerjamelatagsbót. Er sú varða norðvesturhornmark jarðarinnar. Frá þeirri vörðu liggja mörkin á austursuðaustur beina stefnu á Þrívörðusker efst á Skerjamelum, þaðan sömu stefnu í Klett, sem Drangur er kallaður, austur í Eggjum og frá honum sömu stefnu í vörðu á há-Eggjarbrúninni, skamt vestan en Markhellunef, og þaðan sömu stefnu eftir sjávarmelunum austur að Hörgslandsörkum.
3. Frá Sótabakkavörðu á austur bein stefna í grjótvörðu með stiku norðan við eyðibæinn Gamlabæ, þaðan sama stefna í stiku í sjávarmelunum og sama stefna áfram, þar til er þessi landamerkjálína og norðausturmarklína jarðarinnar (undir tölulið 2) „skerast“, eða austur að Hörgslandsörkum. Að landamerkjálínu tölulið 1 liggur að suðvestan Efri-Fljótaland; að tölulið 2: að vestan Botnaland og norðan og austan Hraunland og Arnardrangs; að tölulið 3 Syðri-Steinsmýrarland. Að austanverðu Hörgslandsland.

Efri-Steinsmýri, 1. júní 1923.

Bjarnfríður Jóh. Ingimundsson

Sveinn Sveinsson

Sama stað 31. maí 1929

Bjarni Ásgr. Eyjólfsson

Guðmundur Bjarnason

Við undirritaðir ábúendur jarða umhverfis Efri-Steinsmýrarland erum ofanskráðri landamerkjaskrá samþykkir.

Eyjólfur Eyjólfsson (handsalað)

Stefán Þorláksson

Þorlákur Vigfússon (ábúandi Múlakots)

Loftur Ólafsson (ábúandi Hörgslands)

Einar Pálsson (ábúandi Hörgslands)

Bjarni Bjarnason

Hávarður Jónsson

Páll Jónsson

Halldór Davíðsson

Steingrímur Steingrímsson (ábúandi Hörgslandskots)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ár 1929, föstudaginn 28. júní er landamerkjaskrá þessi lesin manntalsþingheimi Leiðvallarhrepps og því næst innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 187 á bls. 206-7.
Gísli Sveinsson (L.S.)

Gjöld: Þingl. 3 kr.

Stimpl. 1 –

4 – fjórar – Krónur

Gr.

G.Sv.



Ár 1945 mánuð. 16. apríl gerðum við Eiríkur Björnsson og Sæmundur Björnsson skifti á jörðinni Svínadal, sem við erum nú eigendur að, og verði með því tvö býli í Svínadal. Jörðin skiftist þannig:

Úr Berjafellsvörðu bein lína í Keiluklöpp, í vörðu sem þar er, og þaðan bein lína í vörðu í Eldhrauninu suðaustur af Nestanga og áframhald af þeirri línu að Árlandi.

Báðir eiga að jöfnu fjöruítak jarðarinnar. Eiríkur á jörðina norðan ofanritaðrar landamerkjálínu, en Sæmundur sunnan við hana.

Svínadal 15. apríl 1945

Eiríkur Björnsson

Sæmundur Björnsson

Vitundarvottar:

Valur Björnsson

Jón Björnsson

(Nr. 1297) ár 1945 þ. 19. aprílmán. var landaskiftagerð þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 188 bls. 207-208, og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp /við afhend. frá hlutaðeig./

Skrifst. Skafft; - s.n.d.

Gísli Sveinsson

Gjöld: Þingl. Kr.	6,00
<u>Stimpl. Kr.</u>	<u>2,00</u>
	8,00

– átta – Kr. Gr. GS



Landaskipti Fossjarða í Hörgslandshreppi

Fimmtudaginn 5. ágúst 1948 fóru fram landaskipti á svonefndri Fossmýri í landi Fossbæja á Síðu.

Við skiptin voru mættir:

Helgi Eiríksson og Jón Eiríksson eigendur að Fossi I, Kristófer Bjarnason eigandi Foss II, Helgi Pálsson ábúandi á Fossi III, er mætti sem umboðsmaður jarðareiganda Siggeirs Lárussonar á Kirkjubæjarklaustri. Ennfremur var mættur Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðingur, til aðstoðar við skiptin.

Land það, sem óskipt var, takmarkast að suðaustan af Fossál, að sunnan af Fosssandi, að vestan af viðurkenndum landamörkum Hörgslandsþorps, að norðan af þjóðveginum og að austan af girðingu á Lambaflöt.

Eignahlutföll jarðanna eru:

Stuðlafoss	1/8
Foss I (Óskar Eiríksson)	¼
Foss I (Jón Eiríksson)	1/8
Foss II	¼
Foss III	¼

Skipt var með beinni línu frá þjóðvegi og niður að Fosssandi, þannig að sérhver jarðarhluti fekk eins samfellda spildu í þeirri röð sem hér segir, talið frá vestri til austurs:

1. Foss II
2. Foss III
3. Foss I (Jón Eiríksson)
4. Foss I (Óskar Eiríksson)
5. Stuðlafoss

Eystri marklína Stuðlafoss liggur úr austurhorni girðingar á Litlaholti við Dverghamraveg í torfvörðu á vesturenda Dverghamars og þaðan sömu stefnu í Fossál. – Landið austan við þessa línu verður til sameiginlegra afnota fyrir Stuðlafoss og báða eigendur að Fossi I, eftir réttum eignahlutföllum.

Í framangreindum landaskiptum er innifalin greiðsla Óskars Eiríkssonar Fossi I fyrir landspildu á Fossholti og Lambaflöt (2,72 ha. að stærð), sem hann hafði aður fengið úr óskiptu landi:

Allar viðkomandi landskiptalínur eru dregnar með grænu teiknibleki inn á uppdrátt í mælikvarða 1:5000, sem fylgir skiptagerð þessari. Á uppdrattinn vantar landspilduna austan Dverghamra.

Að loknum skiptum var mælt fyrir framræsluskurðum í nefndum markalínum milli allra jarðanna, þannig að sérhver markalína verður í skurðarmiðju.

Vegna þess að landaskipti þessi svipta Foss III og Foss I (Jón Eiríksson) þvínær öllum engjaslægjum, skulu slægjuafnotin haldast óbreytt þar grafnir hafa verið þeir framræsluskurðir, sem nú hefur verið mælt fyrir í landi þessara jarða, þá skal framkvæmd skiptanna ekki dragast lengur en til 1. september 1949.

Óskar Eiríksson
Helgi Eiríksson
Helgi Pálsson
Jón Eiríksson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kristófer Bjarnason
Ásgeir L. Jónsson

Samþykktur framangreindum skiptum
Kirkjubæjarklaustri 8. ágúst 1948
Siggeir Lárusson

(Nr. 1455) Ár 1948 mánudaginn 16. ágúst var landaskiftagerð þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 189, bls. 209-210, og verður lesin á næsta mantalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp Hörgslandshrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu D.u.s.
Jón Kjartansson

Gjald:

Þingl. Kr.	6,00
<u>Stimpl. Kr.</u>	<u>4,00</u>
	10,00

– tíu krónur
Gr. JK



Landskipti Ketilsstaða í Dyrhólahreppi

Árið 1946, fimtudaginn 14. nóv., var Ásgeir L. Jónsson, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, mættur að Ketilstöðum í Mýrdal, til þess, í umboði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, samkvæmt bréfi þess, dagsett 30. maí 1945, að skipta heimalandi Ketilsstaða á milli jarðahlutanna. Við skiptin voru mættir hlutaðeigandi ábúendur:

Ingólfur Ketilsson, Ketilsstaðir I a.
Margrét Grímsdóttir, Ketilsstaðir I b.
Salómon Sæmundsson Ketilsstaðir II og
Stefán Hannesson Ketilsstaðir III

Skipt var eftir fasteignamatinu frá 1932 og uppdrætti í mælikvarða 1:5000 eftir Ásgeir L. Jónsson.

Á uppdrættinum er áætlað skurðakerfi til þurkunar Bótarmýrar. Þessir fyrirhuguðu skurðir voru látnir ráða mörkum, eftir því sem unnt var. – Til skipta var tekið allt land heiman við „Brekkubrún“ (sjá uppdráttinn). Oddnýjartjörn helst óskipt.

Skiptin féllu þannig:

Sérhvert býli heldur því landi, er það hefur þegar helgað sér með girðingu, með þeirri undantekningu þó, að Ketilsstaðir I a. og I b. hafa makaskipti á nokkrum landræmum, til þess að fá hentugri markalínur.

Allar nýjar markalínur eru sýndar með grænum lit á meðfylgjandi uppdrætti. Nákvæmari markalýsingu verður naumast við komið, og verður því uppdrátturinn að koma í hennar stað.

Suður með Bótargirðingum að neðan, þar sem nú er umferðarleið, skal haldið 8 metra breiðum tröðum.

Eftir Sanddölum skal og haldið opinni leið frá þjóðvegi og vestur í Ketilsstaðabrekkur. En þar sem leið þessi klýfur land Ketilsstaða III, skal öllum ábúendum skylt að girða leið þessa á báða vegu með stórgripaheldri girðingu, ef ábúandi Ketilsstaða III krefst þess. Stofn og viðhaldskostnaði girðingar þessarar, skal skipt eftir dýrleika jarðanna, eins og hann er á hverjum tíma, eftir gildandi fasteignabók.

Ásgeir L. Jónsson

Samþykkir skiptunum:

Ingólfur Ketilsson
Margrét Grímsdóttir
Salomon Sæmundsson
Stefán Hannesson

Nr. 1518

Ár 1949, mánudaginn 5. sept. var landskiptagerð þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 190, bls. 211-212 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.

Jón Kjartansson

Ókeypis – ríkissjóður

J.K.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Útmælt nýbýli úr Heiðarseli

Ár 1950 hinn 24. dag júlímánaðar var landskiptafundur haldinn að Heiðarseli í Kirkjubæjarhreppi af Siggeiri Lárussyni á Kirkjubæ, samkvæmt skipun sýslumannsins í Skaftafellssýslu og í hans umboði ásamt úttektarmönnum Kirkjubæjarhrepps þeim Birni hreppsstjóra Runólfssyni og Magnúsi Auðunssyni til þess að mæla út land til nýbýlis, er Árni Sigurðsson í Hólmi ætlað að reisa á téðri jörð, samkvæmt bréfi landsnámsstjóra Pálma Einarssonar dags. 17. apríl næstliðinn.

Mættir voru og við landskipti þessi, eigandi jarðarinnar Heiðarsel Skúli Jónsson í Mörtungu og ábúandi jarðarinnar Árni Jónsson. Einnig er mættur nýbýlisumsækjandi fyrnefndur Árni Sigurðsson.

Landskiptin fóru þannig fram, að mælt var óræktað en ræktanlegt land sunnan við túnið upp í brekkurnar svo langt sem fært var til ræktunar næstum suður að svonefndu Streitugili, sem er markalína á milli Heiðarsels og Heiðar. Frá þessari efri markalínu allar grundir niður að árbakka Fjaðrár, þó fritt pláss fyrir veg á árbakkanum.

Reyndist þetta land vera 14 hektarar.

Þá var og mælt út til nýbýlisins ræktað land svonefnt Fjánhústún, sem er afgirt og blettur úr gamla heimatúninu saman við bæinn, sem er satals 4 hektarar.

Er því nýbýli þessu útmælt alls af ræktanlegu og ræktuðu landi 18 hektarar auk barða og gilja, sem innan svæðisins er, en að öðru leyti er hið útmælt land samfelld.

Sett voru merki fyrir hinu útmæltu landi og hlutaðeigendum falið að fullkomna þau.

Hagbeit fylgir nýbýlinu sameiginlega í landi jarðarinnar Heiðarsels fyrir áhöfn þá, sem býlið framfleitir á hverjum tíma.

Var svo þessum landskiptum lokið.

Siggeir Lárusson

Björn Runólfsson, Magnús Auðunsson, Skúli Jónsson, Árni Sigurðsson, Árni Jónsson

Ár 1950, fimtudaginn 3. ág. var útmæling þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 191, bls. 213-214.

Skrifstofu Skaftafellssýslu 3/8. 1950

Jón Kjartansson

Ókeypis –
landnámsstjóri.

J.K.



Landaskifti milli Pjeturseyjarjarða, Nikhóls og Eyjarhóla, er fram fóru 27/7. 1949 og yfirlandskipti milli sömu jarða frá 30/5. 1950, eru innfærð í landaskiftabók fyrir Skaftafellssýslu á bls. 3-10.



Landskipti Þykkvabæjar í Kirkjubæjarhreppi

Undirritaðir eigendur og ábúendur Þykkvabæjar I og II gerum með okkur svofeld landskipti: Þykkvibær I fái austurhluta heimaengja þannig tiltekið: Sláttumótaráveita og Vellingkötlubakkinn efri alt frá stutta þvergarðinum er liggur úr Eystra-Glerauganu í Vellingkötluferveginn. Síðan skilur Vellingkötlufervegurinn milli jarðanna að Stóraskarði, en skurðurinn ræður mörkum þaðan innan engjamarca. Þykkvibær I fær Garðflóð alt, en Þykkvibær II fær allar suðurengjar. Þykkvibær I hefur heimild til að breyta girðingum við Lambhólma vegna tjarna án þess að taka af landi, nema það sem nauðsyn krefur.

Hagbeit sje skipt þannig: Óskipt sje beutiland austan stóraskurðar og suðurengja og engjatakmarka Þykkvabæjar I. Þykkvabær I hafi síðan alt þurrlandi með hólum að Hraunkotslandi og alla hóla vestan og norðan þjóðvegarins að Moldarskurði. Þykkvibær II hafi alt hólaland sunnan þjóðvegarins og Þykkvabæjarmýri vestan Stóraskurðar. Bæjarlækurinn skilur milli jarðanna og skal síðan tekin lína úr lónbotninum beint á þjóðveginn.

Viðhald Stóraskurðar hafi ábúendur Þykkvabæjarjarða að jöfnu. Að öðru leyti gilda sömu reglur um vatnsnýtingu á engjar, sem venja hefur verið. Annars hefur hvor vatnsrjettindi og skyldur á því fyrir í landi sínu landi:

Þykkvabæ 26. okt. 1950
Þorleifur Pálsson
Jón Skúlason
Valgerður Helgadóttir
F.h. Kirkjubæjarhrepps Þórarinn Helgason

Hérmeð er Þórarinn Helgasyni gefið umboð til að vera aðili við landskipti í Þykkvabæ f.h. Kirkjubæjarhrepp

Kirkjubæ á Síðu 18. okt. 1950
Siggeir Lárusson oddviti (L.S.)

Nr. 1625

Ár 1950, mánudaginn 30. okt. var landskiptagerð þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 193, bls. 215-216, og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.
Jón Kjartansson

Gjald:

Þingl. Kr. 6,00
Stimpl. Kr. 4,00
10,00

– tíu krónur

Gr. JK



Landskipti Hraunkots og Þykkvabæjarjarða.

Undirritaðir eigendur og ábúendur Hraunkots og Þykkvabæjarjarðar koma sjer saman um landskipti milli nefndra jarða þannig: Hraunkot fái hólalandið vestur að þjóðveginum og þaðan austur með Fagurhlíðarlandi að Hörgslandsmarki. Af heimaveitu fái Hraunkot alt vestan aðalgötunnar er liggur frá Harðarvallabru að Hraunkotsbrú. Annað af veitu sje óskift. Með Þykkvabæjarlandi sje tekin lína norðan við Háanónshólinn ofan Mangadals vestur að þjóðvegi.

Þykkvabæ 26. okt. 1950

Þorleifur Pálsson

Jón Skúlason

Valgerður Helgadóttir

F.h. eiganda Hraunkots Helgi Sigurðsson

F.h. Kirkjubæjarhrepps Þórarinn Helgason.

Nr. 1626

Ár 1950, mánudaginn 30. okt. var landaskiptagerð þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 194, bls. 217, og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Kirkjubæjarhrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.

Jón Kjartansson

Gjald:

Þingl. Kr. 6,00

Stimpl. Kr. 4,00

10,00

– tíu krónur

Gr. JK



Útmælt nýbýli úr Borgarfelli

Ár 1951, hinn 29. júlí, voru undirritaðir úttektarmenn Skaftártunguhrepps auk Vigfúsar Gunnarssonar, bónda að Flögu, er skipaður hafði verið oddamaður, við eftirfarandi gerð, staddir að Borgarfelli til að framkvæma landskipti milli jarðarinnar Borgarfells og nýbýlis, sem verið er að stofna úr Borgarfellslandi.

Gjörðarbeiðandi var Jón Gunnarsson, Borgarfelli, er var viðstaddur gerðina. Viðstaddir voru ennfremur Gunnar Sæmundsson, bóndi Borgarfelli og Vigfús Sæmundsson, bóndi Borgarfelli II.

Lagt var fram bréf frá landnámsstjóra, dags. 12. jan. 1951, þar sem stofnun nýbýlisins er heimiluð.

Fram fór gjörðin sem hér segir:

Fylgja skal vesturenda húsins á nýbýlinu sjónhendingu í Miðgil, þaðan í Rönkugil og með því í Skerin. Úr Skerjunum í suðurenda Borgarfells. Þaðan í syðri Fjárhúsgilsbotn og sjónhendingu þaðan syðst í Fjárhúsgil efra. Þaðan í Háaleiti að vestan og austur í Bæjargil. Sjónhending þaðan í efra húshorn að vestan.

Áætluð landsgerð 18-20 hektarar.

Gjörðin upplestin og samþykkt.

Vigfús Gunnarsson

Valgeir Helgason

Jón Pálsson

Gunnar Sæmundsson

Jón Gunnarsson

Vigfús Sæmundsson

No. 1703

Ár 1951, mánudaginn 22. okt., var landskiptagerð þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir no. 195 bls. 218 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, d.u.s.

Jón Kjartansson

Gjald:

Þingl. Kr. 7,20

Stimpl. Kr. 2,40

9,60

– níu krónur _{60/100}



Landskifti í Gröf í Skaftártunguhreppi

Ár 1932, miðvikudaginn 17. febrúar voru úttektarmenn Skaftártunguhrepps og ennfremur Vigfús Sæmundsson á Borgarfelli samkvæmt bréfi sýslumannsins í Skaftafellssýslu 12. febr. s.á. staddir að Gröf til þess að skifta túnnum og engjum þeirrar jarðar milli hinna löglegu eiganda jarðarinnar, þeirra Jóhannesar bónda Árnasonar, Gröf og og Vigfúsar bónda Gestssonar í Skálmabæ, er eiga jörðina hálfu hvor. Eigendur voru báðir viðstaddir gjörðina og þáttakendur sbr. 4. gr. laga nr. 57 31. maí 1927. Við gjörðina var að mestu hægt að fylgja fram ákvæðum ~~laganna~~ 7. gr. nefndra laga, að því er tún snertir. En engjar jarðarinnar eru mýrar til og frá innan um haga. Landamerki jarðarinnar og annarra nærliggjandi jarða eru öll glögg og skrasett sbr. Landamerkjaskrá Vestur-Skaftafellssýslu nr. 17, 22. júní 1885. Skifti voru ákveðin þannig:

A. Tún.

1. „Upptún“ norðan heimreiðar er skift til helminga og ræður lína eftir miðju túni frá austri til vesturs eftir því sem merki tilvísa.
2. „Niðurtún“ sunnan heimreiðar og fyrir sunnan bæjarrönd að Grafará innan girðingar er skift nærri til helminga frá norðri til suðurs með ákveðinni merkjalínu samkv. uppsettum merkjum.
3. Tún austan Grafará er skift í tvo hluta, annars vegar svæði norðan fjárbyrgis, svonefnt Ból, og eru merki sett um götu (veg) frá Grafará í norðvesturhorn grenisfjárbyrgis, hinsvegar Borgarhóll ásamt fjósbyrgi hinu nyrðra.
4. Túnhlutar þessir skiftast milli eigenda þannig: Jóhannes Árnason fær norðurhluta „upptúns[“] (sbr. 1. og 2.) vestan Grafará og Ból (sbr. 3) austan Grafará. Vigfús Gestsson fær suðurhluta Upptúns og austurhluta Niðurtúns (sbr. 1. og 2.) vestan Grafará og Borgarhól (sbr. 3.) austan Grafará. Skifting þessi á túni er eftir samkomulagi eigenda.

B. Engjar.

Engjar og engjahlutar skiftast þannig:

1. Markamýri með Sláttugili, Folaldamýri og þinggil. Illagil að sunnanverðu frá „Efstugötu“.
2. Bakkamýri og Berjafellsmýrar. Efri hluti Illagils, Hraunfellsmýri og Grasásgil. Hraunfellslógan
3. Slóðamýri.
4. Engidalur, Kvíslar, Moldhryggsmýri, Háamýri
5. Engjum þeim, sem taldar eru undir tölulíð B 1. og 2. er þannig skift milli eigenda til notkunar, að áraskipti eru höfð á engjum þessum þannig, að Jóhannes Árnason notar fyrsta árið þær engjar, sem taldar eru undir 2., en Vigfús Gestsson þær, er taldar eru undir 1., næsta ár gagnkvæmt o.s.frv.
6. Engjum þeim, er taldar eru undir B 3. og 4. er skift til notkunar milli eigenda þannig, að Jóhannes Árnason notar Slóðamýri (B 3.) næstu 2 ár, en Vigfús Gestsson sama tímabil þær engjar, er taldar eru undir B 4. Síðan geta eigendur ákveðið að nýju hvort þeir fylgja sömu reglu um engjar þær, er hjer um ræðir og þær, er greinir undir tölulíð 1 og 2. eða Jóhannes Árnason fær Slóðamýri til sjálfstæðrar eignar og Vigfús Gestsson Engidal ásamt Kvíslum.

C. Athugasemdir um hús m.m.

Þau hús, sem núverandi ábúandi jarðarinnar, Jóhannes Árnason á, standa óhreyfð þar sem þau nú eru, ef hann óskar næstu 7 ár. Hins vegar lánar eða selur Jóhannes Árnason Vigfúsi Gestssyni þau hús, er



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

hann (Jóh. Árnason) telur sjer ekki nauðsyn að nota, innan þess hluta túns, er Vigfús Gestsson fær í sinn hlut sbr. hjer að framan.

Gjörðin upplesin og samþykkt.

Valdimar Jónsson

Jón Pálsson

Vigfús Sæmundsson

Eftir að hafa kynt okkur framanritaða skiftagjörð, lýsum við yfir, að við erum henni í öllum atriðum samþykkir.

Jóh. Árnason

Vigfús Gestsson

Ár 1951, miðvikudaginn 14. nóvember var landskiftagerð þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 196 á bls. 219-221 og verður lesið á næsta manntalsþingi fyrir Skaftártunguhrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, d.u.s.

Jón Þorsteinsson fh.

Gjald:

Þingl. Kr. 7,20

Stimpl. Kr. 2,40

9,60

— níu kr. _{60/100} —

J.P.



Ár 1952, laugardag 31. maí, var samkvæmt brjéfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. marz s.l., landskiptafundur haldinn að Háu-Kotey í Leiðvallarhreppi af úttektarmönnum Leiðvallarhrepps, Eyjólfí Eyjólfssyni hreppstjóra að Hnausum og Marteini Jóhannssyni að Bakkakoti, er samkvæmt sjérstakri kvaðningu mætti í þetta sinn fyrir hinn úttektarmanninn, Hávarð Jónsson að Efri-Fljótum, vegna veikindaforfalla. Oddamaður við landskiptin var skipaður Björn Runólfsson, hreppstjóri að Holti, samkvæmt brjéfi sýslumanns Skaftafellssýslu, dags. 14. marz þ.á.

Voru þessir menn mættir til þess:

Að framkvæma landskipti á ríkisjörðinni (eyðijörð) Fjósakoti í Leiðvallarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, þannig, að 2/3 tjéðrar jarðar – tún engjar og ræktunarland – útmælist til nýbýlis, er Björn Erasmusson, Háu-Kotey, hefur fengið leyfi til að stofna, samkvæmt brjéfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 10. marz þ.á.

Mættir voru við landskipti þessi nýbýlisstofnandinn Björn Erasmusson, svo og notendur jarðarinnar Fjósakots: Magnús Sigurðsson, notandi að 1/3 hluta, og Gísli Erasmusson fyrir hönd Erasmusar Árnasonar, notanda að 2/3 hlutum, sem er sá hluti Fjósakots, sem úthluta ber til nýbýlisins.

Nefndin hefur kynt sjer landamerki jarðarinnar og fengið upplýsingar um, að þau sjeu ágreiningslaus (þótt þau finnist ekki sjerstaklega skrásett). En þau eru: norð-austurhornmark Kílmark í suður – af Bakkakoti. Þaðan beri stefna austast í Klaufarrúst suður að efri enda á Kílaskákum Koteyjar, og er þar hlaðin varða sem suðausturhornmark. Suðurmörkin eru þaðan í vestur, á eystri enda Mjókíls, er ræður mörkum (að sunnanverðu) og áfram í tóttarbot norður af Háu-Kotey. Vesturmörkin eru þaðan bein stefna í aðarásina, sem rennur úr mosablánunum, og þaðan áframhaldandi stefna í bæinn að „Hól“ norður að suðurmörkum Efrieyjalands, og verður þar hlaðin varða sem norðvesturmark. Norðurmörkin eru þaðan að Kílmarki.

Jörðin er ~~mætin~~ að mati frá 1861 3,9 hundruð að dýrleika (fornt mat 8 hndr., en að ~~nyju~~ mati frá 1922 4 hundruð krónur (1942 ekkert sjermat).

Landskipti þessi fóru þannig fram:

Til nýbýlisins legst:

- a. Tún í kringum hinn gamla bæ 8656 m²
- b. Ræktanlegt þurlendi austur af bæjarstæðinu að Kílamygni 18,06 ha, samfelt, sem þegar er langt komið að girða.

Eins og sakir standa er mjög erfitt að skipta slægjum jarðarinnar, svo að vel fari, þar sem þær eru mjög dreifðar um haglendi jarðarinnar. Og auk þess mun í ráði að grafnir verði þurkskurðir um landið, ekki enn rannsakað, hvar um landið þeir verði gerðir. Gæti það því orðið mjög óþægilegt fyrir hvorn jarðarpart fyrir síg að nota landið, ef skipti eru þar ákveðin nú. Hins vegar koma hlutaðeigendur, nýbýlisstofnandinn og notandi 1/3 Fjósakots, sjer saman um að skipta slægjum jarðarinnar milli sín á sama hátt og að undanfögnu, þangað til frekari skipti fara fram.

Beitlandið verður einnig að þessu sinni óskipt og til sameiginlegra nota báðum hlutaðeigendum. Þurlendi, sem álízt ræktanlegt, er til á jörðinni handa hinum notandanum móti því, sem lagt er til nýbýlisins.

Munnmæli herma, að Fjósakot hafi átt slægjur fyrir sunnan svonefnda Gljábakka (innan Koteyjarlands), og ef það kæmi fram við mælingu og skipti Koteyjarlands, að Fjósakoti bæri einhverhluti



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

af nýgræðum, sem nú eru komnar á þessum eða líkum stöðum, fær nýbýlið sama hlutfall af þeirri og öðru landi jarðarinnar (Fjóskots).

Rekarjett af Koteyjarfjöru hefur nýbýlið í sama hlutfalli og annan rjett til landsnytja af Fjósakoti (að hlutfalli 2/3 hlutum).

Landskiptum þessum lokið.

Björn Runólfsson

Eyj. Eyjólfsson

Mart. Jóhannsson

Björn Erasmusson

Magnús Sigurðsson

Gísli Erasmusson

Skiptagerð þessi er færð inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 197 á bls. 221-223.

Jón Þorsteinsson for. (L.S.)

Gjald: Ókeypis.

J.P.



Landamörk jarðarinnar Lækjarnes í Nesjahreppi eru eins og þau voru ákveðin, er Björn Eymundsson sem keypti jörðina árið 1907, að öðru leyti en því, að hann fékk síðar viðbót af landi frá Árnanesi og Hólum og liggur því markalínan vestan af Brekku í Árnaneslandi, að Langatanga í Hólalandi. Er það afmarkað með girðingu allt leið. Að austan eru mörkin frá Langatanga um hornin á Hesthólsfitjum út í fjörðinn.

Hólum 20. apríl 1954

Hjalti Jónsson

Páll Jónsson

Jóhann Albertsson

Vilmundur Jónsson

Ár 1954, þriðjudaginn 18. maí, var landskiptagerð landamerkjaskrá þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 198 á bls. 224 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Nesjahrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.

Jón Kjartansson (sign.)

Gjald:

Þingl. Kr. 25,-

Stimpl. Kr. 2,40

27,40

– tuttugu og sjö kr. 40/100

gr.



Landamerki fyrir jörðina Höfðabrekku.

Að vestan fjörumark, Kaplagarðanefið beri austast í Selfjall. Úr fjörumarki í suðvesturhorn hins svokallaða Höfðabrekkujökuls, sem eru sandhólar austur af Skiphelli. Fylgir svo austur með jöklinum að norðan, austur að stórum steini við rætur hans, en hann er suðaustur af Skiphelli. Frá þessum steini þangað sem Skiphellishamrar enda að austan. Fylgir þá fjallsrótum austur á móts við þar sem Skollastígur endar að neðan. Liggur þar upp á Hálsinn, sem hann er hæstur og svo eftir hábrúnum hans, norður á brúnina að norðan. Þá austur eftir hábrúnum fyrir sunnan Kerlingardal í vörðu. Úr henni í vörðu, að svokölluðu Klettabaki. Úr henni í steiptan stólpa við heimreiðarveg Höfðabrekku í Búðum. Úr honum 127 metra norður í steiptan hornstólpa við þjóðveginn. Úr honum beint í vörðu í Búðarskarði. Úr henni í vörðu við Merkgilsendann. Fylgir þá Merkgili og úr norðurbotni þess í upptök Súgendagils eða Illagilsbotns. Fylgir svo læknum niður með Össurheiði. Fylgir svo heiðarbrúnum og afrétti að austan norður í jökul. En sjálf Selfjall fylgi með Hvammshreppslandi.

Að austan fjörumark: Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötlusandi beri í miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða. Suðurmiðið er fremsti Reynisdrangur beri fremst í Dyrhólaey. Nú er þetta fjörumark langt uppi á sandi og á þá samkvæmt landamerkjabók V-Skaftafellssýslu landamarkið að ráða suður úr. En landamarkið er úr áðurnefndri krossamiðun og neðst í Mosaland vestan í Hafursey og þaðan beint í jökul.

Skógarhnúkur í Klaustursskógum í svonefndum Bíturshól.

10. apríl 1954

Ragnar Þorsteinsson, Höfðabrekku

Daniel Guðbrandsson, Kerlingardal

Andrés Á. Pálsson, Kerlingardal

Kjartan Leifur Markússon, Suður-Hvammi

F.h. Jóns Bárðarsonar, Vík í Mýrdal Bárður Jónsson

Oddur Sigurbergsson oddviti

Ár 1954 mánudaginn, 24. maí, var landamerkjaskrá þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 199 á bls. 224-225 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Hvammshrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.

Jón Kjartansson

Gjald:

Þingl. Kr. 25,-

Stimpl. Kr. 2,40

27,40

– tuttugu og sjö kr. 40/100



Landamerki milli Brekkna og Áss annarsvegar
og Álftagrófar Keldudals og Holts í Dyrhólahreppi, hinsvegar.

Ár 1956, sunnudaginn 30. september vorum við undirritaðir, ásamt hreppstjóra Dyrhólahrepps staddir inn á Hafursár-aurum til þess að athuga og ná samkomulagi um mörk mill Brekkna og Áss annarsvegar og Álftagrófar, Keldudals og Holts hinsvegar.

Samkomulag varð, að láta markið vera úr norðausturhorni Hvolsgirðingar austar aurinn í beina stefnu á Reyðarfoss í Dalaheiði, og eru vörður austur aurinn í þessari stefnu allt að hreppamörkum.

Ásgeir Pálsson hreppstjóri

Fyrir Ás og Brekkna: Vigfús Ólafsson, Óskar Jóhannsson, Kjartan Guðmundsson
Fyrir Álftagróf og Keldudal: Tómas Lárusson

Við undirritaðir sem ekki vorum þarna viðstaddir, erum samþykkir framanskráðu.

Fyrir Brekkur III: Halldór Jóhannsson

Fyrir Holt: F.h. ábúanda Hörður Þorsteinsson

Rétt afrit staðfestir

Ásg Pálsson (hreppstjóri)

Ár 1956, laugardaginn 27. október, var landamerkjaskrá þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 200 á bls. 226 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp

gjald:

ritlaun kr. 25

– tuttugu fimm kr. –



Herra sýslumaður!

Vegna nýbýlisins Lambleiksstaðir, var gengið til skipta á landi því er liggur norðan þjóðvegarins yfir Mýrar og allt norður í Hólmsnes í svokallaðan Selklett og austur norðan við þingshalahóla, að markalínu vestan Holtajarða. Þetta land var óskipt milli svokallaðra Einholtshjáleigujarða, en tilheyrir þeim.

Við skiptin var við hendina jarðamat frá 1861. Allir hlutaðeigendur unnu við skiptin og undirskrifuðu skiptin nema ábúandi Digurholts, Geir Filippusson.

Vegna Lambleiksstaða Einar Sigurjónsson

[Vegna] Einhólts og Hamra Sigurbergur Bjarnason

[Vegna] Brunnhóls Arnór Sigurjónsson

[Vegna] Árbæjar Sigurjón Einarsson

og vegna Digurholts ég undirritaður sem umboðsmaður.

Auk nýbýlisins voru skiptin gjörð vegna þurkunar til túnæktar í hluta hverrar einstakrar jarðar.

Skiptagjörð þessa hefi ég fært inn í skipta- og virðingarbók hreppsstjóra og dagsett 31/10. 1956.

Þetta tilkynnist yður hérmeð, herra sýslumaður.

Virðingarfylls

Kristján Benediktsson (sign.)



Undirritaðir sameigendur Hruna II í Hörgslandshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, ég Einar F. Anesson eigandi Hruna II og Elías Pálsson eigandi nýbýlisins Hruna II b, sem er 1/3 hluti Hruna II, höfum gert svofelld skifti á landi til nýbýlisins, samkv. 16. gr. laga nr. 46, 27. júní 1941, um landskiftalög.

Nýbýlið fær skifti úr ræktanlegu landi samtals 28 ha. Land þetta er í tvennum spildum og hafa hornmerki verið sett upp þannig:

1. Land umhverfis íbúðarhús nýbýlisins að stærð 15 ha, og afmarkast af nýræktartúni frá Hruna að austan og sunnan 300 m. vestur að hrauni. Að vestan takmarkast af hraunbrúninni, allt að landamerkjum milli Teygingalæks og Hruna, og að norðan takmarkast það af sömu landamerkjum.
2. Land austan nýræktartúns frá Hruna II (Landamerkjalyásing), það er príhyrningur norðaustur að því, liggja landamerkin milli Teygingalæks og Hruna, að suðaustan af áveituskurði, og að vestan af kallaður nýiskurður, og að vestan af nýræktartúni frá Hruna.

Annað land, þar með talið beitiland, eiga jarðirnar sameiginlega og á nýbýlið allan rétt til þess, svo og hlunninda, í þeim hlutföllum er áður greinir, 1/3 að frádregnu því landi, sem hér hefir verið útskift.

Skiftagerð þessi tekur gildi frá undirskriftardegi og hefur Elías Pálsson öll afnot þessa lands frá þeim tíma.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í viðurvist vitundarvotta.

Hruna 25. október 1957.

Elías Pálsson sign

Einar F. Anesson sign

Vitundarvottar:

Viðar Björgvinsson

Kjartan Jónsson

Ár 1957, þriðjudaginn 31. desember var landamerkjalyásing þessi innfærð í Landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 202 á bls. 227-228, og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp.

Skrifstofu Skaftafellssýslu d.u.s.

Jón Kjartansson (sign)

Gjald

Kr. 25,00 – tuttugu fimm kr.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

No. 203. (þingl. skjal nr. 3434)
Landskiptasamningur [Garða og Hellna II].

Við undirritaðir eigendur Garða og Hellna II í Hvammshreppi, höfum komið okkur saman um svofeld landaskipti:

Garðar fá úr landi Hellna II Leirur 15,01 ha. og Sperru 1,38 ha., en Hellur II fá í staðinn frá Görðum: Álfateiga 4,75 + 0,57 ha., tvær Garðaskakir við Hvammsa 1,29 + 2,75 ha., Oddskeldu 5,15 ha. og skák úr Bringum rúml. 1 ha.

Gert að Vík, 23. júlí 1958.

Klemens Árnason eigandi Garða

Einar Kjartansson, Geir Einarsson eigendur Hellu II

Vitundavottar:

Jón Þorsteinsson

Sig. Briem Jónsson

Ár 1958, miðvikudaginn 23. júlí, var landskiptalýsing þessi innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 203 á bls. 229 og verður lesin á næsta manntalsþingi fyrir Hvammshrepp.

Skrifst. Skaftafellssýslu, d.u.s.

Sig. Briem Jónsson

Gjald kr. 25,-

– tuttugu fimm kr.

Gr.

S.B.



Við undirritaðir lýsum hér með yfir, að landamerki milli jarðanna Bjarnanes og Brekkubæjar eru samkvæmt landskiptagjörð frá 1913 – sem nú skal greina:

Efri hluti, ofan þjóðvegjar, beitolönd. – Fra þjóðvegi, vestan við Árkvarnarhól, eru landamörkin eftir garði – austan við gamla Taðhólsnátthaga – í horn vestan við Árkvarnarhól, þaðan eftir garði, stuttan spöl í horn vestar. Úr horni þessu eru mörkin bein lína – um brekkuna austan í Arnarbæli og neðst í Breiðhól – í hæzta klett í Eystra-Skjólhraun og þaðan í fjall upp (Ketillaugarfjall). Á þessari línu er nú girðing – víðast garðar – úr síðarnefndu horni í Breiðhól neðst. – Neðan við áðurnefndan þjóðveg ræður Álakelda mörkum, milli túnanna. Milli engja ræður girðing (garður) mörkum yfir Kirkjumýri og Rima í Bakkakíl. Þaðan ræður Bakkakíll mörkum, norðan við Brekkubæjarrima og Austur-Buga, vestur í Rot. – Í Bugum og Rotum ræður bein lína – sjónhending – úr markþúfu vestast í Sandhólma – stuttan spöl neðan við gamalt vað – í klett, neðst í Stekknum við Stekkarot og mætir þar í Rotunum áðurnefndri línu úr Bakkakíl. Milli Bjarnanessands og Sandhólma ræður kílræsi mörkum, vestan við lítinn hólma, suður í Rot.

Bjarnanesi, 15 desember 1958

Fyrir Bjarnanes Rögnvaldur Finnbogason sóknarprestur

Fyrir Brekkubæ Bjarni Bjarnason